

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 926/2015 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætast nýir stafliðir, svohljóðandi:

- e. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflogi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- f. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/270 frá 25. febrúar 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi fyrir almannaflog ásamt stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og um leiðréttingu á þeirri reglugerð.
- g. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1159 frá 5. ágúst 2020 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) 2015/640 að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna.
- h. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/700 frá 26. mars 2021 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar viðhaldsgögn og ísetningu tiltekinna loftfarsíhluta meðan á viðhaldi stendur.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerðir (ESB) 2019/1383, (ESB) 2020/270, (ESB) 2020/1159 og (ESB) 2021/700, sem nefndar eru í 1. gr., eru birtar sem fylgiskjöl við reglugerð þessa.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. mgr. 28. gr., sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 5. maí 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal 1.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1383**

frá 8. júlí 2019

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflogi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽²⁾ eru reglur um viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi tiltekinn loftfara. Með tilliti til meðalhófs er nauðsynlegt að breyta þessum reglum með því að innleiða einfaldaðar kröfur í samræmi við minni áhættu sem tengist léttum loftförum í almannaflogi sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 ⁽³⁾. Í því skyni ætti að innleiða nýjar kröfur til að tryggja lofthæfi slíks loftfars. Þessar kröfur ættu að vera vægari en núverandi kröfur að því er varðar viðhaldsáætlanir loftfara, staðfestingar á lofthæfi og lagfæringar bilana sem slegið hefur verið á frest. Ef slíkar viðhaldskröfur myndu gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför ættu þær ekki að koma í veg fyrir að eigandi slíks loftfars semji við viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt skv. II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, um að taka að sér viðhaldsverkefni.
- 2) Innleiða ætti nýjan reglubálk til að auka sveigjanleika varðandi skilgreiningu og framkvæmd viðhaldsáætlunar loftfars fyrir önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008. Af þessum sökum ætti að innleiða nýtt samþykki fyrir fyrirtæki með vægari kröfum og samsettum réttindum að því er varðar viðhald, stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi.
- 3) Samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽⁴⁾ eru handhafar flugrekandaskírteinis, nú sem stendur, skyldugir til að innleiða stjórnunarkerfi, þ.m.t. verklag við stjórnun öryggisáættu í tengslum við starfsemi sína. Ein tegund slíkrar starfsemi er stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaraflota þeirra sem þeirra eigið fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki) framkvæmir og er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014. Hins vegar er ekki að finna, sem stendur, neinar kröfur í G-kafla I. viðauka um stjórnun öryggisáættu innan CAMO-fyrirtækisins. Því ætti að innleiða stjórnunarkerfi CAMO-fyrirtækja, þ.m.t. stjórnun öryggisáættu fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem handhafar flugrekandaskírteina nota. Stjórnunarkerfið ætti að gilda um öll CAMO-fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- 4) Kveða ætti á um nægilegt umbreytingartímabil fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og ihluta til að tryggja að farið sé að þeim nýju reglum og verklagsreglum sem innleiddar eru með þessari reglugerð.
- 5) Í þeim tilgangi að tryggja að hóflegar reglur gildi um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ættu meginreglur um öryggisstjórnun ekki að gilda um fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (e. *combined airworthiness organisation*, CAO).
- 6) Að auki er einnig viðeigandi að aðlaga kröfurnar, sem gilda um lögbær yfirvöld, að frampróun hugmyndafræði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um öryggisstjórnun, einkum að því er varðar innleiðingu stjórnunarkerfis fyrir yfirvöld, sem og framkvæmd flugöryggisáætlunar ríkisins og tryggja samræmingu á milli þessara yfirvalda.
- 7) Rangt lofthæfimat fyrir loftfarið, sökum ófullgerðra skráa um áframhaldandi lofthæfi, getur haft í för með sér áhættu fyrir flugöryggi. Því ætti að breyta gildandi reglum varðandi skrár um áframhaldandi lofthæfi.
- 8) Leiðréttu ætti nokkrar ritstjórnarvillur sem hafa haft í för með sér vandkvæði við túlkun tiltekinnna ákvæða í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjómáslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

- 10) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álit nr. 05/2016 ⁽⁵⁾, nr. 06/2016 ⁽⁶⁾ og nr. 13/2016 ⁽⁷⁾ sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 ⁽⁸⁾.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Kröfur um áframhaldandi lofthæfi

1. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau í samræmi við kröfurnar í I. viðauka (M-hluta), að undanskildum þeim loftförum sem skráð eru í fyrstu undirgrein 2. mgr. en kröfurnar í V. viðauka b (ML-hluta) skulu gilda um þau.

2. Kröfurnar í V. viðauka b (ML-hluta) skulu gilda um eftirfarandi loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför:

- flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er 2730 kg eða minni,
- þyrlvængjur með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega,
- önnur ELA2-loftför.

Ef þau loftför sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skulu kröfurnar í I. viðauka (M-hluta) gilda.

3. Til að unnt sé að skrá loftförin, sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr., í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skulu þau uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- lögbert yfirvald hefur samþykkt viðhaldsáætlun þeirra í samræmi við lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta),
- tilhlýðilegt viðhald, sem krafist er samkvæmt viðhaldsáætluninni sem um getur í a-lið, hefur farið fram og verið vottað í samræmi við liði 145.A.48 og 145.A.50 í II. viðauka (145. hluta),
- staðfesting á lofthæfi hefur farið fram og nýtt lofthæfistaðfestingarvottorð hefur verið gefið út í samræmi við lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta).

4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skal tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í a-lið 1. gr., sem gefið hefur verið út flugleyfi fyrir, á grundvelli sérstaks fyrirkomulags um áframhaldandi lofthæfi, eins og það er skilgreint í flugleyfinu sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 (*).

5. Viðhaldsáætlanir fyrir loftförin, sem um getur í a-lið 1. gr. og uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta), sem voru í gildi fyrir 24. september 2019, skulu teljast uppfylla kröfurnar, sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) eða lið M.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í samræmi við 1. og 2. mgr.

6. Flugrekendur skulu tryggja áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem um getur í b-lið 1. gr., og íhluta til ísetningar í þau í samræmi við kröfur í V. viðauka a (T-hluta).

7. Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi fjölhreyflaflugvéla með skráðan hámarksflugtaksmassa sem er 5700 kg eða minni og sem eru búnar skráðum hreyflum í samræmi við kröfurnar sem gilda um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, eins og sett er fram í liðum M.A.201, M.A.301, M.A.302, M.A.601 og M.A.803 í I. viðauka (M-hluta), lið 145.A.30 í II. viðauka (145. hluta), liðum 66.A.5, 66.A.30, 66.A.70, V. og VI. viðbæti við III. viðauka (66. hluta), lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), lið CAO.A.010 og I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta), að því marki að þær gildi um loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför.

(* Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisstöðugt loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“

- 2) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

⁽⁵⁾ Álit nr. 05/2016: Starfshópur um endurskoðun á M-hluta fyrir almannflug (*Task force for the review of Part-M for General Aviation*).

⁽⁶⁾ Álit nr. 06/2016: Kröfur um öryggisstjórnarkerfi (SMS) eru felldar inn í M-hluta reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 (*Embodiment of safety management system (SMS) requirements into Commission Regulation (EU) No 1321/2014 — SMS in Part-M*).

⁽⁷⁾ Álit nr. 13/2016: Tæknileg gögn (*Technical records*).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1).

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurmar í II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir l. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Þessi samþykki skulu gilda til og með 24. september 2021.

3. Samþykki fyrir viðhaldi, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurmar í II. viðauka (145. hluta) við þessa reglugerð.

4. Fyrirtæki sem hafa gilt samþykki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta) skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í 1. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta).

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-þætti V. viðauka d (CAO-hluta).

Fyrirtækinu er heimilt að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum V. viðauka d (CAO-hluta) fram til 24. september 2021. Ef ekki hefur verið ráðin bót á frávikumum eftir þann dag skal samþykkið afturkallað.

Þar til fyrirtækið fer að ákvæðum V. viðauka d (CAO-hluta) eða fram til 24. september 2021, hvort sem ber fyrir að, skal það vottað og haft eftirlit með því í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), eftir því sem við á.

5. Samþykki fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem eru í gildi og gefin út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu talin útgefin í samræmi við V. viðauka d (CAMO-hluta).

Fyrirtækið má ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum V. viðauka c (CAMO-hluta) fram til 24. september 2021.

Ef fyrirtækið hefur ráðið bót á frávikumum fyrir þann dag skal lögbæra yfirvaldið gefa út nýtt samþykkisvottorð á eyðublaði nr. 14 í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta). Ef ekki hefur verið ráðin bót á frávikumum eftir þann dag skal samþykkið afturkallað.

Þar til fyrirtækið fer að ákvæðum V. viðauka c (CAMO-hluta) eða fram til 24. september 2021, hvort sem ber fyrir að, skal það vottað og haft eftirlit með því í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta).

6. Lítið skal svo á að viðhaldsvottorð og opinber viðhaldsvottorð, sem eru gefin út fyrir 28. október 2008 af viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við kröfurmar sem mælt er fyrir um í landslögum þess aðildarríkis þar sem fyrirtækið hefur staðfestu fyrir loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför sem ekki eru notuð í flutningaflugi, þ.m.t. alla íhluti til ísetningar í þau, hafi verið gefin út í samræmi við liði M.A.801, M.A.802 í I. viðauka (M-hluta) og lið 145.A.50 í II. viðauka (145. hluta).

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumedeðferð á sviði flugmála (Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

3) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðhaldsvottar skulu hafa réttindi í samræmi við kröfur III. viðauka (66. hluta) nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, d-lið M.A.901 og í M.A.803 í I. viðauka og í c-lið ML.A.801 og ML.A.803 í V. viðauka b (ML-hluta), í d-lið CAO.A.035 og b-lið CAO.A.040 í V. viðauka d (CAO-hluta) og í j-lið 145.A.30 og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“

4) Eftirfarandi 7. gr. a bætist við:

„7. gr. a

Lögbær yfirvöld

1. Ef aðildarríki tilnefnir fleiri en eina stofnun sem lögbært yfirvald, sem hefur nauðsynlegar heimildir og er falið ábyrgð á vottun og eftirliti með aðilum og fyrirtækjum sem falla undir þessa reglugerð, skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

- skilgreina skal með skýrum hætti valdsvið hvers lögbærs yfirvalds með tilliti til ábyrgðar og landfræðilegra takmarkana,
- koma skal á samstarfi á milli þessara yfirvalda til að tryggja skilvirka vottun og skilvirkt eftirlit með öllum fyrirtækjum og aðilum, sem falla undir þessa reglugerð, innan viðkomandi valdsviðs þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda sinni ekki vottunar- og eftirlitsstarfsemi þegar líkur eru á að hagsmunaaðreksrar komi upp, beint eða óbeint, sérstaklega hagsmunir sem tengjast fjölskyldu eða fjárhag.

3. Ef nauðsynlegt er að framkvæma vottunar- eða eftirlitsverkefni, samkvæmt þessari reglugerð, skulu lögbær yfirvöld hafa valdheimildir til:

- a) að rannsaka skrár, gögn, verklagsreglur og annað efni sem viðkemur framkvæmd verkefna er lúta að vottun og/eða eftirliti,
 - b) að taka afrit af eða gera útdrátt úr slíkum skrár, gögnum, verklagsreglum og öðru efni,
 - c) að óska eftir munnlegum skýringum á staðnum frá starfsfólki þessara fyrirtækja,
 - d) að fá aðgang að viðkomandi athafnasvæði, starfrækslusvæði eða flutningatækjum sem þeir aðilar eiga eða nota,
 - e) að framkvæma úttektir, rannsóknir, mat, skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, að því er varðar þessi fyrirtæki,
 - f) að gera framfylgdarráðstafanir eða hrinda þeim í framkvæmd, eins og við á.
4. Valdheimildirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu nýttar í samræmi við lagaákvæði viðkomandi aðildarríkis.“
- 5) Ákvæði 9. gr. falla brott.
 - 6) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
 - 7) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
 - 8) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
 - 9) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
 - 10) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
 - 11) Texti VI. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki b.
 - 12) Texti VII. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki c.
 - 13) Texti VIII. viðauka við þessa reglugerð er felldur inn sem V. viðauki d.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2020.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Efnisyfirliti er breytt sem hér segir:

„EFNISYFIRLIT

M.1

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

M.A.101 Gildissvið

B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA

M.A.201 Ábyrgð

M.A.202 Tilkynning atvika

C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

M.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

M.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

M.A.303 Lofthæfifyirmæli

M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

M.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

M.A.306 Tækniflugbók loftfars

M.A.307 Afhending skráa loftfara um áframhaldandi lofthæfi

D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR

M.A.401 Viðhaldsgögn

M.A.402 Framkvæmd viðhalds

M.A.403 Bilun í loftfari

E-KAFLI — ÍHLUTIR

M.A.501 Flokkun og ísetning

M.A.502 Viðhald íhluta

M.A.503 Hlutar með tiltekinn endingartíma (e. *life-limited parts*) og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun (e. *time-controlled components*)

M.A.504 Aðskilnaður íhluta

F-KAFLI — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

M.A.601 Gildissvið

M.A.602 Umsókn

M.A.603 Umfang samþykkis

M.A.604 Handbók viðhaldsfyrirtækja

M.A.605 Aðstaða

M.A.606 Kröfur varðandi starfsfólk

M.A.607 Viðhaldsvottar og starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

M.A.608 Íhlutir, búnaður og verkfæri

M.A.609 Viðhaldsgögn

M.A.610 Verkeiðnir um viðhald

M.A.611 Viðhaldsstaðlar

M.A.612 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

M.A.613 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

M.A.614 Viðhaldsskrár og skrár yfir staðfestingu á lofthæfi

M.A.615 Réttindi fyrirtækisins

- M.A.616 Úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)
- M.A.617 Breytingar á samþykktu viðhaldsfyrirtæki
- M.A.618 Áframhaldandi gildi samþykkis
- M.A.619 Frávik
- G-KAFLI — FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
- M.A.701 Gildissvið
- M.A.702 Umsókn
- M.A.703 Umfang samþykkis
- M.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- M.A.705 Aðstaða
- M.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk
- M.A.707 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi
- M.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- M.A.709 Skjöl
- M.A.710 Staðfesting á lofthæfi
- M.A.711 Réttindi fyrirtækisins
- M.A.712 Gæðakerfi
- M.A.713 Breytingar á samþykktu fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- M.A.714 Skráahald
- M.A.715 Áframhaldandi gildi samþykkis
- M.A.716 Frávik
- H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ
- M.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför
- M.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti
- M.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars
- I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ
- M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara
- M.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingavottorðs
- M.A.903 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB
- M.A.904 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB
- M.A.905 Frávik
- B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD
- A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI
- M.B.101 Gildissvið
- M.B.102 Lögbært yfirvald
- M.B.103 Frávik og framfylgdarráðstafanir – aðilar
- M.B.104 Skráahald
- M.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum
- B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA
- M.B.201 Ábyrgð
- M.B.202 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar
- C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
- M.B.301 Viðhaldsáætlun loftfars
- M.B.302 Undanþágur

- M.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara
- M.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir
- M.B.305 Tækniflugbók loftfars
- D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR
- E-KAFLI — ÍHLUTIR
- F-KAFLI — VIÐHALDSFYRIRTÆKI
- M.B.601 Umsókn
- M.B.602 Fyrsta samþykki
- M.B.603 Útgáfa samþykkis
- M.B.604 Samfelld eftirlit
- M.B.605 Frávik
- M.B.606 Breytingar
- M.B.607 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis
- G-KAFLI — FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
- M.B.701 Umsókn
- M.B.702 Fyrsta samþykki
- M.B.703 Útgáfa samþykkis
- M.B.704 Samfelld eftirlit
- M.B.705 Frávik
- M.B.706 Breytingar
- M.B.707 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun samþykkis
- H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ
- I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ
- M.B.901 Mat á tilmælum
- M.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi
- M.B.903 Frávik
- M.B.904 Upplýsingaskipti
- I. viðbætur — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- II. viðbætur — Opinbert viðhaldsvottorð — EASA-eyðublað nr. 1
- III. viðbætur — Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15
- IV. viðbætur — Flokka- og áritunarkerfi fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) og II. viðauka (145. hluta)
- V. viðbætur — Samþykki fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta)
- VII. viðbætur — Flókin viðhaldsverkefni
- VIII. viðbætur — Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins“.
- 2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið M.1:
- a) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:
- „3. þegar um er að ræða samþykki viðhaldsáætlunar loftfarsins (AMP), eitt af eftirfarandi:
- i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem loftfarið er skráð, tilnefnir,
- ii. ef komist hefur verið að samkomulagi við skráningaraðildarríkið um það áður en viðhaldsáætlun loftfarsins er samþykkt, eitt af eftirfarandi:
- a) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar, tilnefnir eða, ef hann hefur engar höfuðstöðvar, yfirvald sem aðildarríkið, þar sem flugrekandinn hefur staðfestu eða fasta búsetu, tilnefnir,
- b) yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða með fyrirtækinu sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við, í samræmi við 1. lið i-liðar M.A.201.“
- b) Ákvæði 4. liðar falla brott.
- 3) Í stað liðar M.A.101 kemur eftirfarandi:
- „M.A.101 **Gildissvið**

Í þessum þætti er kveðið á um ráðstafanir sem á að gera til að tryggja að lofthæfi loftfarsins sé haldið við, þ.m.t. viðhaldi þess. Einnig eru tilgreind þau skilyrði sem aðilar eða fyrirtæki, sem koma að slíkri starfsemi, þurfa að uppfylla.“

4) Í stað a-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:

„a) Eigandi loftfarsins skal bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi þess og tryggja að ekkert flug fari fram nema allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

- 1) lofffarið sé í lofthæfu ástandi,
- 2) öll rekstrartæki og neyðarbúnaður séu rétt ísett og nothæf eða skýrt auðkennd sem ónothæf,
- 3) lofthæfivottorðið sé gilt,
- 4) viðhald á loftfarinu sé í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins sem tilgreind er í M.A.302.“

5) Í stað d- til i-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:

„d) Flugstjórnin eða, ef um er að ræða loffför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, flugrekandinn skal bera ábyrgð á því að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin réttindi skal annast þá skoðun og ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar annist hana.

e) Þegar um er að ræða loffför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 skal flugrekandinn bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

- 1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki sem fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki), skv. V. viðauka c (CAMO-hluta), sem hluta af flugrekandaskírteini hans fyrir lofffarið sem hann starfrækir,
- 3) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða gera skriflegan samning í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) við fyrirtæki sem hefur verið samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

f) Að því er varðar flókin, vélknúin loffför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni, við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki sjálfur hlotið samþykki í samræmi við þann þátt skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta),
- 3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loffförum og ihlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

g) Að því er varðar flókin, vélknúin loffför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:

- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta); ef eigandinn hefur ekki verið samþykktur sem CAMO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta),
- 3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loffförum og ihlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

h) Að því er varðar loffför, önnur en flókin, vélknúin loffför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) að verkefnin, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða fyrirtæki, sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki), sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d; ef flugrekandinn er ekki sjálfur samþykktur sem CAMO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða sem CAO-fyrirtæki, í samræmi við V. viðauka d, skal hann gera skriflegan samning, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við CAMO-fyrirtæki,

sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), eða CAO-fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta),

- 3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla M-hluta þessa viðauka eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla M-hluta þessa viðauka eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.
- i) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við takmarkaða starfrækslu, skal eigandinn tryggja að flug fari ekki fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn annaðhvort:
 - 1) setja verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.301, í hendur CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis með því að gera við þau skriflegan samning í samræmi við I. viðbæti,
 - 2) eða framkvæma þau verkefni sjálfur.

Ef eigandinn velur að framkvæma þau verkefni sjálfur getur hann einungis ákveðið að framkvæma ekki verkefni er varða þróun og úrvinnslu samþykkis viðhaldsáætlunar loftfarsins ef CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki framkvæmir þau á grundvelli skriflegs samnings í samræmi við M.A.302.“
- 6) Í stað liðar M.A.202 kemur eftirfarandi:

„M.A.202 Tilkyning atvika

- a) Án þess að hafa áhrif á tilkynningarskylduna, sem sett er fram í II. viðauka (145. hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta), skal sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð í samræmi við M.A.201, tilkynna um hvers konar ástand loftfars eða íhlutar, sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu, til:
 - 1) lögbæra yfirvaldsins, sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefni, og, ef það er annað en skráningaraðildarríkið, lögbæra yfirvaldsins sem aðildarríki flugrekandans tilnefni,
 - 2) fyrirtækisins sem ber ábyrgð á tegundarhönnuninni eða viðbótartegundarhönnuninni.
- b) Tilkynningarnar, sem um getur í a-lið, skulu skráðar á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í a-lið, ákveður og hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem aðilinn eða fyrirtækið, sem sendir tilkynninguna, hefur öðlast vitneskju um.
- c) Ef viðhald eða staðfesting á lofthæfi loftfarsins er framkvæmd á grundvelli skriflegs samnings skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi, einnig tilkynna eigandanum og flugrekanda loftfarsins og, ef um er að ræða einhvern annan, viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki um hvers konar ástand sem um getur í a-lið.
- d) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram tilkynningarnar, sem um getur í a- og c-lið, eins og fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að aðilinn eða fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- e) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram eftirfylgniskýrslu til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem aðilinn eða fyrirtækið ætla að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Leggja skal fram eftirfylgniskýrsluna á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður.“

- 7) Í stað M.A.301 og M.A.302 kemur eftirfarandi:

„M.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfara og að rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf með því að:

- a) láta fara fram fyrirflugsskoðanir,
- b) lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið M.A.304 og M.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef þeir eru fyrir hendi,
- c) láta framkvæma allt viðhald í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins, sem um getur í M.A.302,
- d) votta að öllu viðhaldi sé lokið í samræmi við H-kafla,
- e) gera úttekt á skilvirkni samþykkrar viðhaldsáætlunar loftfars, sem um getur í M.A.302, að því er varðar öll flókin, vélknúin loftför eða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008,
- f) hlíta, eftir því sem við á:
 - 1) lofthæfifyirmælum,
 - 2) rekstrarfyrirmælum sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi,
 - 3) kröfum sem Flugöryggisstofnunin setur um áframhaldandi lofthæfi,
 - 4) ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrir máli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,
- g) framkvæma breytingar og viðgerðir í samræmi við M.A.304,
- h) afhenda flugstjóranum eða flugrekandanum, ef um er að ræða flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, gildandi massa- og jafnvægissskýrslu sem endurspeglar gildandi útfærslu loftfarsins,

- i) láta fara fram reynsluflug vegna viðhalds, þegar þörf krefur.

M.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

- a) Skipuleggja skal viðhald allra loftfara í samræmi við viðhaldsáætlun loftfars.
 b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og síðari breytingar á henni skulu hljóta samþykki lögbærs yfirvalds.
 c) Þegar CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða þegar skriflegur samningur hefur verið gerður á milli eigandans og CAMO- eða CAO-fyrirtækis, í samræmi við 1. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.

Í því tilviki skal hlutaðeigandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki ákvarða málsmeðferð við óbeint samþykki sem hluta af starfsemis lýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME), sem um getur í CAMO.A.300 í V. viðauka c, eða sem hluta af starfsemis lýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), sem um getur í CAO.A.025 í V. viðauka d, og skal lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á þessu CAMO- eða CAO-fyrirtæki, samþykkja hana.

Málsmeðferðinni um óbeint samþykki skal einungis beitt þegar hlutaðeigandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki er undir eftirliti skráningaraðildarríkis loftfarsins nema skriflegur samningur hafi verið gerður í samræmi við 3. lið í M.1 þar sem ábyrgðin á samþykki viðhaldsáætlunar loftfars færist yfir til lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

- d) Í viðhaldsáætlun loftfarsins skal sýnt fram á að farið sé að:
- 1) leiðbeiningunum sem lögbært yfirvald gefur út,
 - 2) leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi:
 - i. sem handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs, samþykkis fyrir hönnun meiri háttar viðgerðar, evrópskrar tækniforskriftarheimildar eða hvers konar annarra viðeigandi samþykkja gefa út skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 - ii. sem felldar eru inn í vottunarforskriftirnar, sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef við á.
- e) Þrátt fyrir d-lið er eigandanum eða fyrirtækinu, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, heimilt að víkja frá fyrirmælunum, sem um getur í 2. lið d-liðar, og leggja til að lengja tímann á milli viðhaldsverkefna í viðhaldsáætlun loftfarsins, á grundvelli gagna sem fengin eru úr endurskoðunum sem framkvæmdar eru með fullnægjandi hætti í samræmi við h-lið. Ekki er heimilt að beita óbeinu samþykki til að lengja tímann á milli öryggistengdra verkefna. Eigandinn eða fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars, er einnig heimilt að leggja til viðbótartegundarleiðbeiningar í viðhaldsáætlun loftfarsins.
- f) Í viðhaldsáætlun loftfarsins skulu koma fram upplýsingar um allt viðhald sem framkvæma á, þ.m.t. hversu oft það skal framkvæmt, ásamt öllum sértækum verkefnum sem tengjast tegund og sérhæfni rekstrarins.
- g) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför skal áreiðanleikaáætlun vera innifalin í viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún byggist á reglum viðhaldsstýrihóps eða vöktun ásigkomulags.
- h) Viðhaldsáætlun loftfarsins skal háð reglubundinni endurskoðun og skal henni breytt til samræmis við það, þegar þörf krefur. Þessar endurskoðanir skulu tryggja að haldið sé áfram að halda viðhaldsáætlun loftfarsins uppfærðri og að hún haldi gildi sínu í ljósi reynslu af starfrækslu og leiðbeiningum frá lögbæru yfirvaldi samtímis því að tillit sé tekið til nýrra eða breyttra viðhaldsleiðbeininga, sem handhafar tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða gefa út, og allra annarra fyrirtækja sem birta slík gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 8) Í stað liðar M.A.304 kemur eftirfarandi:

„M.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

Aðili eða fyrirtæki sem gerir við loftfar eða ihlut skal meta allar mögulegar skemmdir. Við breytingar og viðgerðir skal stöðjast við eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

- a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir,
- b) gögn sem hönnunarfyrirtæki, sem uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samþykkir,
- c) gögn sem er að finna í kröfunum sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“

- 9) Í stað liðar M.A.305 kemur eftirfarandi:

„M.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

- a) Að loknu hvers konar viðhaldi skal færa viðhaldsvottorð loftfars, sem krafist er samkvæmt M.A.801 eða 145.A.50, eftir því sem við á, í skráakerfið loftfara fyrir áframhaldandi lofthæfi eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 30 dögum eftir lok viðhaldsins.
- b) Skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara skal innihalda eftirfarandi:
 1. skráningardag, heildarvottorðartíma sem er uppsafnaður í viðeigandi breytu fyrir loftfar, hreyfil/hreyfla og/eða skráfu/skrúfur,
 2. skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi, sem lýst er í c- og d- lið hér á eftir, ásamt sundurliðaðri viðhaldsskrá sem lýst er í e-lið hér á eftir,
 3. tækniflugbók loftfarsins þegar þess er krafist samkvæmt M.A.306.

- c) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu taka til gildandi massa- og jafnvæggisskýrslu og gildandi stöðu á:
1. lofthæfifyrirmælum og ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,
 2. breytingum og viðgerðum,
 3. hlítmi við viðhaldsáætlun loftfarsins,
 4. viðhaldsverkefnum og viðgerðum bilana sem slegið hefur verið á frest.
- d) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu taka til gildandi stöðu sem á sérstaklega við um íhluti í:
1. hluta með tiltekinn endingartíma, þ.m.t. uppsafnaður endingartími hvers hluta sem verður fyrir áhrifum í tengslum við gildandi breytu vegna takmarkana á lofthæfi og
 2. loftfarsíhluti sem eru háðir tímastýrðri notkun þ.m.t. uppsafnaður endingartími fyrir viðeigandi breytu að því er varðar hvern íhlut sem verður fyrir áhrifum, frá síðasta reglubundna viðhaldi, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins.
- e) Eigandinn eða flugrekandinn skal koma á fót kerfi til að halda eftirfarandi skjölum og gögnum á því formi sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi og fyrir þau tímabil sem tilgreind eru hér á eftir:
1. tækniflugbók loftfars: tækniflugbók eða önnur gögn sem eru sambærileg að því er varðar umfang og nákvæmni og ná yfir 36 mánaða tímabil áður en síðasta færsla er skráð,
 2. viðhaldsvottorðið og sundurliðuð viðhaldsskrá:
 - i. sem sýna að farið sé að lofthæfifyrirmælum og ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda sem varðar loftfarið, hreyfilinn/hreyflana, skráfuna/skrúfurnar og íhluti sem settir eru í loftfarið, eins og við á, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna og sem taka til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,
 - ii. sem sýna að farið sé að viðeigandi gögnum í samræmi við M.A.304 fyrir gildandi breytingar og viðgerðir á loftfarinu, hreyflinum/hreyflunum, skráfunni/skrúfunum og öllum íhlutum sem falla undir takmarkanir á lofthæfi og
 - iii. fyrir allt reglubundið viðhald eða annað viðhald, sem krafist er fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, hreyfilsins/hreyflanna, skráfunnar/skrúfnanna, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna en sem taka til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,
 3. gögn sem varða sérstaklega tiltekna íhluti:
 - i. skrá um notkun hvers hluta með takmarkaðan endingartíma en á því byggist ákvörðun um gildandi stöðu um hvort farið sé að kröfum um takmarkanir á lofthæfi,
 - ii. viðhaldsvottorðið og sundurliðuð viðhaldsskrár fyrir síðasta reglubundna viðhaldið og allt síðara óreglubundið viðhald allra hluta með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhluta, sem eru háðir tímastýrðri notkun, þar til í stað áætlaðs viðhalds á íhlutum og hlutum hefur komið annað áætlað viðhald sem er jafn umfangsmikið og nákvæmt og hið fyrra en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,
 - iii. viðhaldsvottorðið og yfirlýsing eiganda um samþykki fyrir alla íhluti sem eru uppsettir í ELA2-loftfar án EASA-eyðublaðs nr. 1, í samræmi við c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir,
 4. skráahaldstímabil þegar loftfarið er endanlega tekið úr umferð:
 - i. gögnin sem krafist er skv. 1. lið b-liðar í M.A.305, að því er varðar loftför, hreyfil/hreyfla og skráfu/skrúfur, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði,
 - ii. síðasta skilvirka stöðuyfirlitið og síðustu skýrslurnar, eins og tilgreint er í c- og d-lið í M.A.305, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði og
 - iii. nýjustu viðhaldsvottorðin og sundurliðuð viðhaldsskrár, eins og tilgreint er í ii. lið 2. liðar e-liðar og i. lið 3. liðar e-liðar í M.A.305, sem skal varðveita í a.m.k. 12 mánuði.
- f) Aðillinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórn verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi samkvæmt M.A.201, skal uppfylla kröfurnar varðandi skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara og láta lögbærum yfirvöldum þær í té að beiðni þeirra.
- g) Allar færslur í skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara skulu vera skýrar og nákvæmar. Þegar nauðsynlegt er að leiðrétta færslu skal leiðréttingin gerð á þann hátt að upprunalega færslan komi skýrt fram.“
- 10) Í stað inngangssetningarinnar í a-lið M.A.306 kemur eftirfarandi:
- „a) Þegar um er að ræða flutningaflug, sérstaka starfrækslu í ábataskyni og samþykkt þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn, auk þess að uppfylla kröfurnar í M.A.305, færa í tækniflugbókina eftirfarandi upplýsingar um hvert loftfar:“
- 11) Í stað b-liðar í M.A.306 kemur eftirfarandi:

- „b) Fyrsta útgáfa tækniflugbókar loftfars skal hljóta samþykki lögbærs yfirvalds í samræmi við CAMO.A.105 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða 1. lið CAO.1 í V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á. Öllum síðari breytingum á tækniflugbókinni skal stjórnað í samræmi við c-lið CAMO.A.300 eða c-lið CAO.A.025.“
- 12) Í M.A.306 fellur c-liður brott.
- 13) Í stað liðar M.A.307 kemur eftirfarandi:
- „a) Þegar loftfar er endanlega fært frá einum eiganda eða flugrekanda til annars skal eigandinn eða flugrekandinn, sem sá um yfirfærsluna, tryggja að einnig sé afhentar skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.306, og, ef við á, tækniflugbókin sem um getur í M.A.305.
- b) Geri eigandinn samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það taki að sér verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hann sjá til þess að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í M.A.305, séu afhentar því verktakafyrirtæki.
- c) Frestirnir um varðveislu skráa, sem settir eru fram í e-lið M.A.305, skulu gilda áfram um nýja eigandann, flugrekandann, CAMO- eða CAO-fyrirtækið.“
- 14) Í stað d-liðar M.A.403 kemur eftirfarandi:
- „d) Skrá skal allar bilanir, sem eru ekki lagfærðar fyrir flug, í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem um getur í M.A.305, eða í tækniflugbók loftfars, sem um getur í M.A.306, eftir því sem við á.“
- 15) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:
- „1) Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).“
- 16) Í stað 3. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:
- „3) Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir lögboðinn endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.“
- 17) Í stað liðar M.A.502 kemur eftirfarandi:
- „M.A.502 Viðhald íhluta**
- a) Viðhaldsfyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á, skulu framkvæma viðhald íhluta.
- b) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald hans sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 2. lið b-liðar í M.A.801. Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku viðhaldsfyrirtæki loftfars eða viðhaldsvottum er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.
- c) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í hreyflinum eða aukaafstöð (APU), að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis fyrir hreyfla, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta). Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils eða aukaafstöðvar eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku fyrirtæki með heimildir í B-flokki er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutnum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.
- Ákvæði a- til c-liðar hér að framan skulu ekki gilda um íhlutina, sem um getur í c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- d) Viðhald íhluta, sem um getur í c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutnum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801 eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 3. lið b-liðar M.A.801. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.“
- 18) Í stað liðar M.A.503 kemur eftirfarandi:
- „M.A.503 Hlutur með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun**
- a) Ísettir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun skulu ekki fara yfir samþykktan endingartíma, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins og í lofthæfifyrirmælum, nema eins og kveðið er á um í c-lið M.A.504.
- b) Þegar samþykktur endingartími rennur út skal fjarlægja íhlutinn úr loftfarinu til viðhalds eða förgunar þegar um er að ræða hluta með tiltekinn endingartíma.“
- 19) Í stað b-liðar í M.A.504 kemur eftirfarandi:

- „b) Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema lögboðinn endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 20) Í stað a- og b-liðar M.A.603 kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrirtæki sem fæst við starfsemi sem fellur undir þennan kafla skal ekki stunda starfsemina nema að fengnu samþykki lögbæra yfirvaldsins. Í þeim tilgangi skal lögbæra yfirvaldið nota eyðublaðið sem sett er fram í V. viðbæti.
- b) Tilgreina skal verksviðið, sem er háð samþykki, í handbók viðhaldsfyrirtækisins í samræmi við M.A.604. Flokkar og áritanir, sem nota skal fyrir samþykki viðhaldsfyrirtækja, eru sett fram í IV. viðbæti við þennan hluta.“
- 21) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.604 kemur eftirfarandi:
- „1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, sem er tilnefndur í samræmi við a-lið M.A.606, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni ávallt stunda starfsemi sína í samræmi við kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við handbókina.“
- 22) Í stað i-liðar M.A.606 kemur eftirfarandi:
- „i) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingavottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni í samræmi við ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.904 í V. viðauka b (ML-hluta).“
- 23) Í M.A.606 fellur j-liður brott.
- 24) Í stað 1. liðar a-liðar M.A.607 kemur eftirfarandi:
- „1. að viðhaldsvottar geti sýnt fram á að þeir uppfylli kröfur b-liðar 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) eða, ef þess er krafist í þeim viðauka, að þeir uppfylli kröfur laga aðildarríkisins.“
- 25) Í stað liðar M.A.609 kemur eftirfarandi:
- „M.A.609 Viðhaldsgögn**
- Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal hafa undir höndum viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn, sem tilgreind eru í M.A.401 í þessum viðauka eða í ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og nota þau við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Í því tilviki sem viðskiptavinurinn leggur fram viðhaldsgögn skal fyrirtækið einungis hafa undir höndum og nota slík gögn meðan á viðhaldsvinnunni stendur.“
- 26) Í stað M.A.611, M.A.612 og M.A.613 kemur eftirfarandi:
- „M.A.611 Viðhaldsstaðlar**
- Allt viðhald skal framkvæmt í samræmi við kröfur D-kafla A-þáttar í þessum viðauka eða kröfur D-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta), eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.
- M.A.612 Viðhaldsvottorð fyrir loftför**
- Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á loftfari er lokið, í samræmi við þennan kafla, skal viðhaldsvottorð fyrir loftför gefið út í samræmi við M.A.801 í þessum viðauka eða ML.A.801 í V. viðauka b (ML-hluta), eins og sett er fram í 1. mgr. 3. gr.
- M.A.613 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti**
- a) Þegar öllu nauðsynlegu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan kafla skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802 í þessum viðauka eða ML.A.802 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1, nema þegar um er að ræða íhluti sem er viðhaldið í samræmi við b- eða d-lið M.A.502, að því er varðar íhluti, sem eru framleiddir í samræmi við c-lið M.A.603 í þessum viðauka, og íhluti sem annað er ákveðið um í ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta).
- b) Eyðublaðið fyrir viðhaldsvottorð íhluta, EASA-eyðublað nr. 1, er hægt að sækja í tölvukerfi.“
- 27) Í stað b-liðar í M.A.614 kemur eftirfarandi:
- „b) Samþykkt viðhaldsfyrirtækið skal láta eiganda eða flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305.“
- 28) Í stað liðar M.A.615 kemur eftirfarandi:
- „M.A.615 Réttindi fyrirtækisins**
- Viðhaldsfyrirtækinu, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar þessa viðauka, er heimilt:
- a) að annast viðhald á sérhverju loftfari og/eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í handbók viðhaldsfyrirtækisins,
- b) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin réttindi og er undir eftirliti viðhaldsfyrirtækisins, eins og lýst er í handbók viðhaldsfyrirtækisins,
- c) að viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast viðhald á, hvar svo sem þörf er á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó að skilyrðin, sem tilgreind eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins, séu uppfyllt,
- d) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi í samræmi við M.A.612 eða M.A.613 í þessum viðauka,

- e) ef það hefur sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta).

Fyrirtækið skal aðeins sjá um viðhald á loftfari eða íhlut, sem það hefur hlotið samþykki til að annast, þegar það hefur nauðsynlega aðstöðu, búnað, verkfæri, efnivið, viðhaldsgögn og viðhaldsvotta til taks.“

- 29) Í stað a- og b-liðar M.A.619 kemur eftirfarandi:

- „a) Fyrsta stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka og V. viðauka b (ML-hluta) sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
- b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka og V. viðauka b (ML-hluta), sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.“

- 30) Í stað liðar M.A.801 kemur eftirfarandi:

„M.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

- a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í samræmi við þennan kafla, að undanskildum viðhaldsvottorðum loftfara sem viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta), gefur út.
- b) Ekki skal veita loftfari vottun nema viðhaldsvottorð hafi verið gefið út, eftir að öll fyrirskipuð viðhaldsverkefni hafa verið framkvæmd á tilhlýðilegan hátt. Viðurkenndir viðhaldsvottar viðhaldsfyrirtækisins, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu gefa viðhaldsvottorðið út nema að því er varðar viðhaldsverkefni önnur en flókin viðhaldsverkefni, sem eru skráð í VII. viðbæti við þennan viðauka, þar sem viðhaldsvottorðið er annaðhvort gefið út af:
- óháðum viðhaldsvottum sem starfa í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 5. gr. þessarar reglugerðar eða
 - flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem starfar í samræmi við M.A.803 þessa viðauka.
- c) Þrátt fyrir b-lið er eigandanum heimilt, við ófyrirsjáanlegar aðstæður, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er fyrir hendi neitt viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við þennan viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d, og ekki heldur fyrir hendi neindir óháðir viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum aðila, sem er með minnst þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og er handhafi annaðhvort gilds skírteinis flugvéltækis, sem uppfyllir kröfur 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, fyrir þá tegund loftfars sem þarfnast viðhalds, eða heimildar viðhaldsvotta, sem er gild fyrir þá vinnu sem krefst vottunar og gefin út af viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við 6. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að sjá um viðhald loftfarsins í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:
- fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins ítarlegar upplýsingar um allt það viðhald sem fer fram og réttindi aðilans sem gefur út viðhaldsvottorðið,
 - tryggja að slíkt viðhald sé sannprófað síðar meir og nýtt viðhaldsvottorð útgefið af hálfu aðila með viðeigandi heimild, sem um getur í b-lið, eða af hálfu fyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), við fyrsta tækifæri en þó innan sjö almanaksdaga frá útgáfu viðhaldsvottorðs af hálfu aðila með heimild frá eigandanum,
 - innan sjö daga frá því að slíkt heimild hefur verið gefin út, tilkynna fyrirtækinu, sem ber ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þegar samningar hafa tekist við það, eða lögbæra yfirvaldinu ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi.
- d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út í samræmi við 2. lið b-liðar er viðhaldsvottum heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti þeirra, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.
- e) Í viðhaldsvottorði skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:
- grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,
 - hvenær viðhaldinu var lokið,
 - heiti fyrirtækisins og/eða nafn aðilans sem gefur út viðhaldsvottorðið, þ.m.t. annaðhvort:
 - tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins og viðhaldsvottanna sem gáfu út viðhaldsvottorðið,
 - í því tilviki sem um getur í 2. lið b-liðar nöfn og, ef við á, skírteinisnúmer þeirra viðhaldsvotta sem gefa út viðhaldsvottorðið,
 - takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.
- f) Þrátt fyrir b- og g-lið er heimilt að gefa út viðhaldsvottorð, innan ramma samþykktra takmarkana loftfarsins, þegar ekki er hægt að ljúka við tilskilið viðhald. Í því tilviki skal tilgreina í vottorðinu að ekki hefði verið hægt að ljúka viðhaldinu og þar að auki skal tilgreina allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu sem hluta af upplýsingunum sem krafist er skv. 4. lið e-liðar.
- g) Ekki skal gefa út viðhaldsvottorð ef vitað er um vanefnd gagnvart kröfum sem stofnar flugöryggi í hættu.“

- 31) Í stað liðar M.A.802 kemur eftirfarandi:

„M.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

- a) Gefa skal út viðhaldsvottorð við lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502, nema loftfar hljóti viðhaldsvottun viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).
- b) Opinbert viðhaldsvottorð, sem er EASA-eyðublað nr. 1, telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhluti nema þegar viðhald á íhlutum loftfars hefur farið fram samkvæmt b- eða d-lið M.A.502 en þá er viðhaldið háð verklagsreglum fyrir viðhaldsvottun loftfars samkvæmt M.A.801.“
- 32) Í stað b-liðar í M.A.803 kemur eftirfarandi:
- „b) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa og þar undir, sem eru hvorki notuð í flutningaflugi né í starfrækslu í ábataskyni hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, er flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, heimilt að gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið að loknu takmörkuðu viðhaldi flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og tilgreint er í VIII. viðbæti við þennan viðauka.“
- 33) Í stað d-liðar M.A.803 kemur eftirfarandi:
- „d) Færa skal viðhaldsvottorðið inn í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara og skulu þar koma fram grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið, nafn og undirskrift flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, ásamt númeri flugmannsskírteinis hans.“
- 34) Í stað liðar M.A.901 kemur eftirfarandi:
- „M.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara**
- Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.
- a) Lofthæfistaðfestingavottorð er gefið út í samræmi við III. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15a eða 15b) við þennan viðauka að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingavottorðið skal gilda í 1 ár.
- b) Loftfar undir viðurkenndri viðhaldsstjórn er loftfar sem hefur á næstliðnum 12 mánuðum:
1. að staðaldri verið með lofthæfi sitt undir stjórn sama CAMO- eða CAO-fyrirtækis
 2. verið viðhaldið af viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), þ.m.t. tilvik þar sem viðhaldsverkefni, sem um getur í b lið M.A.803, eru framkvæmd og viðhaldsvottorð gefið út í samræmi við 1. eða 2. lið b-liðar M.A.801 í þessum viðauka.
- c) Að því er varðar öll loftför sem flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg, sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, í samræmi við CAMO.A.125 og 1. lið c-liðar CAO.A.095, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:
1. gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í samræmi við M.A.901,
 2. framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingavottorðs, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út lofthæfistaðfestingavottorð að loknu fullnægjandi mati, sem byggist á tilmælum frá CAMO- eða CAO-fyrirtæki, sem senda á inn með umsókninni frá eigandanum eða flugrekandanum að því er varðar öll loftför, sem notuð eru af flugrekendum, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg sem uppfylla annaðhvort eftirfarandi skilyrða:
1. þau eru ekki undir viðurkenndri viðhaldsstjórn,
 2. áframhaldandi lofthæfi þeirra er undir stjórn fyrirtækis, sem hefur ekki réttindi til að annast staðfestingu á lofthæfi.
- Tilmælin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu byggjast á staðfestingu á lofthæfi sem fer fram í samræmi við M.A.901.
- e) Að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaksmassa 2730 kg eða þar undir, getur sérhvert CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við CAMO.A.125 eða CAO.A.095 og fellur undir j-lið:
1. gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í samræmi við M.A.901,
 2. framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingavottorðs, sem það hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti ef loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn undir stjórn fyrirtækisins.
- f) Þrátt fyrir 2. lið c-liðar og 2. lið e-liðar M.A.901, að því er varðar loftför undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar, framlengt allt að tvisvar sinnum gildistíma lofthæfistaðfestingavottorða, sem lögbæra yfirvaldið eða annað CAMO- eða CAO-fyrirtæki hefur gefið út, um eitt ár í hvort skipti.
- g) Ef aðstæður leiða í ljós að flugöryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálft annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingavottorðið.
- h) Með fyrirvara um g-lið getur lögbæra yfirvaldið sjálft annast staðfestingu á lofthæfi og gefið út lofthæfistaðfestingavottorð í eftirfarandi tilvikum:
1. ef CAMO- eða CAO-fyrirtæki, sem hefur höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi þeirra,

2. fyrir öll önnur loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa eða þar undir, fari eigandinn þess á leit.
- i) Ef lögbæra yfirvaldið gefur sjálft út lofthæfistaðfestingarvottorðið í samræmi við g- eða h-lið eða eftir að hafa metið tilmælin í samræmi við M.B.901, skal eigandinn eða flugrekandinn, ef nauðsyn krefur í þessum tilgangi, láta lögbæru yfirvaldi í té:
1. öll þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst,
 2. hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess,
 3. aðstoð fyrir viðhaldsvotta.
- j) Hvorki skal gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð né heldur framlengja það ef eitthvað bendir til þess eða ástæða er til að ætla að loftfarið sé ekki í lofthæfu ástandi.
- k) Staðfesting á lofthæfi loftfarsins skal fela í sér fullkomlega skjalfesta endurskoðun á skráum loftfarsins sem staðfestir að eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:
1. að flugtími flugskrokks, hreyfils og loftskrúfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð,
 2. að flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun,
 3. að allt viðhald á loftfari, samkvæmt samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins, hafi farið fram,
 4. að allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða, þegar við á, að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti í samræmi við M.A.403,
 5. að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð,
 6. að allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og uppfylli kröfur M.A.304,
 7. að allir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og endingartími þeirra ekki runninn út,
 8. að allt viðhald hafi verið framkvæmt í samræmi við þennan viðauka,
 9. að gildandi massa- og jafnvægisskýrsla endurspegli gildandi útfærslu loftfarsins og sé í gildi,
 10. að loftfarið uppfylli kröfur síðustu endurskoðunar á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,
 11. ef þess er krafist, að loftfarið hafi hljóðstígsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins og uppfylli kröfur I-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- l) Staðfesting á lofthæfi loftfarsins skal fela í sér ástandskönnun á loftfarinu. Að því er varðar þessa könnun skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og hefur ekki tilskilin réttindi í samræmi við III. viðauka (66. hluta), njóta aðstoðar starfsfólks með slík réttindi.
- m) Með því að kanna ástand loftfarsins skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sjá til þess að:
1. allar nauðsynlegar merkingar og skilti séu rétt ísett,
 2. loftfarið uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktri flughandbók þess,
 3. útfærsla loftfarsins uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktum skjölum,
 4. engin augljós bilun finnist sem ekki hefur fundist lausn á samkvæmt M.A.403,
 5. ekkert ósamræmi finnist á milli loftfarsins og skjalfestrar endurskoðunar á skránum sem um getur í k-lið.
- n) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar má staðfesting á lofthæfi fara fram allt að 90 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að ástandsskoðun geti farið fram við viðhaldsskoðun.
- o) Lofthæfistaðfestingarvottorð (EASA-eyðublað nr. 15b) eða tilmæli um útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs (EASA-eyðublað nr. 15a), sem um getur í III. viðbæti við þennan viðauka, skal einungis gefið út:
1. af starfsfólki, sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi, fyrir hönd samþykktar fyrirtækisins,
 2. ef staðfesting á lofthæfi hefur verið framkvæmd að fullu.
- p) Senda skal afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til aðildarríkisins þar sem viðkomandi loftfar er skráð.
- q) Ekki skal fela undirverktaka verkefni sem tengjast staðfestingu á lofthæfi.
- r) Ef niðurstöður staðfestingar á lofthæfi reynast ósannfærandi skal fyrirtækið, sem lét framkvæma staðfestinguna, tilkynna lögbæru yfirvaldi um það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið greinir frá ástæðunni fyrir því að staðfestingin á lofthæfi reynist ósannfærandi.
- s) Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal ekki gefið út fyrr en atriðin, sem tengjast frávikumum, hafa verið leidd til lykta.“
- 35) Í stað 5. liðar b-liðar M.A.902 kemur eftirfarandi:
- „5. breyting eða viðgerð uppfyllir ekki kröfur M.A.304.“
- 36) Í stað liðar M.A.904 kemur eftirfarandi:
- „**M.A.904 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til ESB**
- a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis eða frá eftirlitskerfi þar sem reglugerð (ESB) 2018/1139 gildir ekki, skal umsækjandinn:

1. sækja um að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 2. láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við M.A.901, fyrir loftför sem ekki eru ný,
 3. láta framkvæma allt viðhald, samkvæmt kröfum samþykkrar viðhaldsáætlunar loftfarsins, í samræmi við M.A.302.
- b) Þegar fyrirtækið, sem annast staðfestingu á lofthæfi, hefur gengið úr skugga um að loftfarið uppfylli viðeigandi kröfur skal það senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins skjalfest tilmæli um að gefa út lofthæfistaðfestingavottorð.
 - c) Eigandi loftfarsins skal veita lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem loftfarið er skráð, aðgang að loftfarinu til skoðunar.
 - d) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út lofthæfivottorð þegar það hefur gengið úr skugga um að loftfarið uppfylli kröfurnar í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
 - e) Viðkomandi lögbært yfirvald aðildarríkisins skal einnig gefa út lofthæfistaðfestingavottorðið. Vottorðið skal gilda í eitt ár, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að stytta gildistímann af ástæðum sem varða flugöryggi.“
- 37) Í stað a- og b-liðar M.A.905 kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrsta stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
 - b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.“
- 38) Eftirfarandi liður M.B.103 bætist við:
- „M.B.103 Frávik og framfylgdarráðstafanir – aðilar**
- Ef lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á eftirliti í samræmi við þennan viðauka, finnur vísbendingar um, við eftirlit eða með öðrum hætti, að handhafi skírteinis, vottorðs, áritunar eða staðfestingar, sem gefin er út í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal lögbæra yfirvaldið, sem vakti máls á vanefndinni, gripa til hvers konar nauðsynlegra framfylgdarráðstafana til að koma í veg fyrir áframhald þeirrar vanefndar.“
- 39) Í stað liðar M.B.104 kemur eftirfarandi:
- „M.B.104 Skráahald**
- a) Lögbær yfirvöld skulu koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers vottorðs á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.
 - b) Í skráum yfir eftirlit með fyrirtækjum, sem hlotið hafa samþykki í samræmi við þennan viðauka, skal vera a.m.k.:
 1. umsókn um samþykki fyrir fyrirtækinu,
 2. samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,
 3. afrit af úttektaráætluninni þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og úttekta sem lokið er við,
 4. skrár lögbæra yfirvaldsins um samfelld eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir,
 5. afrit af öllum bréfaskiptum sem máli skipta,
 6. nákvæmar upplýsingar um undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
 7. allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,
 8. starfsemis lýsing eða handbók fyrirtækisins ásamt breytingum,
 9. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt beint.
 - c) Skrárnar, sem um getur í b-lið, skulu varðveittar í a.m.k. fimm ár.
 - d) Til að uppfylla lágmarkskröfur um skrár, að því er varðar eftirlit með hverju loftfari, skal í skránum a.m.k. vera afrit af:
 1. lofthæfivottorði loftfarsins,
 2. lofthæfistaðfestingavottorðum,
 3. tilmælum um staðfestingu á lofthæfi sem fyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við CAO- eða CAMO-hluta, hafa gefið út,
 4. skýrslum um staðfestingar á lofthæfi sem lögbært yfirvald framkvæmdi sjálf,
 5. öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,
 6. upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerðir eða -aðgerðir,
 7. öllum skjölum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir samkvæmt þessum viðauka eða II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (ARO-hluta).
 - e) Skrárnar, sem eru tilgreindar í d-lið, skulu varðveittar í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.
 - f) Allar skrár skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina að beiðni þeirra.“
- 40) Í stað liðar M.B.201 kemur eftirfarandi:
- „M.B.201 Ábyrgð**

Lögbær yfirvöld, eins og þau eru skilgreind í lið M.1, bera ábyrgð á því að framkvæma úttektir, skoðanir og rannsóknir til að staðfesta að farið sé að kröfum þessa viðauka.“

41) Eftirfarandi liður M.B.202 bætist við:

„M.B.202 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal, án ástæðulausrar tafar, tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma alvarleg vandamál við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnuninni mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi, sem eru til komnar vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist samkvæmt M.A.202.“

42) Í stað liðar M.B.301 kemur eftirfarandi:

„M.B.301 Viðhaldsáætlun loftfars

- a) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að viðhaldsáætlun loftfarsins uppfylli kröfur M.A.302.
- b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni skulu hljóta beint samþykki lögbæra yfirvaldsins nema annað sé tekið fram í c-lið M.A.302. Lögbæra yfirvaldið skal hafa aðgang að öllum þeim gögnum sem krafist er samkvæmt d-, e- og f-lið M.A.302.
- c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki, eins og kveðið er á um í c-lið M.A.302, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja málsmeðferð CAMO- eða CAO-fyrirtækisins við samþykki á viðhaldsáætlun loftfarsins með því að nota starfsemlýsingu hlutaðeigandi fyrirtækis, eins og um getur í CAO.A.025 og CAMO.A.300.“

43) Eftirfarandi liður M.B.305 bætist við:

„M.B.305 Tæknifluginnám loftfars

- a) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu tæknifluginnám loftfars sem krafist er samkvæmt M.A.306.
- b) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar á tæknifluginnám loftfarsins, án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklagsreglur sem um getur í c-lið CAMO.A.300 eða c-lið CAO.A.025.“

44) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar M.B.602:

„b) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbók viðhaldsfyrirtækisins, uppfylli kröfur F-kafla þessa viðauka og tryggja að ábyrgðarmaðurinn skrifri undir yfirlýsingu um skuldbindingu.

c) Lögbæra yfirvaldið skal fullvissa sig um að fyrirtækið uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í F-kafla þessa viðauka.“

45) Í stað a-liðar M.B.603 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 3 (V. viðbætur við þennan viðauka), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur viðeigandi liða þessa viðauka.“

46) Í stað a-liðar M.B.604 kemur eftirfarandi:

„a) Lögbæra yfirvaldið skal stýra og uppfæra áætlun þar sem skráð er fyrir hvert viðhaldsfyrirtæki, sem er undir umsjón þess og hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla B-þáttar þessa viðauka, hvaða daga sé áætlað að fara í vitjanir vegna úttekta og hvaða daga slíkar vitjanir áttu sér stað.“

47) Í stað inngangsorða a-liðar í M.B.605 kemur eftirfarandi:

„a) Komi fram vísendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, sem sýna fram á vanefnd gagnvart kröfunni, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka eða V. viðauka b (ML-hluta), skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:“

48) Í stað c-liðar M.B.606 kemur eftirfarandi:

„c) Að því er varðar allar breytingar á handbók viðhaldsfyrirtækisins gildir eftirfarandi:

1. Ef um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við b-lið M.A.604, skal lögbæra yfirvaldið staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í handbókinni, uppfylli kröfur þessa viðauka áður en það tilkynnir samþykktu fyrirtækinu formlega um samþykkið.
2. Ef um er að ræða óbeint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við c-lið M.A.604, skal lögbæra yfirvaldið tryggja að:
 - i. breytingarnar verði minniháttar,
 - ii. það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær uppfylli áfram kröfur þessa viðauka.“

49) Í stað 1. liðar M.B.901 kemur eftirfarandi:

„1. skal starfsfólk lögbæra yfirvaldsins með viðeigandi réttindi staðfesta að hlítniyfirlýsingin, sem er að finna í tilmælunum, sýni að staðfesting á lofthæfi, í samræmi við M.A.901, hafi verið framkvæmd að fullu.“

50) Í stað a- og b-liðar M.B.902 kemur eftirfarandi:

„a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingavottorð (III. viðbætur (EASA-eyðublað nr. 15a) við þennan viðauka) skal það staðfesta lofthæfi í samræmi við M.A.901.

b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki til að annast staðfestingu á lofthæfi.

1. Að því er varðar öll loftför, sem flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota, og loftför með hámarksflugtaksmassa yfir 2730 kg skal þetta starfsfólk hafa:
 - a) a.m.k. fimm ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,
 - b) öðlast viðeigandi skírteini, sem uppfylla kröfur III. viðauka (66. hluta) eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,
 - c) fengið formlega þjálfun í viðhaldi loftfara,
 - d) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið getur fimm ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. liðar b-liðar M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 1. liðar b-liðar M.B.902.
2. Að því er varðar loftför, sem flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 nota, og loftför með 2730 kg hámarksflugtaksmassa og þar undir, skal þetta starfsfólk hafa:
 - a) a.m.k. þriggja ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,
 - b) öðlast viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísu og eiga við um gerð loftfarsins, þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinna reglna eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,
 - c) fengið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara,
 - d) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð.

Þrátt fyrir a- til d-lið getur fjögurra ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar b-liðar M.B.902, til viðbótar við það sem þegar er krafist samkvæmt a-lið 2. liðar b-liðar M.B.902.“

51) Eftirfarandi liður M.B.904 bætist við:

„M.B.904 Upplýsingaskipti

Við móttöku tilkynningar um flutning á loftfari á milli aðildarríkja, samkvæmt M.A.903, skal lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er sem stendur skráð, upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið mun verða skráð, um hvers konar vandamál varðandi loftfarið sem flytja skal. Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið mun verða skráð, skal tryggja að lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem loftfarið er sem stendur skráð, hafi verið upplýst um flutninginn á tilhlýðilegan hátt.“

52) Í stað I. viðbættis kemur eftirfarandi:

„I. viðbættir

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

1. Geri eigandi eða flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn eða flugrekandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.
2. Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í þessum viðauka og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunaraðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.
3. Í honum skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - einkennisstafir loftfars, tegund og raðnúmer,
 - nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,
 - upplýsingar um CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, þ.m.t. heimilisfang og
 - tegund starfrækslu.
4. Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandinn eða flugrekandinn felur CAMO- eða CAO-fyrirtæki að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, sem skal hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins, eins og fram kemur í lið M.1, og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun loftfarsins.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandinn eða flugrekandinn lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem CAMO- eða CAO-fyrirtækinu hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn eða flugrekandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og eigandinn mun tilkynna lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins um slíkt frávik frá samningnum innan tveggja vikna.“

5. Geri eigandi/flugrekandi samning, í samræmi við M.A.201, CAMO- eða CAO-við fyrirtæki skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:
 - 5.1. Eftirfarandi kvaðir hvíla á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu:
 1. að sjá til þess að tegund loftfarsins sé skráð í skilmálum samþykkis þess,
 2. að virða skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins:
 - a) að semja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar áreiðanleikaáætlanir sem eru samdar, ef við á,
 - b) að gefa upp þau viðhaldsverkefni (í viðhaldsáætlun loftfarsins) sem flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma í samræmi við c-lið M.A.803,
 - c) að sjá til þess viðhaldsáætlun loftfarsins hljóti samþykki,
 - d) að láta eigandanum eða flugrekandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki,
 - e) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,
 - f) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,
 - g) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum sé beitt,
 - h) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við reglubundið viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir, um,
 - i) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun íhluta,
 - j) að láta eigandann vita í hvert skipti sem farið skal með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækis,
 - k) að hafa umsjón með öllum tæknilegum gögnum,
 - l) að setja öll tæknileg gögn í geymslu,
 3. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 4. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 5. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til samþykka viðhaldsfyrirtækisins eins og samþykka fyrirtækið hefur krafist,
 6. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,
 7. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingarvottorðið sé gefið út eða að tilmælin séu send lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins,
 8. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,
 9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
 10. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir samningnum upp.
 - 5.2. Eftirfarandi kvaðir hvíla á eiganda eða flugrekanda:
 1. að þekkja grundvallaratriði samþykkrar viðhaldsáætlunar loftfarsins,
 2. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka,
 3. að fara með loftfarið til samþykka viðhaldsfyrirtækisins í samráði við CAMO- eða CAO-fyrirtækið á þeim tíma sem CAMO- eða CAO-fyrirtækið krefst,
 4. að breyta ekki loftfarinu án þess að hafa samráð fyrst við CAMO- eða CAO-fyrirtækið,
 5. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits CAMO- eða CAO-fyrirtækisins,
 6. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu um allar bilanir, sem finnast við starfrækslu loftfarsins, með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,
 7. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,
 8. að tilkynna það CAMO- eða CAO-fyrirtækinu og lögbæra yfirvaldinu í skráningaraðildarríkinu ef loftfarið er selt,
 9. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
 10. að gefa CAMO- eða CAO-fyrirtækinu reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við CAMO- eða CAO-fyrirtækið,

11. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskránnar, eins og um getur í d-lið M.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald án þess að farið sé yfir mörk listans yfir viðhaldsverkefni líkt og tilgreint var í samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins eins og mælt er fyrir um í c-lið M.A.803,
 12. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, eigi síðar en 30 dögum eftir að viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, er lokið, í samræmi við a-lið M.A.305.
6. Geri eigandi eða flugrekandi samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki, í samræmi við M.A.201, skal tilgreina kvaðir hvors samningsaðila að því er varðar skyldubundna og valfjálsa skýrslugjöf um atvik í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014.

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 frá 3. apríl 2014 um tilkynningu atvika í almenningsflugi sem og greiningu á og eftirfylgni með þeim, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 996/2010 og um niðurfellingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/42/EB og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1321/2007 og (EB) nr. 1330/2007 (Stjtið. ESB L 122, 24.4.2014, bls. 18).“

53) Ákvæðum II. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. lið:

i. Í stað x. liðar í 12. reit kemur eftirfarandi:

„x. Að því er varðar viðhaldsfyrirtæki, sem hafa hlotið samþykki samkvæmt F-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), yfirlýsingu varðandi viðhaldsvottorð fyrir íhluti sem um getur í M.A.613 og CAO.A.070, eftir því sem við á:

„Hér með vottast að verkið, sem tilgreint er í 11. reit og lýst í þessum reit, hefur verið framkvæmt í samræmi við kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og að hægt er að gefa út viðhaldsvottorð fyrir eininguna, að því er varðar það verk, nema annað sé tekið fram í þessum reit. ÞETTA ER EKKI VIÐHALDSVOTTORÐ SKV. II. VIÐAUKA (145. HLUTA) VIÐ REGLUGERÐ (ESB) Nr. 1321/2014.“

Ef upplýsingarnar eru prentaðar úr rafrænni útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1 ætti að færa allar viðeigandi upplýsingar í þennan reit sem eiga ekki heima í öðrum reitum.“

ii. Í stað 14. reitar a kemur eftirfarandi:

„Reitur 14a

Merkja skal í viðeigandi reit eða reiti til að sýna hvaða reglur gilda um fullfrágengna verkið. Ef merkt er í reitinn „Aðrar reglur tilgreindar í 12. reit“ verður að tilgreina reglur hins lofthæfifyfirvaldsins eða hinna lofthæfifyfirvaldanna í 12. reit. Merkja verður í a.m.k. annan reitinn eða báða reitina, eftir því sem við á.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, skal haka í boxið „Aðrar reglur sem tilgreindar eru í 12. reit“ og færa skal yfirlýsingu um viðhaldsvottorðið í 12. reit. Í því tilviki er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í þessum reit“, notuð við eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,
- b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerðar eru kröfur um í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta),
- c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta); í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.

Að því er varðar allt viðhald hjá viðhaldsfyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við A-þátt II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, er vottunaryfirlýsingin: „nema annað sé tekið fram í 12. reit“, notuð við eftirfarandi aðstæður:

- a) þegar ekki var hægt að ljúka viðhaldi,
- b) þegar vikið var frá þeim stöðlum sem gerð er krafa um í II. viðauka (145. hluta),
- c) þegar viðhald var framkvæmt í samræmi við kröfu sem ekki er tiltekin í II. viðauka (145. hluta); í því tilviki skal tilgreina í 12. reit viðkomandi landsbundnar reglur.“

b) Í síðufæti EASA-eyðublaðs nr. 1 (forsíðu) kemur eftirfarandi í stað textans „EASA-eyðublað nr. 1 — MF/145, 2. útgáfa“:

„EASA-eyðublað nr. 1 — MF/CAO/145, 3. útgáfa“.

54) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„III. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15

[AÐILDARRÍKI]

Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs:

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hefur hlotið samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt V. viðauka b (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

Tilvísunarnúmer samþykkis: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS].MG.[NNNN].

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:

Framleiðandi loftfars:

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:

Einkennisstafir loftfars:

Raðnúmer loftfars:

og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsþjón síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsþjón síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

(*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB

EASA-eyðublað nr. 15b, 5. útgáfa

(*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.

(**) Að undanskildum loftskipum.

[AÐILDARRÍKI]
Aðildarríki Evrópusambandsins (*)

LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ (ARC)
Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs:

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS] hér með að eftirfarandi loftfar:

Framleiðandi loftfars:

Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:

Einkennisstafir loftfars:

Raðnúmer loftfars:

telst lofthæft við staðfestinguna.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Fyrsta framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

Önnur framlenging: Loftfarið hefur verið undir viðurkenndri viðhaldsstjórn síðastliðið ár í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. Loftfarið telst lofthæft á útgáfudegi.

Útgáfudagur: Síðasti gildisdagur:

Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (**):

Undirskrift: Númer heimildar:

Heiti fyrirtækis: Tilvísunarnúmer samþykkis:

EASA-eyðublað nr. 15a, 5. útgáfa
 (*) Fellur brott fyrir ríki utan ESB.
 (**) Að undanskildum loftskipum.“

55) Ákvæðum IV. viðbættis er breytt sem hér segir:

i. Í stað reitanna sem svara til áritunar A2 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A2 Flugvélar að hámarki 5700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin</i> Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistæðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*):

ii. Í stað reitanna sem svara til áritunar A4 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A4 Loftför nema A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (sviffluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfistæðfestingarvottorða er heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni).	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*):

56) Í stað V. viðbætis kemur eftirfarandi:

„V. viðbætur

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki – EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftfær sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók samþykta viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykta viðhaldsfyrirtækisins.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu þar til [(færa skal inn dagsetningu - tveimur árum eftir gildistökudag þessarar breytingarreglugerðar] nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 4. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

Bls. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHLÆFD ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis:

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 4. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).“

57) Ákvæði VI. viðbætis falla brott.

58) Í stað inngangsorðanna í VII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Eftirfarandi viðhaldsvinna fellur undir þau flóknu viðhaldsverkefni sem um getur í 2. lið b-lið og í c-lið M.A.801.“.

59) Í VIII. viðbæti fellur 9. liður b-liðar brott.

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.30:
 - a) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:
 - „k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.904 í V. viðauka b (ML-hluta).“
 - b) Ákvæði l-liðar fellur brott.
- 2) Í stað 3. liðar a-liðar í 145.A.42 kemur eftirfarandi:
 - „iii. Íhlutir sem flokkaðir eru sem óendurnýtanlegir vegna þess að þeir eru komnir fram yfir lögboðinn endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra bilun í þeim.“
- 3) Í stað 2. liðar c-liðar 145.A.42 kemur eftirfarandi:
 - „ii. Ekki skal vera heimilt að setja óendurnýtanlega íhluti aftur í íhlutabirgðakerfið nema lögboðinn endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 4) Í stað d-liðar 145.A.50 kemur eftirfarandi:
 - „d) Viðhaldsvottorð skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald á íhlut hefur verið framkvæmt á meðan íhluturinn er utan loftfarsins. Opinbera viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í b-lið M.A.502. Ef fyrirtæki hefur íhlut til eigin nota er ef til vill ekki þörf á EASA-eyðublaði nr. 1, með hliðsjón af innri verklagsreglum fyrirtækisins um útgáfu viðhaldsvottorða sem eru skilgreindar í starfsemislýsingu þess.“
- 5) Eftirfarandi kemur í stað b- og c-liðar 145.A.55:
 - „b) Fyrirtækið skal láta eiganda/flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðaðri viðhaldsskrá í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynleg er til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305.
 - c) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við.
 1. Varðveita skal skrárnar í tengslum við þennan lið á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.
 2. Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur vinnugögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.
 3. Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt samkvæmt þessum viðauka, hættir rekstri skal senda allar varðveittar viðhaldsskrár fyrir undanfarandi þrjú ár fyrir starfrækslulok fyrirtækisins til síðasta eiganda eða viðskiptaáðila viðkomandi loftfars eða íhlutar eða varðveita þær á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið tilgreinir.“
- 6) Í stað 6. liðar a-liðar í 145.A.70 kemur eftirfarandi:
 - „6. skrá yfir viðhaldsvotta, faglega ábyrgðarmenn og, ef við á, starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði samþykkis þeirra.“
- 7) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.75:
 - a) Í stað f-liðar kemur eftirfarandi:
 - „f) Ef það hefur hlotið sérstakt samþykki til að gera slíkt fyrir loftfar, sem fellur undir V. viðauka b (ML-hluta), er því heimilt að annast staðfestingu á lofthæfi og gefa út samsvarandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við skilyrðin sem tilgreind eru í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við þessa reglugerð.“
 - b) Ákvæði g-liðar falla brott.
- 8) Í stað a- og b-liðar 145.A.95 kemur eftirfarandi:
 - „a) Fyrsta stigs frávik er sérhver veruleg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
 - b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.“
- 9) Í stað liðar 145.B.60 kemur eftirfarandi:

„145.B.60 Undanþágur

Ef aðildarríki veitir undanþágu frá kröfunum í þessum viðauka, í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, skal lögbæra yfirvaldið skrá undanþáguna. Það skal varðveita þessar skrár í þann tíma sem kveðið er á um í 3. lið 145.B.55.“

10) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„III. viðbættir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki - EASA-eyðublað nr. 3-145

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI] (*)

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].145.XXXX

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMLISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur A-báttar II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og til að gefa út viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út lofhæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins eins og um getur í A-þætti í II. viðauka (145. hluta).
2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglunum sem tilgreindar eru í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins.
3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykktu viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. II. viðauka (145. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-145, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

**VIÐHALDSFYRIRTÆKI
SKILMÁLAR SAMÞYKKIS**

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).145.[XXXX]
Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFAR (**)	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
	(***)	(***)	[JÁ/NEI] (**)	[JÁ/NEI] (**)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
	(***)	(***)		
SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)		
	(***)	(***)		

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemislýsingu viðhaldsfyrirtækis:

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-cyðublað nr. 3-145, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Stríka skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa lofhæfistaðfestingarvottorða sé heimilud eða ekki.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað d-liðar 66.A.45 kemur eftirfarandi:
- „d) Þrátt fyrir b- og c-lið, að því er varðar loftför í hópi 2 og 3, má einnig skrá loftfarstegundaráritanir í skirteini þegar eftirfarandi þrepum hefur verið lokið:
- viðeigandi tegundarprófi á loftfar í flokki B1, B2 eða C, í samræmi við III. viðbæti við þennan viðauka (66. hluta), hefur verið lokið með fullnægjandi árangri,
 - sýnt hefur verið fram á verklega reynslu af viðkomandi loftfarstegund ef um er að ræða flokka B1 og B2. Í slíku tilviki skal verklega reynslan ná yfir dæmigerðan þverskurð af viðhaldsverkum sem eru viðeigandi fyrir skirteinisflokkinn.
- Þegar um er að ræða áritun í flokki C fyrir aðila sem telst hafa réttindi verandi handhafi háskólagráðu, eins og um getur í 5. lið a-liðar í 66.A.30, skal fyrsta viðeigandi tegundarprófið á loftfar vera á sama stigi og í flokki B1 eða B2.“
- 2) Í stað a-liðar í 66.B.25 kemur eftirfarandi:
- „a) Lögþær yfirvöld skulu taka þátt í gagnkvæmum skiptum á upplýsingum í samræmi við 1. mgr. 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“
- 3) Í stað liðar 66.B.30 kemur eftirfarandi:
- „66.B.30 Undanþágur**
- Lögþæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“
- 4) Í stað töflunnar í 10. áfanga í I. viðbæti kemur eftirfarandi:

„STIG				
	A	B1	B2	B3
10.1 Reglurammi Hlutverk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar Hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins Hlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) Hlutverk aðildarríkjanna og flugmálafyrvalda þeirra Reglugerð (ESB) 2018/1139, reglugerð (ESB) nr. 748/2012 og reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 Tengsl á milli mismunandi viðauka (hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 965/2012	1	1	1	1*

IV. VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað b-liðar í 147.B.25 kemur eftirfarandi:
 - „b) Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“
- 2) Í stað II. viðbættis kemur eftirfarandi:

„II. viðbættir

Samþykki fyrir viðhaldskennslufyrirtæki - EASA-eyðublað nr. 11

Bls. 1 af 2
<p>[AÐILDARRÍKI (*)]</p> <p>Aðildarríki Evrópusambandsins (**)</p>
<p>SAMÞYKKISVOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSKENNLSU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI</p> <p>Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX]</p>
<p>Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:</p>
<p>[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]</p>
<p>er viðhaldskennslufyrirtæki sem uppfyllir kröfur A-þáttar IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og hefur hlotið samþykki til að veita þá þjálfun og halda þau próf sem skráð eru í meðfylgjandi samþykkiSSkrá og gefa út tilheyrandi viðurkenningarvottorð til handa nemendum með framangreindum tilvísunarnúmerum.</p>
<p>SKILYRÐI:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktari starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins, eins og um getur í A-þætti í IV. viðauka (147. hluta). 2. Forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykktari starfsemislýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins. 3. Þetta samþykki gildir á meðan samþykktari viðhaldskennslufyrirtækið uppfyllir kröfur skv. IV. viðauka (147. hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014. 4. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.
<p>Upphaflegur útgáfudagur:</p> <p>Dagsetning endurskoðunar:</p> <p>Númer endurskoðunar:</p> <p>Undirskrift:</p>
<p>Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]</p>

EASA-eyðublað nr. 11, 6. útgáfa
 (*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
 (**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

SAMÞYKKISSKRÁ FYRIR VIÐHALDSKENNSLU- OG PRÓFUNARFYRIRTÆKI			Bls. 2 af 2
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX]			
Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]			
FLOKKUR	FLOKKUR SKÍRTEINIS	TAKMÖRKUN	
GRUNNUR (**)	B1 (**)	TB1.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TB1.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TB1.4 (**)	ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
	B2 (**)(****)	TB2 (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (**)
	B2L (**)	TB2L (**)	RAFEINDABÚNAÐUR LOFTFARS (tilgreina skal kerfis-áritanir) (**)
	B3 (**)	TB3 (**)	FLUGVÉLAR SEM KNÚNAR ERU STROKKHREYFLUM EN Hafa EKKI JAFNÞRÝSTIBÚNAÐ OG ERU MEÐ 2000 KG HÁMARKSFLUGTAKSMASSA EÐA ÞAR UNDIR (**)
	A (**)	TA.1 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
		TA.2 (**)	FLUGVÉLAR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)
		TA.3 (**)	ÞYRLUR MEÐ HVERFIHREYFLUM (**)
TA.4 (**)		ÞYRLUR MEÐ STROKKHREYFLUM (**)	
L (**) (Aðeins próf)	TL (**)	TILGREINA SKAL VIÐEIGANDI UNDIRFLOKK SKÍRTEINIS (**)	
TEGUND/VERKEFNI (**)	C (**)	T4 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B1 (**)	T1 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	B2 (**)	T2 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)
	A (**)	T3 (**)	[TILGREINA SKAL TEGUND LOFTFARS] (***)

Þessi samþykkisskrá takmarkast við þá hjálfun og þau próf sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktari starfsemis lýsingu viðhaldskennslufyrirtækisins.

Tilvísun í starfsemis lýsingu viðhaldskennslufyrirtækis:

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 11, 5. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Stríka skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Samþykki fyrir grunnnámskeiði/-prófi í flokki B2 felur í sér samþykki fyrir grunnnámskeiði/-prófi í flokki B2L fyrir allar kerfisáritanir.“

3) Í stað III. viðbætis kemur eftirfarandi:

„1. **Grunnþjálfun og próf**

Nota skal fyrirmynd að vottorði um grunnþjálfunina til viðurkenningar á því að grunnþjálfun eða grunnþjálfunarprófi eða bæði grunnþjálfun og grunnþjálfunarprófi sé lokið.

Í þjálfunarovottorði skal greina skýrt frá öllum áfangaprófum, raðað eftir þeirri dagsetningu sem viðkomandi stóðst prófið, ásamt samsvarandi útgáfu I. viðbætis við III. viðauka (66. hluta.

Bls. 1 af 1
VIÐURKENNINGARVOTTORÐ
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX].[YYYYY]
Viðurkenningarovottorðið er gefið út til handa:
[NAFN]
[FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]
Af:
[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX]
sem viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkisskrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
Með þessu vottorði er staðfest að framangreindur aðili hafi með fullnægjandi árangri staðist neðangreint samþykkt þjálfunarnámskeið (**) eða grunnpróf (**) í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
[GRUNNÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ (**)] og/eða [GRUNNPRÓF (**)]
[SKRÁ YFIR NÁMSGREINAR SKV. 66. HLUTA/DAGSETNING SEM VIÐKOMANDI STÓÐST PRÓF]
Dagsetning:
Undirskrift:
Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 148, 3. útgáfa
 (*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið
 (**) Stríka skal yfir það sem ekki á við

2. Tegundarþjálfun og -próf

Nota skal fyrirmynd að vottorði um tegundarþjálfunina til viðurkenningar á því að bóklegum þáttum eða verklegum þáttum eða bæði bóklegum og verklegum þáttum þjálfunarnámskeiðs til tegundaráritunar sé lokið.

Í vottorðinu skal tilgreina þá samsetningu flugskrokks/hreyfils sem þjálfað var fyrir.

Fella skal brott viðeigandi tilvísunarnúmer, eftir því sem við á, og skal tekið fram í rammanum fyrir tegund námskeiðsins hvort það nái aðeins yfir fræðilega eða verklega þætti eða bæði fræðilega og verklega þætti.

Í þjálfunavottorði skal það koma skýrt fram hvor námskeiðið sé heilt námskeið eða stýtt námskeið (s.s. námskeið um flugskrokk eða fullbúinn hreyfil eða rafeinda-/rafkerfi loftfars) eða mismunarnámskeið sem byggist á fyrri reynslu umsækjandans, t.d. A340-námskeið (CFM) fyrir A320-tæknimenn. Ef ekki er um heilt námskeið að ræða skal tilgreint í vottorðinu hvort tekið hafi verið tillit til sviðanna þar sem námskeiðin tengjast.

Bls. 1 af 1
VIÐURKENNINGARVOTTORÐ
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX].[YYYYY]
Viðurkenningavottorðið er gefið út til handa:
[NAFN]
[FÆÐINGARDAGUR OG -ÁR og FÆÐINGARSTAÐUR]
Af:
[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).147.[XXXX]
sem viðhaldskennslufyrirtæki sem hefur samþykki til að veita þjálfun og halda próf samkvæmt samþykkiðrá þess og í samræmi við IV. viðauka (147. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
Með vottorði þessu er staðfest að framangreindur aðili hafi með fullnægjandi árangri staðist fræðilega (**) og/eða verklega þætti (**) samþykktu tegundarþjálfunarnámskeiðsins sem tilgreint er að neðan og tengd próf í samræmi við gildandi útgáfur af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
[ÞJÁLFUNARNÁMSKEIÐ Á TEGUND LOFTFARS (**)]
[UPPHAFS- og LOKADAGSETNINGAR]
[TILGREINA SKAL FRÆÐILEGA OG/EDA VERKLEGA ÞÆTTI]
eða
[PRÓF Á TEGUND LOFTFARS (**)]
[LOKADAGSETNING]
Dagsetning:
Undirskrift:
Fyrir hönd: [HEITI FYRIRTÆKIS]

EASA-eyðublað nr. 149, 4. útgáfa

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem á ekki við.“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka a við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„EFNISYFIRLIT

T.1 Lögbært yfirvald

A-þáttur — Tæknilegar kröfur

A-kafla — ALMENN ÁKVÆÐI

T.A.101 Gildissvið

B-kafla — KRÖFUR

T.A.201 Ábyrgð

E-kafla — VIÐHALDSFYRIRTÆKI

T.A.501 Viðhaldsfyrirtæki

G-kafla — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)

T.A.701 Gildissvið

T.A.704 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

T.A.708 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

T.A.709 Skjöl

T.A.711 Réttindi

T.A.712 Stjórnunarkerfi

T.A.714 Skráahald

T.A.715 Áframhaldandi gildi

T.A.716 Frávik

B-þáttur — Viðbótarverklagsregla fyrir lögbær yfirvöld

A-kafla — Almenn ákvæði

T.B.101 Gildissvið

T.B.104 Skráahald

B-kafla — Ábyrgðarskylda

T.B.201 Ábyrgð

T.B.202 Frávik

G-kafla — VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)

T.B.702 Upphafsfærlí vegna vottunar

T.B.704 Samfelld efnirit

T.B.705 Frávik og aðgerðir til úrbóta“.

2) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar T.A.101 kemur eftirfarandi:

„T.A.101 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar kröfur til að tryggja að áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem um getur í b-lið 1. gr., sé viðhaldið í samræmi við grunnkröfur V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139.

Í þættinum eru einnig tilgreind þau skilyrði sem aðilar og fyrirtæki, sem bera ábyrgð á stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og viðhaldi slíkra loftfara, þurfa að uppfylla.“

b) Í stað fyrirsagnar G-kafla kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)“.

c) Í stað liðar T.A.701 kemur eftirfarandi:

„T.A.701 Gildissvið

Í þessum kafla eru settar kröfur, til viðbótar við kröfurnar í V. viðauka c (CAMO-hluta), sem fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þann viðauka, þarf að uppfylla til að hafa rétt til að framkvæma verkefnið sem tilgreind eru í T.A.201.“

- d) Í stað liðar T.A.704 kemur eftirfarandi:

„T.A.704 Starfsemis lýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Til viðbótar við kröfurnar, sem kveðið er á um í CAMO.A.300, skal starfsemis lýsingin innihalda verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtæki tryggir að farið sé að kröfum þessa viðauka.“

- e) Í stað liðar T.A.706 kemur eftirfarandi:

„T.A.706 Kröfur varðandi starfsfólk

Til viðbótar við kröfurnar, sem kveðið er á um í CAMO.A.305, skal starfsfólkið, sem um getur í 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305, hafa nægilega þekkingu á gildandi lögum í þriðja landi þar sem loftfarið er skráð.“

- f) Í stað fyrstu málsgreinar í T.A.708 kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir CAMO.A.315, fyrir loftfar þar sem áframhaldandi lofthæfi er stjórnað í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, skal fyrirtækið:“.

- g) Í stað liðar T.A.709 kemur eftirfarandi:

„T.A.709 Skjöl

Þrátt fyrir CAMO.A.325 skal fyrirtækið, fyrir hvert loftfar þar sem áframhaldandi lofthæfi er stjórnað í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka, hafa undir höndum og nota viðeigandi viðhaldsgögn sem skráningarríki loftfarsins getur samþykkt.“

- h) Í stað T.A.711 og T.A.712 kemur eftirfarandi:

„T.A.711 Réttindi

Fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), getur framkvæmt verkefnið, sem tilgreind eru í T.A.708, fyrir loftförin, sem eru skráð á flugrekandaskírteini þess, að því tilskildu að fyrirtækið hafi sett verklagsreglur, sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt, til að tryggja samræmi við kröfur þessa viðauka.

T.A.712 Stjórnunarkerfi

Til viðbótar við kröfurnar í CAMO.A.200 skal fyrirtækið tryggja að það fari að kröfunum í þessum viðauka.“

- i) Í stað T.A.714, T.A.715 og T.A.716 kemur eftirfarandi:

„T.A.714 Skráahald

Til viðbótar við kröfurnar í a-lið CAMO.A.220 skal fyrirtækið geyma skrárnar sem um getur í j-lið 1. liðar í T.A.201.

T.A.715 Áframhaldandi gildi

Til að samþykki fyrirtækis, sem annast stjórnun áframhaldandi lofthæfi, gildi áfram skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar til viðbótar við kröfurnar í CAMO.A.135:

- a) að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur þessa viðauka og
- b) að fyrirtækið sjái til þess að öllum aðilum, sem hafa fengið heimild þar að lútandi frá lögbæru yfirvaldi, sé veittur aðgangur að hvers konar aðstöðu þess, loftförum eða gögnum, sem tengjast starfsemi þess, þ.m.t. hvers konar undirverktakastarfsemi, til að ákvarða hvort kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.

T.A.716 Frávik

- a) Eftir að hafa móttekið tilkynningu um frávik, í samræmi við T.B.705, skal fyrirtækið gera eftirfarandi:

- 1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndarinnar og áhrifaþætti þar að lútandi,
- 2) undirbúa, samþykkja og framkvæma áætlun um aðgerðir til úrbóta,
- 3) sýna lögbæru yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að gripið hafi verið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á frávikinum.

- b) Aðgerðirnar, sem um getur í 1.–3. lið a-liðar, skulu framkvæmdar innan þeirra tímamarka sem lögbært yfirvald setur í samræmi við T.B.705.“

- 3) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARVERKLAGSREGLA FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD“.

- b) Í stað fyrirsagnar G-kafla kemur eftirfarandi:

„VIÐBÓTARKRÖFUR, SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI, MEÐ SAMÞYKKI SKV. V. VIÐAUKA c (CAMO-HLUTA)“.

- c) Í stað liðar T.B.702 kemur eftirfarandi:

„T.B.702 Upphafsfæri vegna vottunar

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt CAMO.B.310, skal lögbært yfirvald sannprófa og staðreyna hvort þessar verklagsreglur uppfylli kröfur þessa viðauka og sannprófa hvort fyrirtækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.“

d) Í stað T.B.704 og T.B.705 kemur eftirfarandi:

„T.B.704 Samfeltt eftirlit

Til viðbótar við kröfurnar, samkvæmt CAMO.B.305, skal lögbæra yfirvaldið, við hverja eftirlitslotu, gera úrtakskönnun á loftförum sem um getur í b-lið 1. gr. og sem fyrirtækið hefur undir sinni stjórn.

T.B.705 Frávik og aðgerðir til úrbóta

Að því er varðar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem um getur í b-lið 1. gr., skal lögbæra yfirvaldið beita þeim kröfum sem er að finna í CAMO.B.350 þegar sannprófa skal hvort fyrirtækið fari að kröfum þessa viðauka.“

*VI. VIÐAUKI**„V. VIÐAUKI b***(ML-hluti)**

EFNISYFIRLIT

ML.1

A-ÞÁTTUR — TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI

ML.A.101 Gildissvið

B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA

ML.A.201 Ábyrgð

ML.A.202 Tilkynning atvika

C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

ML.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

ML.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

ML.A.303 Lofthæfifyrirmæli

ML.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

ML.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

ML.A.307 Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi

D-KAFLI — VIÐHALDSSTAÐLAR

ML.A.401 Viðhaldsgögn

ML.A.402 Framkvæmd viðhalds

ML.A.403 Bilun í loftfari

E-KAFLI — ÍHLUTIR

ML.A.501 Flokkun og ísetning

ML.A.502 Viðhald íhluta

ML.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

ML.A.504 Eftirlit með ónothæfum íhlutum

H-KAFLI — VIÐHALDSVOTTORÐ

ML.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

ML.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

ML.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars

I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ

ML.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

ML.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs

ML.A.903 Ferli við staðfestingu á lofthæfi

- ML.A.904 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi
 ML.A.905 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB
 ML.A.906 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til Sambandsins
 ML.A.907 Frávik
 B-ÞÁTTUR — VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD
 A-KAFLI — ALMENN ÁKVÆÐI
 ML.B.101 Gildissvið
 ML.B.102 Lögbært yfirvald
 ML.B.104 Skráahald
 ML.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum
 B-KAFLI — ÁBYRGÐARSKYLDA
 ML.B.201 Ábyrgð
 C-KAFLI — ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
 ML.B.302 Undanþágur
 ML.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara
 ML.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir
 I-KAFLI — LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ
 ML.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi
 ML.B.903 Frávik

I. viðbætur — Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

II. viðbætur — Takmarkað viðhald af hálfu flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins

III. viðbætur — Flókin viðhaldsverkefni sem flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, má ekki votta

IV. viðbætur — Lofthæfistaðfestingavottorð (EASA-eyðublað nr. 15c)

ML.1

- a) Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. gildir þessi viðauki (ML-hluti) um eftirfarandi loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem ekki eru skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008:
- 1) flugvélar með hámarksflugtaks massa sem er 2730 kg eða minni,
 - 2) þyrilvængjur með hámarksflugtaks massa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega,
 - 3) önnur ELA2-loftför.
- b) Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera það yfirvald sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefnir.
- c) Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- 1) „óháðir viðhaldsvottar“: viðhaldsvottar sem starfa ekki fyrir hönd samþykks viðhaldsfyrirtækis og sem uppfylla annað af eftirfarandi:
 - i. kröfur III. viðauka (66. hluta),
 - ii. hvað varðar loftför sem falla ekki undir III. viðauka (66. hluta): kröfur um viðhaldsvotta sem eru í gildi í skráningar- aðildarríki loftfarsins,
 - 2) „viðhaldsfyrirtæki“: fyrirtæki sem er handhafi samþykkis sem gefið er út í samræmi við eitt af eftirfarandi:
 - i. F-kafla í I. viðauka (M-hluta),
 - ii. A-þátt í II. viðauka (145. hluta),
 - iii. A-þátt í V. viðauka d (CAO-hluta),
 - 3) „eigandi“: sá aðili sem er ábyrgur fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þ.m.t.:
 - i. skráður eigandi loftfarsins,
 - ii. leigutaki ef um er að ræða leigusamning,
 - iii. flugrekandinn.

A-ÞÁTTUR
TÆKNILEGAR KRÖFUR
A-KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

ML.A.101 Gildissvið

Í þessum þætti eru ákvarðaðar ráðstafanir sem á að gera til að tryggja lofthæfi loftfarsins. Einnig eru tilgreind þau skilyrði sem aðili eða fyrirtæki, sem koma að þeirri starfsemi sem tengist lofthæfi loftfarsins, þurfa að uppfylla.

B-KAFLI
ÁBYRGÐARSKYLDA

ML.A.201 Ábyrgð

- a) Eigandi loftfarsins skal bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi þess og tryggja að ekkert flug fari fram nema allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:
 - 1) loftfarið sé í lofthæfu ástandi,
 - 2) öll rekstrartæki og neyðarbúnaður séu rétt ísett og nothæf eða skýrt auðkennd sem ónothæf,
 - 3) lofthæfivottorðið sé gilt,
 - 4) viðhald á loftfarinu sé framkvæmt í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins, sem tilgreind er í ML.A.302.
- b) Þrátt fyrir a-lið skal ábyrgðin, sem sett er fram í a-lið, í tengslum við leigu á loftfari, hvíla á leigutakanum, ef leigutakinn er tilgreindur annaðhvort í skráningarskjali loftfarsins eða í leigusamningnum.
- c) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem annast viðhald á loftförum og íhlutum, ber ábyrgð á þeim viðhaldsverkefnum sem eru leyst af hendi.
- d) Flugstjóri loftfarsins skal bera ábyrgð á að fyrirflugsskoðun sé framkvæmd á fullnægjandi hátt. Flugmaðurinn eða annar aðili með tilskilin réttindi skal annast skoðunina en ekki er nauðsynlegt að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða viðhaldsvottar annist hana.
- e) Hvað varðar loftför, sem starfrækt eru af samþykktum þjálfunarfyrirtækjum (ATO) og yfirlýstum þjálfunarfyrirtækjum (DTO), sem starfrækt eru í ábataskyni og sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, eða sem ekki eru starfrækt í samræmi við VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta) eða starfrækt í samræmi við ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 (*), skal flugrekandinn:
 - 1) vera samþykktur sem CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars síns, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða gera samning við slíkt fyrirtæki með því að nota samninginn sem settur er fram í I. viðbæti við þennan viðauka,
 - 2) tryggja að allt viðhald sé framkvæmt af viðhaldsfyrirtækjum sem samþykkt eru í samræmi við 2. lið c-liðar í ML.1,
 - 3) tryggja að kröfur a-liðar séu uppfylltar.
- f) Til að uppfylla kröfur a-liðar getur eigandi loftfars, sem fellur ekki undir e-lið, gert samning við fyrirtæki, sem er samþykkt sem CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), um að annast þau verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi. Í því tilvikum skal verktakafyrirtækið ábyrgjast að þeim verkefnum sé sinnt á tilhlýðilegan hátt og skriflegur samningur gerður í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka. Ef eigandinn gerir ekki samning við slíkt fyrirtæki er hann ábyrgur fyrir því að verkefnum, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sé sinnt á tilhlýðilegan hátt.
- g) Eigandinn skal veita lögbæra yfirvaldinu aðgang að loftfarinu og skráum loftfarsins til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort loftfarið uppfylli kröfur þessa viðauka.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu svifflugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

ML.A.202 Tilkynning atvika

- a) Án þess að hafa áhrif á tilkynningarskylduna, sem sett er fram í II. viðauka (145. hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta), skal sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð í samræmi við ML.A.201, tilkynna um hvers konar ástand loftfars eða íhlutar, sem viðkomandi verður áskynja um og stofnar flugöryggi í hættu, til:
 - 1) lögbæra yfirvaldsins, sem skráningaraðildarríki loftfarsins tilnefni, og, ef það er annað en skráningaraðildarríkið, lögbæra yfirvaldsins sem aðildarríki flugrekandans tilnefni,
 - 2) fyrirtækisins sem ber ábyrgð á tegundarhönnuninni eða viðbótartegundarhönnuninni.
- b) Tilkynningarnar, sem um getur í a-lið, skulu skráðar á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið, sem um getur í a-lið, ákveður og hafa að geyma allar viðeigandi upplýsingar um ástandið sem aðilinn eða fyrirtækið, sem sendir tilkynninguna, hefur öðlast vitneskju um.

- c) Ef viðhald eða staðfesting á lofthæfi loftfarsins er framkvæmd á grundvelli skriflegs samnings skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á þeirri starfsemi, einnig tilkynna eiganda loftfarsins og, ef um er að ræða einhvern annan, viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki um hvers konar ástand sem um getur í a-lið.
- d) Aðilinn eða fyrirtækið skal leggja fram tilkynningarnar, sem um getur í a- og c-lið, eins og fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að aðilinn eða fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.

C-KAFLI

ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

ML.A.301 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi

Tryggja skal áframhaldandi lofthæfi loftfara og að rekstrartæki og neyðarbúnaður séu nothæf með því að:

- a) láta fara fram fyrirflugsskoðanir,
- b) lagfæra, samkvæmt gögnum sem tilgreind eru í lið ML.A.304 og ML.A.401, eftir því sem við á, hvers konar bilanir og skemmdir, sem hafa áhrif á öryggi í starfrækslu, með hliðsjón af listanum yfir lágmarksbúnað (MEL) og listanum yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug, ef þeir eru til staðar,
- c) láta framkvæma allt viðhald í samræmi við þá viðhaldsáætlun loftfars sem um getur í ML.A.302,
- d) hlíta, eftir því sem við á:
 - 1) lofthæfifyrirmælum (AD),
 - 2) rekstrarfyrirmælum sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi,
 - 3) kröfum sem Flugöryggisstofnunin setur um áframhaldandi lofthæfi,
 - 4) ráðstöfunum, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,
- e) framkvæma breytingar og viðgerðir í samræmi við ML.A.304,
- f) láta fara fram reynsluflug vegna viðhalds, þegar þörf krefur.

ML.A.302 Viðhaldsáætlun loftfars

- a) Viðhald hvers loftfars skal skipulagt í samræmi við viðhaldsáætlun loftfarsins.
- b) Viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni skulu annaðhvort:
 - 1) gefnar upp af eigandanum, í samræmi við 7. lið c-liðar í ML.A.302, þar sem áframhaldandi lofthæfi loftfarsins er ekki í umsjá CAMO- eða CAO-fyrirtækis,
 - 2) samþykktar af því CAMO- eða CAO-fyrirtæki sem er ábyrgt fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins; eigandinn, sem gefur upp viðhaldsáætlun loftfarsins í samræmi við 1. lið b-liðar, eða fyrirtækið, sem samþykkir viðhaldsáætlun loftfarsins í samræmi við 2. lið b-liðar, skal sjá til þess að viðhaldsáætlun loftfarsins sé uppfærð.
- c) Viðhaldsáætlun loftfarsins:
 - 1) skal auðkenna með skýrum hætti eiganda loftfarsins og loftfarið sem hún tengist, þ.m.t. ísettan hreyfil og skrifú, eftir því sem við á,
 - 2) skal innihalda annaðhvort:
 - a) verkefnin eða skoðanirnar, sem er að finna í viðeigandi áætlun um lágmarksskoðun (MIP), sem um getur í d-lið eða
 - b) leiðbeiningarnar um áframhaldandi lofthæfi (ICA) sem handhafi hönnunarsamþykkis (DAH) gefur út,
 - 3) getur innihaldið viðhaldsaðgerðir til viðbótar við þær sem um getur í 2. lið c-liðar eða viðhaldsaðgerðir, sem eru annar valkostur við þær sem um getur í b-lið 2. liðar c-liðar að tillögu eigandans, CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis þegar tillögurnar hafa verið samþykktar í samræmi við b-lið; viðhaldsaðgerðir, sem eru annar valkostur við þær sem um getur í b-lið 2. liðar c-liðar, skulu ekki fela í sér minni takmarkanir en þær sem settar eru fram í viðeigandi áætlun um lágmarksskoðun,
 - 4) skal innihalda allar lögboðnar upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi, s.s. endurtekin lofthæfifyrirmæli (e. *repetitive Airworthiness Directives*), þáttinn um lofthæfitakmarkanir (ALS) í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi og sérstakar viðhaldskröfur sem er að finna á gagnablaði tegundarvottorðs (TCDS),
 - 5) skal innihalda upplýsingar um hvers konar viðbótarviðhaldsverkefni, sem þarf að framkvæma vegna sérstakrar tegundar og útfærslu loftfarsins, sem og vegna tegundar og sértæki starfrækslunnar, þar sem taka skal tillit til a.m.k. eftirfarandi atriða:
 - a) tiltekins uppsetts búnaðar og breytinga á loftfarinu,
 - b) viðgerða sem framkvæmdar hafa verið á loftfarinu,
 - c) íhluta með tiltekinn endingartíma og íhluta sem eru mikilvægir varðandi öryggi flugsins,
 - d) tilmæla varðandi viðhald, t.d. tíma sem liður á milli grannskoðana (TBO), sem eru gefin út í formi þjónustu-leiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustupplýsinga,
 - e) viðeigandi rekstrarfyrirmæla eða -krafna sem tengjast reglubundinni skoðun á tilteknum búnaði,

- f) tiltekinna samþykkinga fyrir starfrækslu,
- g) notkunar loftfars og rekstrarumhverfis,
- 6) skal tilgreina hvort flugmenn, sem eru jafnframt eigendur loftfara, hafi heimild til að framkvæmda viðhald,
- 7) skal, ef eigandinn gefur áætlunina út, innihalda undirritaða yfirlýsingu þar sem eigandinn lýsir því yfir að þetta sé viðhaldsáætlun fyrir loftfar með viðkomandi einkennisstafi og að hann beri fulla ábyrgð á innihaldi áætlunarinnar og, einkum, á hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,
- 8) skal, ef CAMO- eða CAO-fyrirtækið samþykkir hana, undirritað af þessu fyrirtæki sem skal geyma skýrslur þar sem er að finna rökstuðning fyrir hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,
- 9) skal endurskoðuð a.m.k. árlega til að meta skilvirkni hennar og skal þessi endurskoðun annaðhvort framkvæmd:
 - a) í tengslum við staðfestingu á lofthæfi loftfarsins og vera í höndum þess aðila sem framkvæmir slíka staðfestingu á lofthæfi,
 - b) af því CAMO- eða CAO-fyrirtæki sem tryggir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins í þeim tilvikum þar sem endurskoðun á viðhaldsáætlun loftfarsins fer ekki fram í tengslum við staðfestingu á lofthæfi.

Ef endurskoðunin sýnir fram á annmarka að því er varðar loftfarið, sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunar loftfarsins, skal breyta viðhaldsáætluninni til samræmis við það. Í því tilviki skal sá aðili sem framkvæmir endurskoðunina upplýsa lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins um það ef hann er ekki samþykkur þeim ráðstöfunum sem eigandinn, CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtæki gerir til að breyta viðhaldsáætlun loftfarsins. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða hvaða breytingar á viðhaldsáætlun loftfarsins eru nauðsynlegar, benda á samsvarandi frávik og, ef nauðsyn krefur, bregðast við í samræmi við ML.B.304.

d) Áætlun um lágmarksskoðun:

- 1) skal fela í sér upplýsingar um þann tíma sem líður á milli skoðana:
 - a) að því er varðar flugvélar, ferðavélsvifflugur (TMG) og loftbelgi: árlega eða með 100 klukkustunda millibili, hvort heldur sem kemur fyrir, og þar sem beita má vikmörkum sem nema einum mánuði eða tíu klukkustundum; næsta tímabil skal reiknast frá og með þeim degi eða þeirri tímasetningu sem skoðunin fer fram,
 - b) að því er varðar svifflugur og vélsvifflugur, þó ekki ferðavélsvifflugur: árlega þar sem beita má vikmörkum sem nema einum mánuði; næsta tímabil skal reiknast frá og með þeim degi eða þeirri tímasetningu sem skoðunin fer fram,
- 2) skal fela í sér eftirfarandi, eftir því sem við á, um tegund loftfarsins:
 - a) viðhaldsverkefni eins og krafist er af handhafa hönnunarsamþykkis,
 - b) eftirlit með merkingum,
 - c) endurskoðun vigtunargagna og vigtunar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, reglugerð (ESB) 2018/395 og reglugerð (ESB) 2018/1976,
 - d) starfræksluþrófun ratsjársvara (ef hann er fyrir hendi),
 - e) starfræksluþrófun hraðanemakerfis,
 - f) ef um er að ræða flugvélar:
 - i. virkniprófanir á hreyfilafli og snúningshraða hreyfils á mínútu (rpm), segulrafölum, eldsneytis- og oliuþrýstingi sem og hitastigi hreyfils,
 - ii. hvað varðar hreyfla með sjálfvirka hreyfilstýringu, birta aðferð við að hita upp hreyfil,
 - iii. hvað varðar hreyfla með þurrbiðukerfi (e. *dry sump*), hreyfla með hverfiþjöppur og vökvakælda hreyfla, virkniprófun til að athuga hvort merki sé um röskun á vökvafleði,
 - g) eftirlit með ástandi og festingum byggingarhluta, -kerfa og -eininga á eftirfarandi sviðum:
 - i. að því er varðar flugvélar:

flugskrokkur, farþegarými og stjórnklefi, landingarbúnaður, væng- og miðhluti, stýrakerfi, stél, rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi, fullbúnir hreyflar, tengsli og girkassar, loftskrúfa og ýmis kerfi, s.s. björgunarfalhlíf (e. *ballistic rescue system*),
 - ii. að því er varðar svifflugur og vélsvifflugur:

flugskrokkur, farþegarými og stjórnklefi, landingarbúnaður, væng- og miðhluti, stél, rafeindabúnaður loftfars og rafkerfi, fullbúnir hreyflar (fyrir vélsvifflugur) og ýmis kerfi s.s. færanleg kjölfesta, og/eða bremsufalhlíf og stjórnþæki auk vatnskjölfestukerfis.
 - iii. að því er varðar hitalofthelgi:

belgur, brennari, karfa, eldsneytisgeymar, búnaður og mælitæki,
 - iv. að því er varðar gasloftbelgi:

belgur, karfa, búnaður og mælitæki.

Nema í þessum viðauka sé tilgreind áætlun um lágmarksskoðun að því er varðar loftskip og þyrilvængjur skal viðhaldsáætlun þeirra byggð á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi, sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út, eins og um getur í b-lið 2. liðar c-liðar.

- e) Þrátt fyrir ákvæði b- og c-liðar þarf ekki yfirlýsingu frá eiganda eða samþykki frá CAMO- eða CAO-fyrirtæki og ekki þarf að framvísa skjali fyrir viðhaldsáætlun loftfars þegar eftirtalin skilyrði eru uppfyllt:
- 1) öllum leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi, sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út, er fylgt án frábrigða,
 - 2) öllum tilmælum varðandi viðhald, t.d. sá tími sem líður á milli grannskoðana, sem eru gefin út í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga, er fylgt án frábrigða,
 - 3) ekki þarf að framkvæma nein viðbótarviðhaldsverkefni vegna einhvers eftirfarandi:
 - a) tiltekins uppsetts búnaðar og breytinga á loftfarinu,
 - b) viðgerða sem framkvæmdar hafa verið á loftfarinu,
 - c) íhluta með tiltekinn endingartíma og íhluta sem eru mikilvægir varðandi öryggi flugsins,
 - d) tiltekinna samþykkja fyrir starfrækslu,
 - e) notkunar loftfars og rekstrarumhverfis.
 - 4) Flugmönnum, sem eru jafnframt eigendur loftfara, er heimilt að framkvæma viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars.

Þessi undanþága á ekki við ef flugmanni, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eða, ef um er að ræða loftför sem eru í sameign, einhverjum flugmönnum, sem eru jafnframt eigendur, er ekki heimilt að framkvæma viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, vegna þess að það þarf að koma fram í yfirlýstri eða samþykktri viðhaldsáætlun loftfarsins.

- f) Ef skilyrðin, sem kveðið er á um í 1.–4. lið e-liðar, eru uppfyllt skal viðhaldsáætlun loftfarsins fela í sér eftirfarandi:
- 1) leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem handhafi hönnunarsamþykkis gefur út,
 - 2) tilmæli varðandi viðhald, t.d. þann tíma sem líður á milli grannskoðana, sem eru gefin út í formi þjónustuleiðbeininga, bréfa og annarra ólögbundinna þjónustuupplýsinga,
 - 3) allar lögboðnar upplýsingar um áframhaldandi lofthæfi, s.s. endurtekin lofthæffyrirmæli, þáttinn um lofthæfitakmarkanir í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi eða sérstakar viðhaldskröfur sem er að finna á gagnablaði tegundarvottorðs,
 - 4) verkefni sem eru vegna sértækra rekstrar- eða loftrýmisfyrirmæla eða krafna í tengslum við tiltekin mælitæki og búnað.

ML.A.303 Lofthæffyrirmæli

Framkvæma skal öll viðeigandi lofthæffyrirmæli í samræmi við kröfur í þeim lofthæffyrirmælum nema Flugöryggisstofnunin tilgreini annað.

ML.A.304 Gögn í tengslum við breytingar og viðgerðir

Aðili eða fyrirtæki sem gerir við loftfar eða íhlut skal meta allar mögulegar skemmdir. Við breytingar og viðgerðir skal styðjast við eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

- a) gögn sem Flugöryggisstofnunin samþykkir,
- b) gögn sem hönnunarfyrirtæki, sem uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, samþykkir,
- c) gögn sem er að finna í kröfunum, sem um getur í 21.A.90B eða 21.A.431B í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

ML.A.305 Skráakerfi fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara

- a) Að loknu hvers konar viðhaldi skal færa viðhaldsvottorðið, sem krafist er samkvæmt ML.A.801, í skráakerfið fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara. Hver færsla skal gerð eins og fljótt og auðið er en eigi síðar 30 dögum eftir að lokið hefur verið við viðhaldsverkefnið.
- b) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu samanstanda af viðhaldsskrá loftfars, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrám hreyfils, spjaldskrár yfir notkunartíma hreyfillhluta, viðhaldsskrá eða viðhaldsskrám loftskrúfu og spjaldskrár fyrir alla íhluti með tiltekinn endingartíma, eins og við á.
- c) Færa skal tegund og skrásetningarmarki loftfarsins og dagsetningu inn í viðhaldsskrá loftfarsins ásamt heildarflugtíma og notkunarskiptum í flugi og landingum.
- d) Skrár loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu innihalda:
 - 1) gildandi stöðu lofthæffyrirmæla og ráðstafana, sem lögbært yfirvald hefur gefið fyrirmæli um, til að bregðast tafarlaust við öryggisvanda,
 - 2) gildandi stöðu breytinga, viðgerða og annarra viðhaldstilmæla frá handhafa hönnunarsamþykkis,
 - 3) gildandi staða með tilliti til hlítu við kröfur viðhaldsáætlunar loftfarsins,
 - 4) gildandi stöðu íhluta með tiltekinn endingartíma,
 - 5) gildandi massa- og jafnvægisráðslu,
 - 6) gildandi skrá yfir viðhald sem slegið hefur verið á frest.

- e) Auk opinbers viðhaldsvottorðs, sem er EASA-eyðublað nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegt skjal, skal færa eftirfarandi upplýsingar, sem eiga við um alla ísetta íhluti, s.s. hreyfil, loftskrófu, hreyfilhluta eða íhlut með tiltekinn endingartíma, inn í viðeigandi viðhaldsskrá hreyfils eða loftskrófu, í spjaldskrá hreyfilhluta eða íhluta með tiltekinn endingartíma:
- 1) auðkenni íhlutarins,
 - 2) tegund, raðnúmer og, ef við á, skrásetningarkerki loftfarsins, hreyfilsins, loftskrófunnar, hreyfilhlutans eða íhlutarins með tiltekinn endingartíma sem tiltekinn íhlutur er settur í, ásamt tilvísun í ísetningu og úrtöku íhlutarins,
 - 3) dagsetningu ásamt uppsöfnuðum heildarflugtíma, notkunarskiptum í flugi, landingum og almanaksdögum tiltekins íhlutar, eftir því sem við á,
 - 4) gildandi upplýsingar sem um getur í d-lið og eiga við um íhlutinn.
- f) Aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð á stjórn verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi samkvæmt ML.A.201, skal hafa eftirlit með skránum, sem tilgreindar eru í ML.A.305, og láta lögbærum yfirvöldum þær í té að beiðni þeirra.
- g) Allar færslur í skráum loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi skulu vera skýrar og nákvæmar. Þegar nauðsynlegt er að leiðrétta færslu skal leiðréttingin gerð á þann hátt að upprunalega færslan komi skýrt fram.
- h) Eigandi skal sjá um að komið sé á fót kerfi þar sem eftirfarandi er skráð og geymt svo lengi sem hér segir:
- 1) allar sundurliðaðar viðhaldsskrár yfir loftfarið og íhluti með tiltekinn endingartíma sem settir eru í það, þar til nýjar upplýsingar, sem eru sambærilegar að því er varðar umfang og nákvæmni, hafa komið í stað upplýsinganna sem þar er að finna en eigi skemur en í 36 mánuði eftir að viðhaldsvottorð hefur verið gefið út fyrir loftfarið eða íhlutinn,
 - 2) heildartími notkunar loftfarsins og allra íhluta með tiltekinn endingartíma, þ.e. klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og landingar, í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn hefur endanlega verið tekinn úr umferð,
 - 3) notkunartími, þ.e. klukkustundir, almanaksdagar, notkunarskipti og landingar, eins og við á, frá síðasta áætlaða viðhaldi íhlutar með tiltekinn endingartíma, a.m.k. þar til farið hefur fram annað, áætlað viðhald á íhlutum sem er jafnumfangsmikið og nákvæmt og hið fyrri og
 - 4) gildandi staða með tilliti til hlítu við kröfur viðhaldsáætlunar loftfarsins, a.m.k. þar til farið hefur fram annað, áætlað viðhald á loftfarinu eða íhlutum sem er jafnumfangsmikið og nákvæmt og hið fyrri,
 - 5) gildandi staða lofthæfifyrirmæla sem varða loftfarið og íhlutina, í a.m.k. 12 mánuði eftir að loftfarið eða íhluturinn hefur endanlega verið tekinn úr umferð,
 - 6) ítarleg lýsing á nýjustu breytingum og viðgerðum sem hafa farið fram á loftfari, hreyflum, loftskrófum og öllum öðrum íhlutum sem eru nauðsynlegir vegna flugöryggis, í a.m.k. 12 mánuði eftir að þeir hafa endanlega verið teknir úr umferð.

ML.A.307 Afhending skráa loftfara yfir áframhaldandi lofthæfi

- a) Þegar loftfar er endanlega fært frá einum eiganda til annars skal eigandinn, sem sá um yfirfærsluna, tryggja að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í ML.A.305, séu einnig afhentar.
- b) Geri eigandinn samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki um að það taki að sér verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal hann sjá til þess að skrárnar yfir áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í ML.A.305, séu afhentar verktaka-fyrirtækinu.
- c) Tímaáætlunir um varðveislu skráa, sem settar eru fram í h-lið í ML.A.305, gilda áfram hjá nýja eigandanum, CAMO-fyrirtækinu eða CAO-fyrirtækinu.

D-KAFLI

VIÐHALDSSTAÐLAR

ML.A.401 Viðhaldsgögn

- a) Sá aðili eða það fyrirtæki sem annast viðhald á loftfari skal einungis nota viðeigandi viðhaldsgögn við framkvæmd viðhalds.
- b) Að því er þennan viðauka varðar merkir „viðeigandi viðhaldsgögn“:
 - 1) allar viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,
 - 2) viðeigandi lofthæfifyrirmæli,
 - 3) viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi sem handhafa tegundarvottorða og viðbótartegundarvottorða gefa út sem og önnur fyrirtæki sem birta gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 - 4) öll viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.

ML.A.402 Framkvæmd viðhalds

- a) Viðhald, sem samþykkt viðhaldsfyrirtæki framkvæma, skal fara fram í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.
- b) Hvað varðar viðhald, sem ekki er framkvæmt í samræmi við a-lið, skal sá aðili sem framkvæmir viðhaldið:
 - 1) vera hæfur til að framkvæma verkefni í samræmi við kröfurnar í þessum viðauka,
 - 2) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og laust við óhreinindi og mengun,

- 3) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401,
- 4) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401; ef þörf krefur skal prófa og kvarða verkfæri og búnað til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal,
- 5) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í viðhaldsgögnunum sem um getur í ML.A.401,
- 6) tryggja að videigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,
- 7) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,
- 8) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis,
- 9) framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,
- 10) tryggja að allt viðhald sem framkvæmt er sé rétt skráð og skjalfest.

ML.A.403 Bilun í loftfari

- a) Allar bilanir í loftfari, sem stofna flugöryggi í alvarlega hættu, skulu lagfærðar fyrir frekara flug.
- b) Eftirtaldir aðilar geta ákveðið að bilun stefni flugöryggi ekki í alvarlega hættu og frestað viðgerð til samræmis við það:
 - 1) flugmaðurinn, að því er varðar bilanir sem hafa áhrif á loftfarsbúnað sem er ekki nauðsynlegur,
 - 2) flugmaðurinn, þegar listi yfir lágmarksbúnað er notaður, að því er varðar bilanir sem hafa áhrif á loftfarsbúnað sem er nauðsynlegur — annars geta aðeins viðurkenndir viðhaldsvottar frestað viðgerð á slíkum bilunum,
 - 3) flugmaðurinn, að því er varðar bilanir aðrar en þær sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. loftfarið er starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta) eða, ef um er að ræða loftbelgi eða svifflugur, ekki starfrækt samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða ekki í samræmi við DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976,
 - ii. flugmaðurinn frestar viðgerð með samþykki eiganda loftfarsins eða, ef við á, CAMO- eða CAO-fyrirtækisins, sem samið er við,
 - 4) viðhaldsvottar með tilskilin starfsréttindi, að því er varðar aðrar bilanir en þær sem um getur í 1. og 2. lið b-liðar ef skilyrðin, sem um getur i. og ii. lið 3. liðar, eru ekki uppfyllt.
- c) Lagfæra skal allar bilanir í loftfari, sem stofna ekki flugöryggi í alvarlega hættu, eins fljótt og gerlegt er eftir að bilunarinnar í loftfarinu verður fyrst vart og innan þeirra marka sem tilgreind eru í viðhaldsgögnunum.
- d) Allar bilanir, sem eru ekki lagfærðar fyrir flug, skal skrá í skráakerfinu fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfara sem um getur í lið ML.A.305 og skal skráin vera aðgengileg flugmanninum.

E-KAFLI

ÍHLUTIR

ML.A.501 Flokkun og ísetning

- a) Nema annað sé tekið fram í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka d (CAO-hluta) við þessa reglugerð og I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, má aðeins setja íhlut í ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. hann er í viðunandi ástandi,
 - ii. gefið hafi verið út viðhaldsvottorð fyrir hann með EASA-eyðublaði nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegu eyðublaði,
 - iii. hann hefur verið merktur í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- b) Áður en íhlutur er settur í loftfar skal aðilinn eða samþykktta viðhaldsfyrirtækið sjá til þess að viðkomandi íhlutur hæfi til ísetningar ef um er að ræða tilvik þar sem mismunandi samskipan breytinga eða lofthæfifyrirmæla á við.
- c) Einungis skal festa staðlaða hluta á loftfar eða íhlut þegar stöðluðu hlutarnir eru tilgreindir í viðhaldsgögnunum. Einungis skal festa staðlaða hluta á þegar þeim fylgja gögn um samræmi sem hægt er að heimfæra til gildandi staðals og hægt er að rekja á videigandi hátt.
- d) Hráefni eða rekstrarvörur má einungis nota í loftfar eða íhlut að því tilskildu:
 - i. að framleiðandi loftfarsins eða íhlutarins heimili notkun hráefna eða rekstrarefni í viðkomandi viðhaldsgögnum eða eins og tilgreint er í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).
 - ii. að slík efni uppfylli tilskilda forskrift og að rekja megi feril þeirra.
 - iii. að slíkum efnum fylgi gögn sem varða greinilega viðkomandi efni og innihalda yfirlýsingu um að forskriftum sé fylgt auk upplýsinga um framleiðanda og birgi.
- e) Ef um er að ræða loftbelgi, þar sem mismunandi samsetningar karfa, brennara og eldsneytishylkja eru mögulegar fyrir tiltekinn belg, skal sá aðili sem sér um uppsetningu þeirra sjá til þess:

- 1) að karfan, brennarinn og/eða eldsneytishylkin hæfi til ísetningar samkvæmt gagnablaði tegundarvottorðsins eða öðrum skjölum sem um getur á gagnablaði tegundarvottorðsins,
- 2) að karfan, brennarinn og/eða eldsneytishylkin eru í nothæfu ástandi og eru með viðeigandi viðhaldsskrár.

ML.A.502 Viðhald íhluta

- a) Íhlutum, sem eigandi samþykkir í samræmi við c-lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal viðhaldið af aðila eða fyrirtæki, með fyrirvara um endursamþykki eigandans samkvæmt skilyrðunum í c-lið 21.A.307 í þeim viðauka. Ekki er heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 fyrir þetta viðhald, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara.
- b) Íhlutir skulu viðhaldsvottaðir samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Viðhaldsvottun með EASA-eyðublaði nr. 1 (eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta))	Viðhaldsvottun á loftfarsstigi samkvæmt ML.A.801 (ekki hægt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1)
Íhlutir sem er viðhaldið í samræmi við viðhaldsgögn íhluta (gögn gefin út af framleiðanda íhlutarins)		
Viðhald annað en grannskoðun	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir íhluti)	i. Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða ii. óháðir viðhaldsvottar
Grannskoðun á íhlutum öðrum en hreyflum og skrúfum	Viðhaldsfyrirtæki með íhlutaáritun	Ekki mögulegt
Grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir skrúfur)	iii. Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða iv. óháðir viðhaldsvottar
Grannskoðun á hreyflum og skrúfum loftfara sem ekki teljast til CS-VLA-, CS-22- og LSA-loftfara.	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir skrúfur)	Ekki mögulegt
Íhlutir sem viðhaldið er í samræmi við viðhaldsgögn loftfara (gögn gefin út af framleiðanda loftfarsins)		
Allir íhlutir og allar gerðir viðhalds	Viðhaldsfyrirtæki með hreyfiláritun (fyrir hreyfla) eða íhlutaáritun (fyrir íhluti)	— Viðhaldsfyrirtæki með loftfarsáritun og/eða — óháðir viðhaldsvottar

ML.A.503 Íhlutir með tiltekinn endingartíma

- a) Hugtakið „íhlutir með tiltekinn endingartíma“ tekur til eftirfarandi íhluta:
 - 1) íhluta með vottaðan endingartíma sem taka skal úr notkun við lok endingartímans og
 - 2) íhluta með tiltekinn endingartíma sem skulu teknir til viðhalds við lok endingartímans til að koma þeim aftur í nothæfu ástand.
- b) Ísettir íhlutir með tiltekinn endingartíma skulu ekki fara yfir samþykkt endingartímamörk sem tilgreind eru í viðhaldsáætlun loftfarsins og lofthæfifyrirmælunum, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í c-lið ML.A.504.
- c) Samþykktur endingartími er gefinn upp í almanaksdögum, flugstundum, lendingum eða notkunarskiptum, eins og við á.
- d) Við lok samþykktis endingartíma verður að fjarlægja íhlutinn úr loftfarinu til viðhalds eða til förgunar þegar um er að ræða íhluti með vottaðan endingartíma.

ML.A.504 Eftirlit með ónothæfum íhlutum

- a) Telja skal íhlut ónothæfan við eftirfarandi aðstæður:
 - 1) endingartími íhlutarins, sem er skilgreindur í viðhaldsáætlun loftfarsins, er runninn út,
 - 2) íhluturinn uppfyllir ekki gildandi lofthæfifyrirmæli og aðrar kröfur um áframhaldandi lofthæfi, sem Flugöryggisstofnunin gefur fyrirmæli um,
 - 3) ekki liggja fyrir upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða lofthæfistöðu íhlutarins eða hæfi hans til ísetningar,
 - 4) ef vart verður við bilun eða ólag í íhlutnum,
 - 5) íhluturinn tengist flugatviki eða flugslysi sem geta haft áhrif á nothæfi hans.
- b) Ónothæfir íhlutir skulu auðkenndir sem annaðhvort:
 - 1) ónothæfir og geymdir á öruggum stað, undir eftirliti samþykktis viðhaldsfyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta, þar til ákvörðun hefur verið tekin um framtíð viðkomandi íhlutar eða
 - 2) ónothæfir af þeim aðila eða því fyrirtæki sem lýsti íhlutinn ónothæfan og skal forræði íhlutarins flutt til eiganda loftfarsins eftir að slík yfirfærsla hefur verið skráð í skráakerfið fyrir viðhald loftfara sem um getur í ML.A.305.

- c) Ef íhlutir eru komnir fram yfir vottaðan endingartíma eða ekki er hægt að lagfæra galla eða bilun í þeim skal flokka þá sem óendurnýtanlega og skal ekki vera heimilt að setja þá aftur í íhlutabirgðakerfið nema vottaður endingartími hafi verið framlengdur eða úrlausn til viðgerða hafi verið samþykkt í samræmi við ML.A.304.
- d) Sérhver aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201 skal, ef um er að ræða ónothæfan íhlut, annaðhvort:
 - 1) geyma íhlutinn á þeim stað sem um getur í 1. lið b-liðar eða
 - 2) koma því svo fyrir, áður en ábyrgðin á slíkum íhlut er gefin eftir, að íhluturinn verði skemmdur á þann hátt að tryggt sé að það borgi sig ekki að endurnýta hann eða gera við hann.
- e) Þrátt fyrir ákvæði d-liðar getur aðili eða fyrirtæki, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201, fært ábyrgðina á íhlutum, sem flokkaðir eru sem ónothæfir, yfir á þjálfunar- eða rannsóknarfyrirtæki án þess að skemma íhlutinn.

H-KAFLI

VIÐHALDSVOTTORÐ

ML.A.801 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

- a) Viðhaldsvottorð skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á loftfari á tilhlýðilegan hátt.
- b) Viðhaldsvottorðið skal gefið út af einhverjum eftirfarandi aðila:
 - 1) viðeigandi viðhaldsvottum fyrir hönd samþykktar viðhaldsfyrirtækisins,
 - 2) óháðum viðhaldsvottum eða
 - 3) flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, í samræmi við ML.A.803.
- c) Þrátt fyrir b-lið er eigandanum heimilt, við ófyrirsjáanlegar aðstæður, þegar loftfar er kyrrsett á stað þar sem ekki er fyrir hendi neitt tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki og ekki heldur fyrir hendi neinir viðeigandi viðhaldsvottar, að leyfa sérhverjum aðila, sem hefur a.m.k. þriggja ára viðeigandi viðhaldsreynslu og hefur viðeigandi réttindi, að sjá um viðhald í samræmi við staðlana, sem settir eru fram í D-kafla þessa viðauka, og gefa út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið. Í því tilviki skal eigandinn:
 - 1) fá í hendur og varðveita í skrá loftfarsins upplýsingar um alla þá vinnu sem fer fram og um réttindi aðilans sem gefur vottorðið út,
 - 2) sjá til þess að allt slíkt viðhald sé athugað aftur og vottað, í samræmi við b-lið ML.A.801, við fyrsta hentugleika en þó innan 7 daga, eða ef um er að ræða loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta), eða ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, innan 30 daga,
 - 3) tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, eða lögbæra yfirvaldinu, ef slíkur samningur er ekki fyrir hendi, um það innan sjö daga frá því að slík heimild er veitt.
- d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út skv. 1. eða 2. lið b-liðar er viðhaldsvotti heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti hans, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.
- e) Í viðhaldsvottorði skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:
 - 1) grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram,
 - 2) hvenær viðhaldinu var lokið,
 - 3) heiti fyrirtækisins eða nafn aðilans sem gaf út viðhaldsvottorðið, þ.m.t. annaðhvort:
 - i. tilvísunarnúmer samþykkis viðhaldsfyrirtækisins og viðhaldsvottanna sem gáfu út viðhaldsvottorðið eða
 - ii. þegar um er að ræða viðhaldsvottorð skv. 2. lið b-liðar, nafn og ef við á, skírteinisnúmer þess óháða viðhaldsvotts sem gefur út viðhaldsvottorðið,
 - 4) takmarkanir á lofthæfi eða starfrækslu, ef einhverjar eru.
- f) Þrátt fyrir a-lið og með fyrirvara um g-lið má gefa út viðhaldsvottorð, innan ramma samþykktar takmarkana loftfarsins, þegar ekki er hægt að ljúka við tilskilið viðhald. Í því tilviki skal tilgreina í viðhaldsvottorðinu að ekki hafi verið hægt að ljúka viðhaldinu og þar að auki skal tilgreina allar viðeigandi lofthæfitakmarkanir eða takmarkanir á starfrækslu sem hluta af upplýsingunum sem krafist er skv. 4. lið e-liðar.
- g) Ekki skal gefa út viðhaldsvottorð ef vitað er um vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem stofnar flugöryggi í hættu.

ML.A.802 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

- a) Viðhaldsvottorð fyrir íhluti skal gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á loftfarsíhlut á tilhlýðilegan hátt í samræmi við ML.A.502.
- b) Opinbert viðhaldsvottorð, sem er EASA-eyðublað nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhluti nema þegar slíkt viðhald er vottað á loftfarsstigi eins og fram kemur í b-lið ML.A.502.

ML.A.803 Heimild flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars

- a) Til að teljast flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, verður viðkomandi:

- 1) að hafa undir höndum gilt flugmannsskírteini, eða jafngildi þess, sem aðildarríki gefur út eða staðfestir fyrir tegundar- eða flokksáritun loftfarsins,
- 2) að eiga loftfarið, annaðhvort sem einkaeigandi eða meðeigandi, og skal sá eigandi vera annaðhvort:
 - i. einn þeirra einstaklinga sem fram koma á skráningareyðublaðinu eða
 - ii. meðlimur í samtökum sem eru lögaðili og eru ekki rekin í hagnaðarskyni ef lögaðili er tilgreindur sem eigandi í skráningarskjöllum; viðkomandi meðlimur verður að taka beinan þátt í ákvarðanatöku lögaðila og lögaðilinn skal hafa falið honum að framkvæma viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars.
- b) Að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka (NCO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða, ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla í II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, getur flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, gefið út viðhaldsvottorð að loknu takmörkuðu viðhaldi af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, eins og kveðið er á um í II. viðbæti við þennan viðauka.
- c) Færa skal viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskrár og skulu þar koma fram grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvaða viðhaldsgögn voru notuð, hvenær viðhaldinu var lokið, nafn og undirskrift flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins og gefur vottorðið út, ásamt númeri flugmannsskírteinis hans (eða jafngildi þess).

I-KAFLI

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC)

ML.A.901 Staðfesting á lofthæfi loftfara

Til að tryggja að lofthæfivottorðið sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.

- a) Lofthæfistaðfestingarvottorð er gefið út í samræmi við IV. viðbæti (EASA-eyðublað nr. 15c) við þennan viðauka, að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi. Lofthæfistaðfestingarvottorðið skal gilda í eitt ár.
- b) Staðfesting á lofthæfi og útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorðs skal framkvæmd í samræmi við ML.A.903 af ýmting:
 - 1) lögbæru yfirvaldi,
 - 2) CAMO- eða CAO-fyrirtæki með tilhlýðilegt samþykki,
 - 3) samþykktu viðhaldsfyrirtæki sem framkvæmir 100 klst./árlegu skoðunina, sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins, eða
 - 4) að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka (NCO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla í II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða, ef um er að ræða svifflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla í II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976, óháðum viðhaldsvottum sem framkvæma 100 klst./árlegu skoðunina, sem er að finna í viðhaldsáætlun loftfarsins, þegar þeir eru handhafar:
 - i. skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), með tegundaráritun fyrir viðkomandi loftfar, eða, ef III. viðauki (66. hluti) gildir ekki um viðkomandi loftfar, landsbundinna réttinda fyrir viðhaldsvotta sem gilda fyrir viðkomandi loftfar,
 - ii. heimildar sem er gefin út annaðhvort af:
 - A) lögbæra yfirvaldinu, sem gaf út skírteinið í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða
 - B) ef III. viðauki (66. hluti) á ekki við, lögbæra yfirvaldinu, sem ber ábyrgð á landsbundnum réttindum fyrir viðhaldsvotta.

Óháðir viðhaldsvottar sem eru handhafar skírteinis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), mega staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem eru skráð í einhverju aðildarríkjanna. Þó skulu óháðir viðhaldsvottar með landsbundin réttindi aðeins staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir loftför sem eru skráð í því aðildarríki sem ber ábyrgð á landsbundnu réttindunum.

Lofthæfistaðfestingarvottorð, sem eru gefin út af óháðum viðhaldsvottum, sem eru handhafar landsbundinna réttinda, skulu ekki njóta gagnkvæmrar viðurkenningar þegar loftfarið er fært til annars aðildarríkis.

Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálf staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingarvottorðið.

- c) Tilhlýðilega samþykkt CAMO- eða CAO-fyrirtæki má framlengja gildistíma lofthæfistaðfestingarvottorðs um eitt ár í senn, að hámarki í tvö skipti, með fyrirvara um eftirfarandi skilyrði:
 - 1) loftfarið hefur verið undir samfelldri stjórn þessa CAMO- eða CAO-fyrirtækis næstliðna 12 mánuði,
 - 2) loftfarinu hefur verið viðhaldið af samþykktum viðhaldsfyrirtækjum næstliðna 12 mánuði og tekur þetta til viðhaldsverkefna flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem annaðhvort flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandinn, eða óháðir viðhaldsvottar framkvæma og gefa út viðhaldsvottorð fyrir,
 - 3) CAMO- eða CAO-fyrirtækið telur engar visbendingar vera um, eða hefur enga ástæðu til að ætla, að loftfarið sé ekki í lofthæfu ástandi.

Þessi framlenging af hálfu CAMO- eða CAO-fyrirtækisins er möguleg óháð því hvaða vottur eða fyrirtæki, eins og kveðið er á um í b-lið, gaf lofthæfistaðfestingarvottorðið út upphaflega.

- d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar má framlenging á viðkomandi lofthæfistaðfestingarvottorði fara fram allt að 30 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að tryggja að loftfarið sé tiltækt til að setja frumrit lofthæfi-staðfestingarvottorðsins um borð.
- e) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og/eða gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð skal eigandinn útvega lögbæra yfirvaldinu:
- 1) þau skjöl sem lögbæra yfirvaldið krefst,
 - 2) hentugt húsnæði á viðeigandi stað fyrir starfsfólk þess,
 - 3) þegar nauðsyn krefur, aðstoð viðeigandi viðhaldsvotta.

ML.A.902 Gildi lofthæfistaðfestingarvottorðs

- a) Lofthæfistaðfestingarvottorð fellur úr gildi ef:
- 1) það er ógilt tímabundið eða afturkallað,
 - 2) lofthæfivottorðið er ógilt tímabundið eða afturkallað,
 - 3) loftfarið er ekki á loftfaraskrá aðildarríkis,
 - 4) tegundarvottorðið, sem lá til grundvallar útgáfu lofthæfivottorðsins, er ógilt tímabundið eða afturkallað.
- b) Ekki má fljúga loftfari ef lofthæfistaðfestingarvottorðið er ógilt eða við eftirfarandi aðstæður:
- 1) áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða ísetts íhlutar uppfyllir ekki kröfurnar í þessum viðauka,
 - 2) loftfarið er ekki lengur í samræmi við þá tegundarhönnun sem Flugöryggisstofnunin samþykkti,
 - 3) loftfarið hefur verið starfrækt utan takmarkana í samþykktu flughandbókinni eða lofthæfivottorðinu án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir,
 - 4) loftfarið hefur lent í slysi eða flugatviki sem hefur áhrif á lofthæfi loftfarsins án þess að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir í kjölfarið til að endurheimta lofthæfi,
 - 5) breyting eða viðgerð á loftfarinu eða ísettum íhlut uppfyllir ekki kröfur I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- c) Þegar lofthæfistaðfestingarvottorð er lagt inn eða afturkallað skal því skilað til lögbæra yfirvaldsins.

ML.A.903 Ferli við staðfestingu á lofthæfi

- a) Til að uppfylla kröfurnar um staðfestingu á lofthæfi loftfars samkvæmt ML.A.901 skal starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi framkvæma skjalfesta endurskoðun á skrár loftfarsins til að staðfesta eftirfarandi:
- 1) að flugtími flugskrokk, hreyfils og loftskráfu og notkunarskipti þeirra í flugi hafi verið rétt skráð,
 - 2) að flughandbókin gildi fyrir útfærslu loftfarsins með hliðsjón af síðustu endurskoðun,
 - 3) að allt viðhald á loftfari, samkvæmt viðhaldsáætlun loftfarsins, hafi farið fram,
 - 4) að allar bilanir, sem vitað var um, hafi verið lagfærðar eða að viðgerð hafi verið frestað undir eftirliti,
 - 5) að öllum gildandi lofthæfifyrirmælum hafi verið beitt og þau rétt skráð,
 - 6) að allar breytingar og viðgerðir, sem gerðar hafa verið á loftfarinu, hafi verið skráðar og að þær uppfylli kröfur I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 - 7) að allir íhlutir með tiltekinn endingartíma, sem eru settir í loftfarið, séu rétt auðkenndir og skráðir og að samþykktur endingartími þeirra sé ekki runninn út,
 - 8) að allt viðhald hafi verið vottað í samræmi við þennan viðauka,
 - 9) að gildandi massa- og jafnvægisráskýrsla endurspeglir útfærslu loftfarsins og sé í gildi, ef þess er krafist,
 - 10) að loftfarið uppfylli kröfur síðustu endurskoðunar á tegundarhönnun þess sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt,
 - 11) að loftfarið hafi hljóðstigsvottorð sem samsvarar núverandi útfærslu loftfarsins og uppfylli kröfur I-kafla í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef þess er krafist.
- b) Starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem um getur í a-lið, skal framkvæma ástandskönnun loftfarsins. Að því er varðar þessa könnun skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og hefur ekki tilskilin starfsréttindi skv. III. viðauka (66. hluta), njóta aðstoðar starfsfólks með slík starfsréttindi.
- c) Með því að kanna ástand loftfarsins skal starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, sjá til þess að:
- 1) allar nauðsynlegar merkingar og skilti séu rétt ísett,
 - 2) loftfarið uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktu flughandbók þess,
 - 3) útfærsla loftfarsins uppfylli kröfur sem er að finna í samþykktum skjölum,
 - 4) engin augljós bilun finnist sem ekki hefur fundist lausn á samkvæmt ML.A.403,
 - 5) ekkert ósamræmi finnist á milli loftfarsins og skjalfestrar endurskoðunar á skránum sem um getur í a-lið.
- d) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar í ML.A.901 má staðfesting á lofthæfi fara fram allt að 90 dögum áður, án þess að samfella í framvindu staðfestingar á lofthæfi raskist, til að ástandsskoðun geti farið fram við viðhaldsskoðun.

- e) Lofthæfistaðfestingarvottorðið (EASA-eyðublað nr. 15c) sem sett er fram í IV. viðbæti skal einungis gefið út:
- 1) af starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi með viðeigandi heimild,
 - 2) þegar staðfesting á lofthæfi hefur verið framkvæmd að fullu og ráðin hefur verið bót á öllum frávikum,
 - 3) þegar brugðist hefur verið við öllu misræmi sem finnst í viðhaldsáætlun loftfarsins, í samræmi við h-lið, með fullnægjandi hætti.
- f) Senda skal afrit innan 10 daga af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til aðildarríkisins þar sem viðkomandi loftfar er skráð.
- g) Ekki skal fela undirverktaka verkefni sem tengjast staðfestingu á lofthæfi.
- h) Endurskoða má skilvirkni viðhaldsáætlunar loftfarsins í tengslum við staðfestingu á lofthæfi í samræmi við 9. lið c-liðar ML.A.302. Þessi endurskoðun skal framkvæmd af sama aðila og framkvæmdi staðfestinguna á lofthæfi. Ef endurskoðunin sýnir fram á annmarka að því er varðar loftfarið, sem tengja má annmörkum á innihaldi viðhaldsáætlunar loftfarsins, skal breyta viðhaldsáætluninni til samræmis við það. Aðilinn, sem framkvæmir endurskoðunina, skal upplýsa lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins um það ef hann er ekki samþykkur þeim ráðstöfunum sem eigandinn, CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið gerir til að breyta viðhaldsáætlun loftfarsins. Í slíku tilviki skal lögbæra yfirvaldið ákveða hvaða breytingar á viðhaldsáætlun loftfarsins eru nauðsynlegar, vekja athygli á samsvarandi frávikum sem skilgreind eru í ML.B.903 og, ef nauðsyn krefur, bregðast við í samræmi við lið ML.B.304.

ML.A.904 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi

- a) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og starfar fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins, skal hafa réttindi í samræmi við ML.B.902.
- b) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi fyrir hönd fyrirtækis, sem um getur í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu hafa réttindi í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.
- c) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi og starfar á eigin vegum eins og heimilað er skv. 4. lið b-liðar ML.A.901, skal hafa undir höndum:
- 1) skírteini, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta) með tegundaráritun fyrir viðkomandi loftfar, eða, ef III. viðauki (66. hluti) gildir ekki um þetta tiltekna loftfar, landsbundin réttindi fyrir viðhaldsvotta sem gilda fyrir viðkomandi loftfar og
 - 2) heimild sem er gefin út annaðhvort af:
 - i. lögbæra yfirvaldinu sem gaf út skírteinið í samræmi við III. viðauka (66. hluta),
 - ii. ef III. viðauki (66. hluti) á ekki við, lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á landsbundnum réttindum viðhaldsvotta.
- d) Heimildin, sem krafist er skv. 2. lið c-liðar, skal gefin út af lögbæru yfirvaldi þegar:
- 1) lögbæra yfirvaldið hefur metið það svo að aðilinn hafi þekkingu á þeim hlutum í þessum viðauka sem varða stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða,
 - 2) aðilinn hefur framkvæmt staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi hætti undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins.
- Þess heimild skal gilda í 5 ár svo framarlega sem handhafinn hafi framkvæmt a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á hverju 12 mánaða tímabili. Ef það er ekki gert skal ný staðfesting á lofthæfi framkvæmd með fullnægjandi hætti undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins.
- Þegar heimildin fellur úr gildi skal hún endurnýjuð í 5 ár til viðbótar með fyrirvara um staðfestingu á því að handhafi uppfylli enn kröfur 1. og 2. liðar d-liðar. Engin takmörkun er á fjölda endurnýjgana.
- Handhafi heimildarinnar skal halda skrár yfir allar þær staðfestingar á lofthæfi sem hann annast og skal, samkvæmt beiðni, hafa skrárnar til reiðu fyrir öll lögbær yfirvöld og alla eigendur loftfara, sem hann annast staðfestingu á lofthæfi fyrir.
- Lögbæra yfirvaldið getur hvenær sem er afturkallað þessa heimild ef það er ekki ánægt með hæfni handhafa eða notkun hans á slíkri heimild.

ML.A.905 Yfirfærsla á skráningu loftfara innan ESB

- a) Við yfirfærslu á skráningu loftfars innan Sambandsins skal umsækjandinn:
- 1) fyrst tilkynna fyrra aðildarríkinu heiti þess aðildarríkis þar sem loftfarið verður skrásett
 - 2) og sækja síðan um að nýja aðildarríkið gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- b) Þrátt fyrir ákvæði 3. liðar a-liðar ML.A.902 heldur eldra lofthæfivottorðið gildi sínu uns gildistími þess er útrunninn, nema ef lofthæfistaðfestingarvottorðið var gefið út af óháðum viðhaldsvottum með landsbundin réttindi viðhaldsvotta í samræmi við 4. lið b-liðar ML.A.901, en í því tilviki gildir liður ML.A.906.
- c) Þrátt fyrir a- og b-lið gildir liður ML.A.906 í þeim tilvikum þar sem loftfarið var ekki í lofthæfu ástandi í fyrra aðildarríkinu eða þegar ekki er hægt að ákvarða lofthæfistöðu loftfarsins út frá fyrirliggjandi skrá.

ML.A.906 Staðfesting á lofthæfi loftfars sem er flutt inn til Sambandsins

- a) Þegar loftfar er flutt inn frá þriðja landi til skráningar í loftfaraskrá aðildarríkis, skal umsækjandinn:

- 1) sækja um að lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins gefi út nýtt lofthæfivottorð í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 - 2) láta framkvæma staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi niðurstöðu, samkvæmt ML.A.901, fyrir loftför sem ekki eru ný,
 - 3) láta framkvæma allt viðhald sem krafist er í samþykkttri eða yfirlýstri viðhaldsáætlun loftfarsins.
- b) Ef loftfarið uppfyllir viðeigandi kröfur skal lögbæra yfirvaldið, CAMO- eða CAO-fyrirtækið, viðhaldsfyrirtækið eða óháðu viðhaldsvottarnir, sem annast staðfestingu á lofthæfi eins og kveðið er á um í b-lið ML.A.901, gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð og leggja fram afrit til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins.
- c) Eigandinn skal veita lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins aðgang að loftfarinu til skoðunar.
- d) Lögbært yfirvald skráningaraðildarríkisins skal gefa út nýtt lofthæfivottorð ef loftfarið uppfyllir ákvæði I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.

ML.A.907 Frávik

- a) Frávik eru flokkuð sem hér segir:
- 1) Fyrsta stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
 - 2) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka sem getur dregið úr öryggiskröfum og stofnað flugöryggi í hættu.
- b) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt ML.B.903 skal aðilinn eða fyrirtækið, sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201, semja og leggja fram áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem ætlað er að koma í veg fyrir að slík frávik og frumorsök þeirra komi upp aftur, til lögbæra yfirvaldsins innan ákvæðins frests sem samið er um við viðkomandi yfirvald.

B-ÞÁTTUR

VERKLAGSREGLUR FYRIR LÖGBÆR YFIRVÖLD

A-KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

ML.B.101 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsluákröfur sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á beitingu og framkvæmd ákvæða A-þáttar þessa viðauka, ber að uppfylla.

ML.B.102 Lögbært yfirvald

- a) Almenn ákvæði

Aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald sem er falin ábyrgð á að gefa út, framlengja, breyta, ógilda tímabundið eða afturkalla vottorð og á eftirliti með áframhaldandi lofthæfi. Þetta lögbæra yfirvald skal koma á skjalfestum verklagsreglum og stjórn-skipulagi.

- b) Mannafli

Fjöldi starfsfólks skal vera nægilegur til að hægt sé að uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum þætti.

- c) Réttindi og þjálfun

Allt starfsfólk, sem á hlut að starfsemi sem fellur undir þennan viðauka, skal hafa tilskilin réttindi og búa yfir viðeigandi kunnáttu, reynslu, grunnþjálfun og síþjálfun til að sinna þeim verkefnum sem því er úthlutað.

- d) Verklagsreglur

Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur þar sem tilgreint er hvornig uppfylla skuli kröfur þessa viðauka.

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar og þeim breytt til að tryggja að kröfurnar séu áfram uppfylltar.

ML.B.104 Skráahald

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja vinnsluferli hvers vottorðs og hvernar heimildar á viðunandi hátt að því er varðar útgáfu, framlengingu, breytingu, tímabundna ógildingu eða afturköllun.
- b) Í skrá yfir eftirlit með hverju loftfari skal a.m.k. vera afrit af:
- 1) lofthæfivottorði loftfarsins,
 - 2) lofthæfistaðfestingarvottorðum,
 - 3) skýrslum um staðfestingar á lofthæfi sem aðildarríkið framkvæmdi sjálf,
 - 4) öllum bréfaskiptum sem máli skipta og tengjast loftfarinu,
 - 5) upplýsingum um undanþágur og framfylgdaraðgerð eða -aðgerðir,
 - 6) öllum skjölum sem lögbæra yfirvaldið samþykkir samkvæmt þessum viðauka eða reglugerð (ESB) nr. 965/2012.
- c) Skrár, sem eru tilgreindar í b-lið, skulu varðveittar í tvö ár eftir að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.
- d) Allar skrár, sem eru tilteknaðar í ML.B.104, skulu vera tiltækar fyrir annað aðildarríki eða Flugöryggisstofnunina að beiðni þeirra.

ML.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

- a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- b) Með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að annast nauðsynlega eftirlitsstarfsemi þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi sem nær til nokkurra aðildarríkja.

B-KAFLI

*ÁBYRGÐARSKYLDA***ML.B.201 Ábyrgð**

Lögbæra yfirvaldið, sem um getur í b-lið ML.1, ber ábyrgð á því að framkvæma skoðanir og rannsóknir til að staðfesta að farið sé að kröfum þessa viðauka.

C-KAFLI

*ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI***ML.B.302 Undanþágur**

Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

ML.B.303 Eftirlit með áframhaldandi lofthæfi loftfara

- a) Á grundvelli nálgunar, sem byggist á áhættumati, skal lögbæra yfirvaldið móta könnunaráætlun til að vakta lofthæfistöðu loftfaraflotans sem er á skrá hjá því.
- b) Könnunaráætlun skal fela í sér úrtakskannanir á loftförum og skal ná yfir alla lykiláhættuþætti varðandi lofthæfi.
- c) Úrtakskönnun skal fela í sér úrtakspröfun til að staðfesta hvaða lofthæfistöðlum er náð á grundvelli gildandi krafna og greina hvers konar frávik.
- d) Öll frávik, sem greinast, skulu flokkuð í samræmi við ML.B.903 og þau skulu staðfest skriflega við þann aðila eða það fyrirtæki sem ber ábyrgð samkvæmt ML.A.201. Lögbæra yfirvaldið skal hafa viðtekið tiltekið verklag til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.
- e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik og aðgerðir til leiðréttingar.
- f) Ef vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka eða einhvers annars viðauka kemur í ljós við vöktun á loftfari skal frávikinu meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í viðeigandi viðauka.
- g) Ef þess er krafist, til að tryggja viðeigandi framfylgdaraðgerðir, skal lögbæra yfirvaldið skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld um vanefndir gagnvart kröfum sem greinast í samræmi við f-lið.

ML.B.304 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmarkanir

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) ógilda lofthæfistaðfestingarvottorð tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða
- b) ógilda tímabundið eða afturkalla lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt a-lið ML.B.903.

Lögbæra yfirvaldið, sem gaf út heimildina fyrir staðfestingu á lofthæfi samkvæmt c-lið ML.A.904 til óháðra viðhaldsvotta, skal afturkalla slíka heimild ef handhafinn framkvæmir ekki staðfestingu á lofthæfi með viðunandi hætti eða notar slíka heimild á óviðeigandi hátt.

I-KAFLI

*LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ (ARC)***ML.B.902 Staðfesting lögbæra yfirvaldsins á lofthæfi**

- a) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorðið, sem sett er fram í IV. viðbæti við þennan viðauka (EASA-eyðublað nr. 15c), skal lögbæra yfirvaldið framkvæma staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.903.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal hafa á að skipa viðeigandi starfsfólk til að annast staðfestingu á lofthæfi. Þetta starfsfólk skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
 - 1) hafa a.m.k. þriggja ára reynslu af því að starfa við áframhaldandi lofthæfi,
 - 2) hafa viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta), eða réttindi sem starfsfólk í viðhaldi, sem eru viðurkennd á landsvísi og eiga við um gerð loftfarsins (þegar 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 vísar til landsbundinna reglna), eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa,
 - 3) hafa hlotið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara,
 - 4) hafa gegnt stöðu sem heimilar þessum aðila að skrifa undir fyrir hönd lögbæra yfirvaldsins.

Þrátt fyrir 1.–4. lið hér að framan getur fjögurra ára reynsla á sviði áframhaldandi lofthæfis komið í stað kröfunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 2. liðar ML.B.902 til viðbótar við það sem þegar er krafist skv. 1. lið b-liðar ML.B.902.

- c) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir allt starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi réttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

- d) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi skal það hafa aðgang að viðeigandi gögnum, sem tilgreind eru í ML.A.305, ML.A.306 og ML.A.401.
- e) Starfsfólkið sem annast staðfestingu á lofthæfi skal gefa út lofthæfistaðfestingavottorð (EASA-eyðublað nr. 15c), eins og sett er fram í IV. viðbæti, að lokinni fullnægjandi staðfestingu á lofthæfi.
- f) Ef aðstæður leiða í ljós að öryggi sé hugsanlega ógnað skal lögbæra yfirvaldið sjálf staðfesta lofthæfi og gefa út lofthæfistaðfestingavottorðið.

ML.B.903 Frávik

Ef vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka kemur í ljós við könnun á loftfari eða með öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið:

- a) við fyrsta stigs frávik, krefjast þess að gripið verði til viðeigandi aðgerða til úrbóta áður en frekara flug fer fram og tafarlaust afturkalla eða ógilda lofthæfistaðfestingavottorðið tímabundið og
- b) við annars stigs frávik, leggja á aðgerðir til úrbóta sem eru í samræmi við eðli fráviksins.

I. viðbættir

Samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

- a) Geri eigandi samning, í samræmi við ML.A.201, við CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki um að fyrirtækið sjái um verkefni, sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal eigandinn, að beiðni lögbæra yfirvaldsins, senda lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins afrit af samningnum þegar báðir aðilar hafa undirritað hann.
- b) Samningurinn skal útfærður með hliðsjón af kröfunum í þessum viðauka og skal skilgreina í honum kvaðir undirritunar- aðilanna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins.
- c) Í honum skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:
 - 1) einkennisstafir loftfars, tegund og raðnúmer,
 - 2) nafn eiganda eða skráðs leigjanda eða upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. heimilisfang,
 - 3) upplýsingar um CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, þ.m.t. heimilisfang og
 - 4) tegund starfrækslu.
- d) Þar skal vera eftirfarandi yfirlýsing:

„Eigandinn felur CAMO-fyrirtækinu eða CAO-fyrirtækinu að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, semja og samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið og skipuleggja viðhald á loftfarinu í samræmi við fyrrnefnda viðhaldsáætlun fyrir loftför.

Í þessum samningi skuldbinda báðir undirritunaraðilar sig til að uppfylla kvaðir sínar samkvæmt samningnum.

Eigandinn lýsir því yfir að samkvæmt hans bestu vitund séu allar upplýsingar, sem CAMO- eða CAO-fyrirtækinu hafa verið veittar varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, réttar og að svo verði áfram og að loftfarinu verði ekki breytt án fyrirframsamþykkis frá CAMO- eða CAO-fyrirtækinu.

Ef annar undirritunaraðilinn uppfyllir ekki einhver ákvæði þessa samnings verður samningurinn ógildur. Í slíkum tilvikum mun eigandinn bera fulla ábyrgð á öllum verkefnum í tengslum við áframhaldandi lofthæfi loftfarsins og eigandinn mun tilkynna lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum skráningaraðildarríkisins um uppsögn samningsins innan tveggja vikna.“

- e) Geri eigandi samning við CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við ML.A.201 skulu kvaðirnar skiptast á milli samningsaðila á eftirfarandi hátt:
 - 1) **Eftirfarandi kvaðir hvíla á CAMO- eða CAO-fyrirtækinu:**
 - i. að sjá til þess að tegund loftfarsins sé skráð í skilmálum samþykkis þess,
 - ii. að virða öll skilyrðin, sem eru tilgreind hér á eftir, um að viðhalda áframhaldandi lofthæfi loftfarsins:
 - A) að semja og samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftfarið,
 - B) að láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins þegar hún hefur hlotið samþykki, auk afrits af rökstuðningi fyrir hvers konar frábrigðum frá tilmælum handhafa hönnunarsamþykkis,
 - C) að sjá til þess að fram fari tengiskoðun við fyrri viðhaldsáætlun loftfarsins til að brúa bilið yfir í kröfur samkvæmt nýju viðhaldsáætluninni,
 - D) að sjá til þess að allt viðhald sé í höndum samþykks viðhaldsfyrirtækis eða, sé það heimilt, óháðra viðhaldsvotta,
 - E) að sjá til þess að öllum gildandi lofthæffyrirmælum sé beitt,
 - F) að sjá til þess að samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða, sé það heimilt, óháðir viðhaldsvottar, lagfæri allar bilanir sem í ljós koma við viðhald, staðfestingu á lofthæfi eða sem eigandinn tilkynnir um,
 - G) að samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfitylskipana, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og kröfur um skoðun ihluta,
 - H) að láta eigandann vita í hvert skipti sem fara verður með loftfarið til samþykks viðhaldsfyrirtækis, eða, sé það heimilt, til óháðra viðhaldsvotta,

- I) að hafa umsjón með öllum tæknileg gögnum og setja þau í geymslu,
- iii. að sjá til þess að allar breytingar á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 - iv. að sjá til þess að allar viðgerðir á loftfarinu, skv. I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, hljóti samþykki áður en þær eru framkvæmdar,
 - v. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef eigandinn kemur ekki með loftfarið til viðhalds eins og CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hefur krafist,
 - vi. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef þessi samningur er ekki virtur,
 - vii. að tryggja að staðfesting á lofthæfi loftfarsins fari fram, þegar þörf krefur, og tryggja að lofthæfistaðfestingarvottorðið sé gefið út,
 - viii. að senda afrit, innan tíu daga, af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum, sem gefin eru út eða framlengd, til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins,
 - ix. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
 - x. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp.
- 2) **Eftirfarandi kvaðir hvíla á eiganda:**
- i. að þekkja grundvallaratriði viðhaldsáætlunar loftfarsins,
 - ii. að þekkja grundvallaratriði þessa viðauka,
 - iii. að fara með loftfarið til viðhalds eins og CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hefur krafist,
 - iv. að breyta ekki loftfarinu án þess að hafa samráð fyrst við CAMO- eða CAO-fyrirtækið sem samið er við,
 - v. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, um allt aukaviðhald, sem er framkvæmt án vitneskju og eftirlits CAMO- eða CAO-fyrirtækisins, sem samið er við,
 - vi. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, um allar bilanir sem finnast við starfrækslu loftfarsins með því að færa þær inn í viðhaldsskrána,
 - vii. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins ef annar hvor samningsaðilinn segir þessum samningi upp,
 - viii. að tilkynna það lögbæru yfirvaldi skráningaraðildarríkisins og CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, ef loftfarið er selt,
 - ix. að tilkynna um öll atvik eins og fyrirmæli eru gefin um í gildandi reglum,
 - x. að gefa CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, reglubundið upplýsingar um flugtíma loftfarsins og öll önnur notkunargögn samkvæmt samkomulagi við CAMO- eða CAO-fyrirtækið, sem samið er við,
 - xi. að færa viðhaldsvottorðið inn í viðhaldsskránnar, eins og um getur í c-lið ML.A.803, þegar flugmaður, sem er jafnframt eigandi loftfars, framkvæmir viðhald,
 - xii. að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við, eigi síðar en 30 dögum eftir að viðhaldsverkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, er lokið.

II. viðbætur

Takmarkað viðhald af hálfu flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins

Til viðbótar við kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skal flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, uppfylla eftirfarandi grundvallarreglur áður en hann framkvæmir viðhaldsverkefni:

a) Hæfni og ábyrgð

- 1) Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal alltaf bera ábyrgð á hvers konar viðhaldi sem hann framkvæmir.
- 2) Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal búa yfir þeirri hæfni sem krafist er til að framkvæma verkefnið. Það er á ábyrgð flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, að kynna sér sjálfur staðlað verklag við viðhald á loftfari sínu og viðhaldsáætlun loftfarsins.

b) Verkefni

Flugmanninum, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er heimilt að framkvæma einfaldar sjónrænar skoðanir eða aðgerðir til að athuga almennt ástand og augljósar skemmdir og hvort flugskrokkurinn, hreyflar, kerfi og íhlutar starfi með eðlilegum hætti.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, skal ekki votta viðhaldsverkefni ef eitthvað af eftirfarandi skilyrðum á við:

- 1) um er að ræða brýnt viðhaldsverkefni,
- 2) það krefst þess að mikilvægir íhlutir eða samstæður séu fjarlægðar,
- 3) það fer fram í samræmi við lofthæfitylskipun (AD) eða atriði úr lofthæfitakmörkunum (ALI) nema það sé sérstaklega leyft í þessari lofthæfitylskipun eða lofthæfitakmörkunum,

- 4) það krefst þess að notuð sé sérstök verkfæri eða kvörðuð verkfæri (nema skrófkyklar með átaksmæli og verkfæri til kreistitenginga),
- 5) það krefst notkunar prófunarbúnaðar eða sérstakra prófana (t.d. prófana án eyðileggingar (NDT), kerfisprófana eða virkniprófana á rafeindabúnaði loftfara),
- 6) það samanstendur af hvers konar ófyrirséðum sérskoðunum (t.d. skoðun á loftfari eftir harkalega landingu),
- 7) það hefur áhrif á kerfi sem eru nauðsynleg fyrir starfrækslu samkvæmt blindflugsreglum (IFR),
- 8) um er að ræða flókið viðhaldsverkefni í samræmi við III. viðbæti eða viðhaldsverkefni á ihlut í samræmi við a- eða b-lið ML.A.502,
- 9) það er hluti af 100 klst./árlegu skoðuninni (í þeim tilvikum er viðhaldsverkefnið sameinað staðfestingu á lofthæfi sem viðhaldsfyrirtæki eða óháðir viðhaldsvottar annast).

Viðmiðanirnar, sem um getur í 1.–9. lið, gilda umfram leiðbeiningar sem eru minna takmarkandi og eru gefnar út í samræmi við viðhaldsáætlunina fyrir loftför sem um getur í ML.A.302.

Verkefni, sem lýst er í flughandbók loftfarsins (eða öðrum rekstrarhandbókum), t.d. að undirbúa loftfarið fyrir flug (samsetning á vængjum svifflygu eða fyrirflugsverkefni eða samsetning kórfa, brennara, eldsneytishylkja og belgssamsetninga fyrir loftbelg, o.s.frv.), teljast ekki viðhaldsverkefni og því er viðhaldsvottorðs ekki krafist. Engu að síður ber aðilinn, sem setur þessa hluta saman, ábyrgð á því að tryggja að þessir hlutar hæfi til ísetningar og séu í nothæfu ástandi.

c) Framkvæmd og gögn varðandi viðhaldsverkefni flugmannsins, sem er jafnframt eigandi loftfarsins

Þau viðhaldsgögn sem tilgreind eru í lið ML.A.401 verða alltaf að vera tiltæk meðan viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram og ber að fara eftir þeim. Í samræmi við d-lið ML.A.803 verða nánari upplýsingar að koma fram í viðhaldsvottorðinu um þau gögn sem stuðst er við þegar viðhald flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, fer fram.

Flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, verður að tilkynna CAMO- eða CAO-fyrirtækinu, sem samið er við (ef slíkur samningur er fyrir hendi), um að viðhaldsverkefnum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, er lokið eigi síðar en 30 dögum eftir að hann lýkur þessum verkefnum, í samræmi við a-lið M.A.305.

III. viðbætur

Flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem jafnframt er eigandi loftfarsins, má ekki votta

Öll eftirfarandi verkefni teljast flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, má ekki framkvæma skv. II. viðbæti. Þessi verkefni skulu annaðhvort vottuð af hálfu CAO-fyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta:

- a) breyting, viðgerð eða útskipti með því að hnoðneгла, líma, húða eða málmsjóða einhverja eftirfarandi flugskrokkshluta:
 - 1) lokaðan bita (e. *box beam*),
 - 2) langband eða þverband vængs,
 - 3) vængbita,
 - 4) vængbitaflans,
 - 5) stangavirkisbita,
 - 6) lífplötur (e. *the web of a beam*),
 - 7) kjöl eða húfband á bol eða flotholti flugbáts,
 - 8) báraða álþynnu sem er í þjöppun og er hluti af smíðavirki væng- eða stélflata,
 - 9) aðalvængrif,
 - 10) væng- eða stélstoð,
 - 11) hreyfilbúkkka,
 - 12) burðarlangband eða ramma bols,
 - 13) stangavirki, lárétt stangavirki eða þverþil sem er hluti smíðavirkis,
 - 14) sætisstoð eða -festingu,
 - 15) útskipti sætisbrautar,
 - 16) stoðband eða þrýstistoð fyrir landingarbúnað,
 - 17) öxul,
 - 18) hjól og
 - 19) skíði eða skíðisfót, að undanskilinni endurnýjun á rennilagi skíða,
- b) breyting eða viðgerð á einhverjum eftirfarandi hluta:
 - 1) ytra byrði loftfars eða ytra byrði flotholts loftfars ef nota þarf undirstöðu, smíðaramma eða festingu við verkið,
 - 2) ytra byrði loftfars sem er undir álagi af þrýstijöfnuði, ef skemmdir á ytra byrðinu ná lengra en 15 cm (6 tommur) í einhverja áttina,

- 3) burðarhluta stýrakerfis, þ.m.t. stjórnvölur, fótstig, ás, stýriskvaðrantur, vinkilarmur, vindurör, stýrisflauta og eldsmíðaðir eða steyptir klofar, en að undanskildu:
 - i. festingu viðgerðarsamskeytingar eða tengingar á virum og
 - ii. útskiptum hnoðnegldrar endafestingar á ýti og togstöng.
 - 4) öðrum burðarvirkjum sem eru ekki skráð í a-lið en sem framleiðandi hefur tilgreint sem aðalburðarvirki í viðhaldshandbók sinni eða handbók fyrir viðgerðir á burðarvirkjum eða leiðbeiningum um áframhaldandi lofthæfi,
- c) framkvæmd allra eftirfarandi viðhaldsverkefna á strokkhreyfli:
- 1) að taka í sundur strokkhreyfil og setja hann síðan aftur saman í öðrum tilgangi en:
 - i. að fá aðgengi að stimpil-/strokksamstæðum eða
 - ii. að fjarlægja aftari hlíf til að skoða og/eða skipta um olíudælusamstæður, þegar slík vinna felur ekki í sér að fjarlægja innri giru og setja þá aftur í,
 - 2) að taka í sundur niðurfærslugír og setja hann aftur saman,
 - 3) að logsjóða og háhitalóða samskeyti, nema þegar um er að ræða minni háttar logsuðuviðgerðir á útblásturskerfi, sem viðurkenndur logsuðumaður eða logsuðumaður með tilskilin réttindi framkvæmir, en sem fela ekki í sér skipti á íhlutum,
 - 4) að raska stökum hlutum eininga, sem eru seldar sem einingar sem hafa verið prófaðar á prófunarbekk, nema þegar um er að ræða skipti eða stillingu hluta sem yfirleitt er hægt að skipta út eða stilla meðan á notkun stendur,
- d) jafnvægisstilling á skrúfu, nema:
- 1) fyrir vottun um kyrrujafnvægisstillingu, þegar þess er krafist samkvæmt viðhaldshandbókinni og
 - 2) fyrir hreyfijafnvægisstillingu á skrúfum, sem eru í loftfari, með því að nota rafrænan jafnvægisstillingarbúnað þegar viðhaldshandbók eða önnur samþykkt lofthæfigögn heimila það,
- e) öll viðbótarverkefni sem krefjast:
- 1) sérstakra verkfæra, sérstaks búnaðar eða sérstakrar aðstöðu eða
 - 2) umtalsverðrar samræmingarmálsmeðferðar vegna þess hve langan tíma verkefnið taka og vegna þess hve margir aðilar koma að verkefninum.

IV. viðbætur

Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15c

ATHUGASEMD: aðilar og fyrirtæki sem framkvæma staðfestingu á lofthæfi í tengslum við 100 klst./árlegu skoðunina, geta notað bakhlið þessa eyðublaðs til að gefa út viðhaldsvottorðið sem um getur í lið ML.A.801 og samsvarar 100 klst./árlegu skoðuninni.“

LOFTHÆFISTAÐFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem fara að ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta)	
Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs:	
Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2018/1139:	
[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS]	
eða	
[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMILISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]	
eða	
[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)]	
vottar hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram á eftirfarandi loftfari í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:	
Framleiðandi loftfars:	Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:
Einkennisstafir loftfars:	Raðnúmer loftfars:
og þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar (ef við á):
Fyrsta framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:
Önnur framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.
EASA-eyðublað nr. 15c, 3. útgáfa“.

VII. VIÐAUKI

„V. VIÐAUKI c

(CAMO-hluti)

EFNISYFIRLIT

A-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

- CAMO.A.005 Gildissvið
- CAMO.A.105 Lögbært yfirvald
- CAMO.A.115 Umsókn um fyrirtækjavottorð
- CAMO.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur
- CAMO.A.125 Skilmálar samþykkis og réttindi
- CAMO.A.130 Breytingar á fyrirtækinu
- CAMO.A.135 Áframhaldandi gildi
- CAMO.A.140 Aðgangur
- CAMO.A.150 Frávik
- CAMO.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
- CAMO.A.160 Tilkynning atvika
- CAMO.A.200 Stjórnunarkerfi
- CAMO.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar
- CAMO.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar
- CAMO.A.215 Aðstaða
- CAMO.A.220 Skráahald
- CAMO.A.300 Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- CAMO.A.305 Kröfur varðandi starfsfólk
- CAMO.A.310 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi
- CAMO.A.315 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
- CAMO.A.320 Staðfesting á lofthæfi
- CAMO.A.325 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

- CAMO.B.005 Gildissvið
- CAMO.B.115 Eftirlitsgögn
- CAMO.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur
- CAMO.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar
- CAMO.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli
- CAMO.B.200 Stjórnunarkerfi
- CAMO.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila
- CAMO.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu
- CAMO.B.220 Skráahald
- CAMO.B.300 Meginreglur um eftirlit
- CAMO.B.305 Eftirlitsáætlun
- CAMO.B.310 Upphafsfærli vegna vottunar
- CAMO.B.330 Breytingar
- CAMO.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta
- CAMO.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

A-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAMO.A.005 Gildissvið

Í þessum þætti eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki þarf að uppfylla til að fá útgefið eða framlengt samþykki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau.

CAMO.A.105 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald vera:

- það yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir, ef samþykkið er ekki skráð á flugrekandaskírteini,
- það yfirvald sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir, ef samþykkið er skráð á flugrekandaskírteini,
- Flugöryggisstofnunin, ef höfuðstöðvar fyrirtækisins eru staðsettar í þriðja landi.

CAMO.A.115 Umsókn um fyrirtækjavottorð

- Umsókn um vottorð eða breytingu á fyrirliggjandi vottorði í samræmi við þennan viðauka skal gerð á því formi og á þann hátt sem lögbæra yfirvaldið ákveður, að teknu tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka (M-hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og þessum viðauka.
- Þegar sótt er um vottorð í fyrsta sinn samkvæmt þessum viðauka skulu umsækjendur leggja eftirfarandi fram til lögbæra yfirvaldsins:
 - niðurstöður úr undirbúningsúttekt sem fyrirtækið annast samkvæmt viðeigandi kröfum, sem kveðið er á um í I. viðauka (M-hluta), V viðauka b og þessum viðauka,
 - skjöl sem sýna fram á hvernig þeir munu uppfylla kröfurnar sem komið er á með þessari reglugerð.
 Slík skjöl skulu innihalda verklagsreglur, eins og kveðið er á um í CAMO.A.130, sem lýsa því hvernig breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, verða meðhöndlaðar og tilkynntar til lögbæra yfirvaldsins.

CAMO.A.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC), sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
 - Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæra yfirvaldinu ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er beitt. Lýsingin skal innihalda allar viðeigandi breytingar á handbókinni eða verklagsreglum sem gætu skipt máli, sem og mat sem sýnir fram á að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- Fyrirtækið má beita öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttékið tilkynningu eins og kveðið er á um í CAMO.B.120.

CAMO.A.125 Skilmálar samþykkis og réttindi fyrirtækisins

- Samþykkið er skráð á vottorðinu sem um getur í I. viðbæti og sem lögbæra yfirvaldið gefur út.
- Þrátt fyrir ákvæði a-liðar, hvað varðar flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal samþykkið vera hluti af flugrekandaskírteininu sem lögbæra yfirvaldið gefur út fyrir loftfarið sem er starfrækt.
- Verksviðið skal tilgreint í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME) í samræmi við CAMO.A.300.
- Fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þennan viðauka, er heimilt:
 - að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara annarra en þeirra sem notuð eru af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, eins og tilgreint er á vottorðinu,
 - að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, sem notuð eru af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, ef þau eru tilgreind bæði á vottorði hans og flugrekandaskírteini,
 - að sjá til þess að undirvertakafyrirtæki sjái um takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi þegar það starfar samkvæmt stjórnunarkerfi fyrirtækisins eins og tilgreint er á vottorðinu,
 - að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt skilyrðunum í f-lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.
- Fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við þennan viðauka og er með aðalstarfsstöð sína í einu af aðildarríkjunum, getur að auki hlotið samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á og:
 - gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,
 - gefa út tilmæli um staðfestingu á lofthæfi loftfars til lögbærs yfirvalds skráningaraðildarríkisins, samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í d-lið M.A.901 eða b-lið M.A.904 í I. viðauka (M-hluta).

- f) Með fyrirvara um viðeigandi verklagsreglur í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í CAMO.A.300, getur fyrirtæki, sem er með þau réttindi sem um getur í e-lið, að auki hlotið samþykki til að gefa út flugleyfi í samræmi við d-lið 21A.711 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar loftfarið sem fyrirtækið hefur hlotið samþykki til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir, þegar fyrirtækið staðfestir samræmi við samþykkt flugskilyrði.

CAMO.A.130 Breytingar á fyrirtækinu

- a) Eftirfarandi breytingar á fyrirtækinu krefjast fyrirframsamþykkis:
- 1) breytingar sem hafa áhrif á gildissvið vottorðsins eða skilmála samþykkis fyrirtækisins,
 - 2) breytingar á starfsfólki sem tilnefnt er í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305,
 - 3) breytingar á boðleiðum milli starfsfólksins, sem tilnefnt er í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar í CAMO.A.305, og ábyrgðarmanns,
 - 4) breytingar á verklagsreglum að því er varðar breytingar sem krefjast ekki fyrirframsamþykkis, eins og um getur í c-lið.
- b) Fyrir allar breytingar sem krefjast fyrirframsamþykkis, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal fyrirtækið sækja um og hljóta samþykki sem lögbært yfirvald gefur út. Umsóknin skal lögð fram áður en nokkrar slíkar breytingar eiga sér stað til þess að gera lögbæra yfirvaldinu kleift að ákvarða hvort áfram sé farið að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar og að breyta, ef þörf er á, vottorði fyrirtækisins og tengdum skilmálum samþykkis sem því fylgja.
- Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té öll viðeigandi gögn.
- Breytingin kemur aðeins til framkvæmda við móttöku formlegs samþykkis lögbæra yfirvaldsins í samræmi við CAMO.B.330.
- Fyrirtækið skal starfa í samræmi við þau skilyrði sem lögbæra yfirvaldið hefur sett meðan á slíkum breytingum stendur, eftir því sem við á.
- c) Allar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skulu meðhöndlaðar og þær tilkynntar lögbæru yfirvaldi, eins og skilgreint er í verklagsreglunum sem um getur í b-lið CAMO.A.115 og lögbæra yfirvaldið samþykkir í samræmi við h-lið CAMO.B.310.

CAMO.A.135 Áframhaldandi gildi

- a) Fyrirtækjavottorðið skal áfram vera í gildi með fyrirvara um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- 1) að fyrirtækið fullnægi áfram kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, að teknu tilliti til ákvæða sem varða meðhöndlun frávíka eins og tilgreint er í lið CAMO.B.350,
 - 2) að lögbæra yfirvaldinu sé veittur aðgangur að fyrirtækinu eins og tilgreint er í CAMO.A.140,
 - 3) að vottorðið hafi ekki verið lagt inn eða afturkallað.
- b) Fyrir flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 ógildir uppsögn, tímabundin ógilding eða afturköllun flugrekandaskirteinis sjálfkrafa fyrirtækjavottorðið í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskirteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbæra yfirvalda.
- c) Þegar vottorðið er lagt inn eða afturkallað skal því skilað tafarlaust til lögbæra yfirvaldsins.

CAMO.A.140 Aðgangur

Í þeim tilgangi að ákvarða hvort farið sé að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar skal fyrirtækið ávallt veita aðgang að allri aðstöðu, loftföllum, skjölum, skýrslum, gögnum, verklagsreglum eða öðru efni sem viðkemur starfseminni sem á að votta, óháð því hvort hún hefur verið falið verktaka eða undirverktaka, öllum aðilum sem hafa heimild einhvers eftirtalinna yfirvalda:

- a) lögbæra yfirvaldsins sem skilgreint er í CAMO.A.105,
- b) yfirvaldsins sem starfar samkvæmt ákvæðum d-liðar CAMO.B.300 eða e-liðar CAMO.B.300.

CAMO.A.150 Frávik

- a) Eftir að tilkynnt hefur verið um frávik samkvæmt CAMO.B.350 skal fyrirtækið:
- 1) greina frumorsök eða -orsakir vanefndarinnar og áhrifaþætti þar að lútandi,
 - 2) semja áætlun um aðgerðir til úrbóta,
 - 3) sýna lögbæra yfirvaldinu fram á framkvæmd aðgerða til úrbóta, eins og það telur fullnægjandi.
- b) Aðgerðir, sem um getur í 1., 2. og 3. lið a-liðar, skulu framkvæmdar innan þess tíma sem samið var um við lögbæra yfirvaldið eins og skilgreint er í CAMO.B.350.

CAMO.A.155 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

Fyrirtækið skal framfylgja:

- a) öllum öryggisráðstöfunum sem lögbæra yfirvaldið gefur fyrirmæli um í samræmi við CAMO.B.135,
- b) öllum viðeigandi ákvæðum skyldubundinna öryggisupplýsinga sem Flugöryggisstofnunin gefur út.

CAMO.A.160 Tilkynning atvika

- a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið innleiða tilkynningarkerfi um atvik sem uppfyllir kröfur reglugerðar (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2015/1018 (*).
- b) Án þess að hafa áhrif á a-lið skal fyrirtækið tryggja að öll flugatvik, bilanir, tæknibilanir, frávik út fyrir tæknileg mörk, atvik sem myndu undirstrika ónákvæmar, ófullnægjandi eða tvíærðar upplýsingar sem er að finna í gögnum, í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, eða aðrar óvenjulegar aðstæður, sem hafa eða kunna hafa áhrif á örugga starfrækslu loftfarsins og hafa ekki haft í för með sér slys eða alvarlegt flugatvik, séu tilkynnt til lögbæra yfirvaldsins og fyrirtækisins sem ber ábyrgð á hönnun loftfarsins.
- c) Án þess að hafa áhrif á reglugerð (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1018 skulu tilkynningar, sem um getur í a- og b-lið, gerðar á því formi og með þeim hætti sem lögbæra yfirvaldið ákveður og skulu innihalda allar mikilvægar upplýsingar um ástandið, sem fyrirtækið þekkir til.
- d) Tilkynningum skal skilað svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að fyrirtækið verður áskynja um það ástand sem tilkynningin fjallar um, nema sérstakar aðstæður komi í veg fyrir það.
- e) Þar sem við á skal fyrirtækið gera skýrslu til eftirfylgni til að veita upplýsingar um þær aðgerðir sem það ætlar að grípa til í því skyni að koma í veg fyrir svipuð atvik í framtíðinni, um leið og þessar aðgerðir liggja fyrir. Þessi skýrsla skal gerð á því formi og með þeim hætti sem lögbært yfirvald ákveður.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsskiptum sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (Stjtið. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1).

CAMO.A.200 Stjórnunarkerfi

- a) Fyrirtækið skal koma á fót, innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi sem felur í sér eftirfarandi:
 - 1) að skilgreina skýrt skiptingu ábyrgðar og skyldu í öllu fyrirtækinu, þ.m.t. að ábyrgðarmaðurinn beri beina ábyrgð á örygginu,
 - 2) að lýsa grundvallarviðhorfi og meginreglum fyrirtækisins með tilliti til öryggis, þ.e.a.s. öryggisstefnunni,
 - 3) að greina öryggishættur tengdar flugi í tengslum við starfsemi fyrirtækisins, mat þeirra og stjórnun á tilheyrandi áhættum, þ.m.t. að grípa til aðgerða til að draga úr áhættunni og sannprófa skilvirkni þessara aðgerða,
 - 4) að tryggja að starfsfólk sé ávallt þjálfað og hæft til að inna af hendi verkefni sín,
 - 5) gögn yfir öll lykilverfi stjórnunarkerfisins, þ.m.t. ferli til að gera starfsfólki grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber og verklag til að breyta þessum gögnum,
 - 6) ferli til að vakta hlítni fyrirtækisins við kröfur; þessi vöktun skal fela í sér kerfi upplýsingastreymis til ábyrgðarmanns til að tryggja skilvirka framkvæmd nauðsynlegra úrbóta,
 - 7) allar viðbótarkröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- b) Stjórnunarkerfið skal vera í samræmi við stærð fyrirtækisins og eðli starfsemi þess og hve flókin hún er, að teknu tilliti til hættu og tilheyrandi áhættu sem fylgja þessari starfsemi.
- c) Ef fyrirtækið hefur eitt eða fleiri fyrirtækjavottorð til viðbótar, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðir og framseldar gerðir hennar, má samþætta stjórnunarkerfið við það kerfi sem krafist er samkvæmt einhverju af þessum viðbótarvottorðum,
- d) Þrátt fyrir ákvæði c-liðar, að því er varðar flugrekendur með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal stjórnunarkerfið, sem kveðið er á um í þessum viðauka, vera samþættur hluti af stjórnunarkerfi flugrekandans.

CAMO.A.202 Innra kerfi fyrir öryggistilkynningar

- a) Sem hluta af stjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið koma á innra kerfi fyrir öryggistilkynningar sem gerir kleift að safna upplýsingum um tilkynningarskyld atvik samkvæmt lið CAMO.A.160 og meta þau.
- b) Kerfið skal einnig gera kleift að safna upplýsingum um mistök, atvik þar sem liggur við slysi (e. *near misses*) og hættur sem tilkynnt er um innanhúss en falla ekki undir a-lið, og meta þau.
- c) Með þessu kerfi skal fyrirtækið:
 - 1) greina orsakir og áhættuþætti mistaka, atvika þar sem liggur við slysi og hætta sem tilkynnt er um og meðhöndla þau sem hluta af stjórnun öryggisáhættu í samræmi við 3. lið a-liðar CAMO.A.200,
 - 2) tryggja mat á öllum viðkomandi upplýsingum sem þekktar eru og tengjast mistökum, vanhæfni til að fylgja verklagsreglum, atvikum þar sem liggur við slysi og hættum, og aðferð til að dreifa upplýsingunum eftir því sem nauðsynlegt er.
- d) Fyrirtækið skal veita undirverktakafyrirtækjum aðgang að innra kerfi fyrirtækisins fyrir öryggistilkynningar.
- e) Fyrirtækið skal vinna að öryggisránsóknum með öðrum fyrirtækjum sem geta lagt umtalsvert af mörkum til öryggis starfsemi þess við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

CAMO.A.205 Verktakasamningar og undirverktakasamningar

- a) Þegar fyrirtækið gerir verktakasamning um viðhald eða felur undirverktaka einhvern hluta starfsemi sinnar sem snýr að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal það tryggja:

- 1) að þessi starfsemi uppfylli viðeigandi kröfur og
 - 2) að hættur í tengslum við flugöryggi, sem tengjast slíkum verktaka- eða undirverktakasamningum, teljist hluti af stjórnunarkerfi fyrirtækisins.
- b) Þegar fyrirtækið gerir undirverktakasamning við annað fyrirtæki um einhvern hluta starfsemi sinnar sem snýr að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal undirverktakafyrirtækið starfa samkvæmt samþykki fyrirtækisins. Fyrirtækið skal tryggja að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að undirverktakafyrirtækinu til að ákvarða hvort enn sé farið að viðeigandi kröfum.

CAMO.A.215 Aðstaða

Fyrirtækið skal sjá starfsfólkinu, sem tilgreint er í CAMO.A.305, fyrir hentugu skrifstofuhúsnæði á viðeigandi stöðum.

CAMO.A.220 Skráahald

- a) Skrár yfir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi
 - 1) Fyrirtækið skal tryggja að skrár, sem krafist er samkvæmt M.A.305, ML.A.305 og ef við á, M.A.306, séu geymdar.
 - 2) Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru.
 - 3) Ef fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í e-lið CAMO.A.125 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum og tilmælum, sem gefin eru út eða framlengd, eftir því sem við á, ásamt öllum fylgiskjölum. Þar að auki skal fyrirtækið varðveita afrit af öllum lofthæfistaðfestingarvottorðum sem það hefur framlengt samkvæmt þeim réttindum sem um getur í 4. lið d-liðar CAMO.A.125.
 - 4) Ef fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í f-lið CAMO.A.125 skal það varðveita afrit af öllum flugleyfum sem gefin eru út í samræmi við ákvæði 21.A.729 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
 - 5) Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum skráum, sem um getur í 2.–4. lið a-liðar, í þrjú ár eftir að ábyrgð á loftfarinu í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201 hefur verið færð til annars aðila eða fyrirtækis.
 - 6) Þegar fyrirtækið hættir rekstri skal afhenda eiganda loftfarsins allar skrár sem hafa verið varðveittar.
- b) Skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, verktakasamningum og undirverktakasamningum
 - 1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar:
 - i. skrár yfir lykilverfi í stjórnunarkerfinu eins og skilgreint er í CAMO.A.200,
 - ii. samningar, bæði verktakasamningar og undirverktakasamningar, í samræmi við lið CAMO.A.205.
 - 2) Geyma skal skrár sem tengjast stjórnunarkerfinu, sem og alla samninga samkvæmt lið CAMO.A.205, í a.m.k. fimm ár.
- c) Skrár varðandi starfsfólk
 - 1) Fyrirtækið skal tryggja að eftirfarandi skrár séu geymdar:
 - i. skrá yfir réttindi og reynslu starfsfólks sem kemur að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hlítnivöktun og öryggisstjórnun,
 - ii. skrár yfir réttindi og reynslu starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi, auk starfsfólks sem gefur út tilmæli og flugleyfi.
 - 2) Skrár varðandi allt starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi, starfsfólk sem gefur út tilmæli og starfsfólk sem gefur út flugleyfi skulu innihalda upplýsingar um öll viðeigandi réttindi, sem starfsfólkið hefur undir höndum, ásamt samantekt á viðeigandi reynslu af og þjálfun í stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og afriti af heimildinni.
 - 3) Skrár yfir starfsfólk skal geyma þann tíma sem viðkomandi starfsmaður vinnur fyrir fyrirtækið og í þrjú ár eftir að viðkomandi hefur hætt störfum þar.
- d) Fyrirtækið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir mögulega viðunandi geymslu og áreiðanlegan rekjanleika hvað varðar alla starfsemi sem framkvæmd er.
- e) Snið skráa skal tilgreint í verklagsreglum fyrirtækisins.
- f) Varðveita skal skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.

CAMO.A.300 Starfsemilýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME)

- a) Fyrirtækið skal láta lögbæra yfirvaldinu í té starfsemilýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og, eftir atvikum, tengdar handbækur og verklagsreglur, sem innihalda allar eftirfarandi upplýsingar:
 - 1) yfirlýsingu, undirritaða af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykktu starfsemilýsinguna fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi; ef ábyrgðarmaðurinn er ekki framkvæmdastjóri fyrirtækisins skal framkvæmdastjórinn meðárita yfirlýsinguna,
 - 2) öryggisstefnu fyrirtækisins, sem um getur í 2. lið a-liðar CAMO.A.200,
 - 3) verksvið fyrirtækisins sem skilmálar samþykkisins taka til,
 - 4) almenna lýsingu á þeim mannafla og því kerfi sem er til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu, eins og krafist er í d-lið CAMO.A.305,
 - 5) starfsheiti og nafn eða nöfn þeirra aðila sem um getur í 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar og f-lið CAMO.A.305,

- 6) skyldur, ábyrgðarskyldur, ábyrgðir og völd þeirra aðila sem tilnefndir eru skv. 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar og f-lið CAMO.A.305,
 - 7) skipurit sem sýnir hvernig ábyrgðarskyldur og ábyrgðir aðilanna, sem um getur í 3.–5. lið a-liðar, 2. lið b-liðar, e-lið og f-lið CAMO.A.305, eru tengdar og tengjast 1. lið a-liðar CAMO.A.200,
 - 8) skrá yfir starfsfólk sem hefur heimild til að gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í e-lið CAMO.A.305, þar sem tilgreint er, eftir atvikum, hvaða starfsfólki er heimilt að gefa út flugleyfi í samræmi við c-lið CAMO.A.125,
 - 9) almenna lýsingu á aðstöðunni og staðsetningu hennar,
 - 10) lýsingu á innra kerfinu fyrir öryggis tilkynningar, eins og krafist er samkvæmt CAMO.A.202,
 - 11) verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir að farið sé að ákvæðum þessa viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, einkum:
 - i. gögn yfir lykilverfi í stjórnunarkerfinu eins og krafist er í CAMO.A.200,
 - ii. verklagsreglur þar sem skilgreint er hvernig fyrirtækið hefur eftirlit með starfsemi sem falin er verktaka eða undirverktaka, eins og krafist er samkvæmt CAMO.A.205 og c-lið CAMO.A.315,
 - iii. verklagsreglur í tengslum við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi, eftir því sem við á,
 - iv. verklagsregluna til að ákvarða umfang breytinga sem þarfnast ekki fyrirframsamþykkis og þar sem því er lýst hvernig slíkum breytingum verður hagað og þær tilkynntar, eins og krafist er í b-lið CAMO.A.115 og c-lið CAMO.A.130,
 - v. verklagsreglur í tengslum við breytingu á starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi,
 - 12) skrána yfir samþykktar viðhaldsáætlanir loftfara þar sem samningur um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi hefur verið gerður í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201,
 - 13) skrána yfir viðhaldssamninga í samræmi við c-lið CAMO.A.315,
 - 14) skrána yfir aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur sem eru sem stendur samþykktar.
- b) Lögbært yfirvald skal samþykkja fyrstu útgáfuna af starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi. Henni skal breytt eins og nauðsyn krefur svo hún verði áfram uppfærð lýsing á fyrirtækinu.
- c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við verklagsregluna sem um getur í iv. lið 11. liðar. Lögbært yfirvald skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið þessarar verklagsreglu, sem og breytingar sem tengjast breytingunum, sem eru tilgreindar í a-lið CAMO.A.130.

CAMO.A.305 Kröfur varðandi starfsfólk

- a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi og að starfsemin geti farið fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar reglugerðir og framkvæmdargerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar. Ábyrgðarmaðurinn skal:
 - 1) sjá til þess að öll nauðsynleg hjálpargögn séu fyrir hendi til að unnt sé að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við þennan viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og í samræmi við samþykkisvottorð fyrirtækisins,
 - 2) koma á og kynna gæðastefnuna sem tilgreind er í CAMO.A.200,
 - 3) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið uppfylli ávallt viðeigandi kröfur varðandi stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi í þessum viðauka, I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta),
 - 4) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á umsjón með hlítnivöktun sem hluta af stjórnunarkerfinu,
 - 5) tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á umsjón með þróun, stjórnun og viðhaldi skilvirkra öryggis-stjórnunferla sem hluta af stjórnunarkerfinu,
 - 6) tryggja að aðilinn eða hóp aðila, sem tilnefndir eru í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar CAMO.A.305, hafi beinan aðgang til að viðkomandi sé nægilega vel upplýstur um mál er varða hlítu við kröfur og öryggi,
 - 7) sýna fram á grundvallarskilning á þessari reglugerð.
- b) Hvað varðar fyrirtæki sem einnig eru samþykkt sem flugrekendur og hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal ábyrgðarmaðurinn að auki:
 - 1) vera sá aðili sem er tilnefndur sem ábyrgðarmaður fyrir flugrekandann, eins og krafist er samkvæmt a-lið ORO.GEN.210 í III. viðauka (ORO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012,
 - 2) tilnefna aðila, sem er ábyrgur fyrir stjórnun á og eftirliti með áframhaldandi lofthæfi, sem skal ekki starfa fyrir fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) og er samningsbundið flugrekandanum, nema það hafi verið sérstaklega samþykkt af lögbæra yfirvaldinu.
- c) Aðilinn eða aðilarnir, sem tilnefndir eru í samræmi við 3.–5. lið a-liðar og 2. lið b-liðar CAMO.A.305, skulu geta sýnt fram á að þeir hafi bæði viðeigandi þekkingu, viðeigandi bakgrunn og fullnægjandi reynslu í tengslum við stjórnun á áframhaldandi

lofthæfi sem og hagnýta þekkingu á þessari reglugerð. Þessi aðili eða þessir aðilar skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.

- d) Fyrirtækið skal hafa kerfi til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til reiðu svo tryggja megi að fyrirtækið hafi nægilegan fjölda starfsfólks með viðeigandi réttindi til að skipuleggja, framkvæma, hafa umsjón og eftirlit með starfsemi fyrirtækisins í samræmi við skilmála samþykkisins.
- e) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi eða gefa út tilmæli í samræmi við e-lið CAMO.A.125, og, ef við á, gefa út flugleyfi í samræmi við f-lið CAMO.A.125, skal fyrirtækið hafa á að skipa sérmenntuðu starfsfólki sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við CAMO.A.310.
- f) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið d-liðar CAMO.A.125, skal fyrirtækið tilnefna aðila sem hafa til þess heimild.
- g) Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks, sem vinnur við hlítnivöktun, öryggisstjórnun, stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi eða útgáfu tilmæla og, ef við á, útgáfu flugleyfa í samræmi við málsmeðferð og staðla sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt. Hæfni verður, auk nauðsynlegrar sérfræðikunnáttu til að gegna starfinu, að fela í sér skilning á öryggisstjórnun og meginreglum mannbáttafraði að því er varðar starf og ábyrgð viðkomandi starfsmanns hjá fyrirtækinu.

CAMO.A.310 Réttindi starfsfólks sem annast staðfestingu á lofthæfi

- a) Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli í samræmi við e-lið CAMO.A.125 og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við f-lið CAMO.A.125, skal hafa:
 - 1) a.m.k. 5 ára reynslu af áframhaldandi lofthæfi,
 - 2) viðeigandi skírteini í samræmi við III. viðauka (66. hluta) eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi þessa í viðkomandi landi,
 - 3) fengið formlega þjálfun í viðhaldi loftfara,
 - 4) gegnt stöðu með viðeigandi ábyrgð innan samþykktu fyrirtækisins.
- b) Þrátt fyrir 1., 3. og 4. lið a-liðar hér að framan getur 5 ára reynsla af áframhaldandi lofthæfi komið í stað þeirrar kröfu sem mælt er fyrir um í 2. lið a-liðar, til viðbótar við það sem þegar er krafist skv. 1. lið a-liðar.
- c) Starfsfólk, sem fyrirtækið tilnefnir til að annast staðfestingu á lofthæfi, getur aðeins fengið heimild frá fyrirtækinu ef viðkomandi aðili hefur hlotið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa lokið staðfestingu á lofthæfi með fullnægjandi árangri undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins, eða undir eftirliti starfsfólks sem starfar hjá fyrirtækinu og hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við málsmeðferð sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt sem hluta af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- d) Fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi loftfara, geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu af stjórnun áframhaldandi lofthæfi.

CAMO.A.315 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

- a) Fyrirtækið skal tryggja að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi fari fram í samræmi við C-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.
- b) Fyrir sérhvert loftfar sem er undir stjórn fyrirtækisins, skal fyrirtækið:
 - 1) sjá til þess að samin sé viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar viðeigandi áreiðanleikaáætlanir, eins og krafist er í M.A.302 eða ML.A.302, eftir því sem við á, og að haft sé eftirlit með þeim,
 - 2) að því er varðar loftföer sem ekki eru notuð af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda ábyrgum eiganda eða flugrekanda, í samræmi við M.A.201 eða ML.A.201, eftir því sem við á, afrit af viðhaldsáætlun loftfarsins,
 - 3) sjá til þess að gögn sem notuð eru fyrir breytingar og viðgerðir uppfylli kröfur M.A.304 eða ML.A.304 eftir því sem við á,
 - 4) að því er varðar flókin, vélknúin loftföer eða loftföer sem notuð er af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, koma á verklagi til að meta valfrjálssar breytingar og/eða skoðanir og ákveða hvort þær verði gerðar, og nota til þess ferli fyrirtækisins fyrir stjórnun öryggisáhattu, eins og krafist er í 3. lið a-liðar CAMO.A.200,
 - 5) sjá til þess að farið sé með loftfarið, hreyfilinn/hreyflana, skráfuna/skráfurnar og íhluti sem settir eru í loftfarið, til tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtækis sem um getur í F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), þegar nauðsyn krefur,
 - 6) fyrirskipa viðhald, hafa umsjón með starfsemi og samræma tengdar ákvarðanir til að tryggja að viðhald fari rétt fram og sé vottað á viðeigandi hátt í þeim tilgangi að ákvarða lofthæfi loftfarsins.
- c) Ef fyrirtækið er ekki tilhlýðilega samþykkt í samræmi við F-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) skal það, í samráði við flugrekandann, hafa umsjón með skriflegu viðhaldssamningunum, sem gerð er krafa um í 3. lið e-liðar, 3. lið f-liðar, 3. lið g-liðar og 3. lið h-liðar í M.A.201 eða ML.A.201, til að tryggja:
 - 1) að tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki annist allt viðhald,
 - 2) að þær aðgerðir sem krafist er skv. 2. lið a-liðar, 3. lið a-liðar, 6. lið a-liðar og 7. lið a-liðar M.A.301 eða ML.A.301, eftir því sem við á, séu skýrt tilgreindar.

- d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækisins að því er varðar:
- 1) loftar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,
 - 2) viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla og loftskrúfa, eftir því sem við á.
- e) Fyrirtækið skal tryggja að tekið sé tillit til mannþáttafræði og takmarkana mannlegrar getu í tengslum við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. í tengslum við starfsemi sem falin er verktaka eða undirverktaka.

CAMO.A.320 Staðfesting á lofthæfi

Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við e-lið CAMO.A.125, annast staðfestingu á lofthæfi skal hún framkvæmd í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

CAMO.A.325 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) við framkvæmd verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315. Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilvikum skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt a-lið CAMO.A.220.

B-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAMO.B.005 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur og kröfur stjórnunarkerfisins sem lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og framfylgd ákvæða A-þáttar þessa viðauka, ber að uppfylla.

CAMO.B.115 Eftirlitsgögn

Lögbært yfirvald skal útvega hlutaðeigandi starfsfólki allar lagagerðir, staðla, reglur, tæknirit og tengd skjöl til að það geti innt af hendi verkefni sín og skyldur.

CAMO.B.120 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- c) Lögbært yfirvald skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem yfirvaldið notar sjálft eða sem fyrirtæki undir þeirra eftirliti nota, geri kleift að staðfesta að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal meta allar tillögur fyrirtækis um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við CAMO.A.120 með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu.

Þegar lögbæra yfirvaldið telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldrar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal það án ástæðulausrar tafar:

- 1) tilkynna umsækjanda um að hrinda megi í framkvæmd öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,
 - 2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi gögnum.
- e) Þegar lögbæra yfirvaldið notar sjálft við aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að samrýmast reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar, skal það:
- 1) gera þær tiltækar öllum fyrirtækjum og aðilum, sem það hefur eftirlit með,
 - 2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þær án ástæðulausrar tafar.

Lögbæra yfirvaldið skal útvega Flugöryggisstofnuninni nákvæma lýsingu á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur, þ.m.t. allar breytingar á verklagsreglum sem geta skipt máli, auk mats sem sýnir fram á að farið sé að kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.

CAMO.B.125 Upplýsingar til Flugöryggisstofnunarinnar

- a) Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar tilkynna Flugöryggisstofnuninni ef upp koma veruleg vandamál við beitingu reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal veita Flugöryggisstofnuninni mikilvægar upplýsingar sem varða öryggi, sem eru til komnar vegna tilkynninga um atvik sem því hefur borist samkvæmt CAMO.A.160.

CAMO.B.135 Tafarlaus viðbrögð við öryggisvandamáli

- a) Lögbæra yfirvaldið skal taka upp kerfi til að safna, greina og miðla öryggisupplýsingum með viðeigandi hætti, sbr. þó reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 (*).
- b) Flugöryggisstofnunin skal taka upp kerfi til að greina með viðeigandi hætti allar viðeigandi upplýsingar sem henni berast um öryggismál og til að veita aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni tafarlaust allar upplýsingar, þ.m.t. tilmæli eða aðgerðir til

úrþóta sem grípa á til, sem nauðsynlegar eru til þess að þau geti brugðist tímanlega við öryggisvandamáli sem tengist framleiðsluvörum, hlutum, búnaði, aðilum eða fyrirtækjum sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.

- c) Við móttöku upplýsinganna, sem um getur í a- og b-lið, skal lögbæra yfirvaldið grípa til viðunandi aðgerða til að ráða bót á öryggisvandamálinu.
- d) Aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt c-lið, skulu tafarlaust tilkynntar öllum aðilum eða fyrirtækjum sem þurfa að fara að þeim samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Lögbært yfirvald skal einnig tilkynna Flugöryggisstofnuninni um þessar aðgerðir sem og öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum ef þessar ráðstafanir krefjast sameiginlegra aðgerða.

CAMO.B.200 Stjórnunarkerfi

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda stjórnunarkerfi sem inniheldur að lágmarki:
 - 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur til að lýsa stjórnskipulagi sínu, úrræðum og aðferðum til að fara að reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar; verklagsreglurnar skulu jafnan uppfærðar og notaðar sem grundvallarvinnuskjöl hjá þessu lögbæra yfirvaldi fyrir öll tilheyrandi verkefni,
 - 2) nægilegan fjölda starfsfólks til að sinna verkefnum sínum og skyldum; skipulagskerfi skal vera til staðar til að tryggja að starfsfólk sé til taks til að tryggja að öll verkefni séu innt af hendi með fullnægjandi hætti,
 - 3) starfsfólk sem hefur réttindi til að inna af hendi störf sem þeim eru úthlutað og hafa nauðsynlega þekkingu, reynslu, grunnþjálfun og reglubundna þjálfun til að tryggja áframhaldandi hæfni,
 - 4) viðunandi aðstöðu og skrifstofuhúsnæði til að sinna úthlutaðum verkefnum,

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1018 frá 29. júní 2015 um skrá þar sem flokkuð eru atvik í almenningsskiptum sem falla undir tilkynningarskyldu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 376/2014 (Stjtið. ESB L 163, 30.6.2015, bls. 1).

- 5) ferli til að vakta hlítmi stjórnunarkerfisins við viðeigandi kröfur og að verklagsreglur séu fullnægjandi, þ.m.t. að koma á fót verklagi fyrir innri úttektir og verklagi fyrir stjórnun öryggisáættu; þessi vöktun skal fela í sér kerfi upplýsinga-streymis um niðurstöður úttekta til yfirstjórnar lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að gerðar verði nauðsynlegar aðgerðir til úrbóta,
- 6) aðila eða hóp aðila, sem bera endanlega ábyrgð á hlítnivöktuninni gagnvart yfirstjórn lögbæra yfirvaldsins.
- b) Fyrir hvert athafnasvið, þ.m.t. stjórnunarkerfið, skal lögbæra yfirvaldið tilnefna einn eða fleiri aðila sem bera heildarábyrgð á stjórn viðeigandi verkefnis eða verkefna.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal setja verklagsreglur til að taka þátt í gagnkvæmum skiptum á nauðsynlegum upplýsingum og aðstoð við önnur hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, þ.m.t. um öll frávik sem koma upp og eftirfylgnaaðgerðir sem gripið er til í kjölfar eftirlits með aðilum eða fyrirtækjum, sem starfa á yfirráðasvæði aðildarríkis en hafa vottun frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða Flugöryggisstofnuninni.
- d) Afrit af verklagsreglunum sem tengjast stjórnunarkerfinu og breytingum þar á skulu gerðar aðgengilegar Flugöryggisstofnuninni af ástæðum er varða stöðlun og fyrirtækjunum, sem falla undir þessa reglugerð, ef þess er óskað.

CAMO.B.205 Úthlutun verkefna til hæfra aðila (e. *qualified entities*)

- a) Aðildarríkin mega aðeins úthluta verkefnum, sem tengjast fyrstu vottun eða samfelldu eftirliti með aðilum eða fyrirtækjum, sem falla undir reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, til hæfra aðila. Þegar lögbæra yfirvaldið úthlutar verkefnum skal það tryggja að það hafi:
 - 1) yfir að ráða kerfi fyrir upphafsmat og símat á því að hæfi aðilinn fari að kröfum VI. viðauka, „Grunnkröfur sem gerðar eru til hæfra aðila“, í reglugerð (ESB) 2018/1139; þetta kerfi og niðurstöðurnar úr matinu skulu skjalfestar,
 - 2) komið á skjalfestu samkomulagi við hæfa aðilann, sem báðir aðilar hafa samþykkt á viðeigandi stjórnunarstigi, þar sem tilgreint er með skýrum hætti:
 - i. verkefni sem inna á af hendi,
 - ii. yfirlýsingar, skýrslur og skrár sem leggja á fram,
 - iii. tæknileg skilyrði, sem á að uppfylla þegar slík verkefni eru innt af hendi,
 - iv. tilheyrandi bótaábyrgð,
 - v. verndun upplýsinga sem aflað er þegar slík verkefni eru innt af hendi.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að ferlið fyrir innri úttekt og ferlið fyrir stjórnun öryggisáættu, sem gerð er krafa um í 5. lið a-liðar CAMO.B.200, nái yfir öll verkefni í tengslum við vottun eða samfellt eftirlit sem framkvæmd eru fyrir hönd yfirvaldsins.

CAMO.B.210 Breytingar á stjórnunarkerfinu

- a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar. Þetta kerfi skal gera því kleift að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að stjórnunarkerfi þess verði áfram fullnægjandi og árangursríkt.

- b) Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra stjórnarkerfi sitt til að endurspeglar tímanlega allar breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna Flugöryggisstofnuninni um breytingar sem hafa áhrif á getu þess til að inna af hendi verkefni sín og skyldustörf eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldum gerðum og framkvæmdargerðum hennar.

CAMO.B.220 Skráahald

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gefur möguleika á viðunandi geymslu, aðgengi að og áreiðanlegum rekjanleika hvað varðar:
 - 1) skjalfest stefnumál og verklagsreglur stjórnarkerfisins,
 - 2) þjálfun, réttindi og heimildir starfsfólks þess,
 - 3) úthlutun verkefna, sem nær yfir þættina sem gerð er krafa um í CAMO.B.205, sem og upplýsingar um úthlutað verkefni,
 - 4) vottunarferli og samfellit eftirlit með vottuðum fyrirtækjum, þ.m.t.:
 - i. umsókn um fyrirtækjavottorð,
 - ii. áætlun lögbæra yfirvaldsins um samfellit eftirlit, þ.m.t. allar mats-, úttektar- og skoðunarskrár,
 - iii. fyrirtækjavottorðið með áorðnum breytingum,
 - iv. afrit af áætluninni um samfellit eftirlit þar sem skráðar eru dagsetningar fyrirhugaðra úttekta og lokinna úttekta,
 - v. afrit af öllum formlegum bréfaskiptum,
 - vi. upplýsingar um frávik, aðgerðir til úrbóta, dagsetningu fyrir lok aðgerða, undanþágur og framfylgdaraðgerðir,
 - vii. mats-, úttektar- og skoðunarskýrslur útgefnar af öðru lögbæru yfirvaldi samkvæmt d-lið CAMO.B.300,
 - viii. afrit af öllum starfsemislýsingum fyrirtækisins fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME) eða handbókum fyrirtækisins og breytingum á þeim,
 - ix. afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt,
 - 5) mat og tilkynningar til Flugöryggisstofnunarinnar hvað varðar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki leggja til, og mat á öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur sem lögbæra yfirvaldið notast sjálft við,
 - 6) upplýsingar um öryggismál og ráðstafanir til eftirfylgni í samræmi við CAMO.B.125,
 - 7) notkun ákvæða um sveigjanleika í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal halda skrá yfir öll fyrirtækjavottorð sem það gefur út.
- c) Geyma skal öll gögn, sem um getur í a- og b-lið, í minnst fimm ár, sbr. þó gildandi lög um gagnavernd.
- d) Allar skrár sem um getur í a- og b-lið skulu gerðar aðgengilegar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni sé þess óskað.

CAMO.B.300 Meginreglur um eftirlit

- a) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta:
 - 1) hlítu við þær kröfur sem eiga við um fyrirtæki, áður en gefið er út fyrirtækjavottorð, ef við á,
 - 2) að fyrirtæki, sem það hefur vottað, fari enn að viðeigandi kröfum,
 - 3) framkvæmd viðeigandi öryggisráðstafana, sem lögbæra yfirvaldið hefur gefið fyrirmæli um, eins og skilgreint er í c- og d-lið í CAMO.B.135.
- b) Þessi staðfesting skal:
 - 1) studd skjölum, sem einkum er ætlað að leiðbeina starfsfólki, sem ber ábyrgð á öryggiseftirliti, um hvernig það eigi að sinna störfum sínum,
 - 2) veita hlutaðeigandi fyrirtækjum niðurstöður úr öryggiseftirlitinu,
 - 3) byggð á mati, úttektum og skoðunum, þ.m.t. fyrirvaralausum skoðunum,
 - 4) útvega lögbæra yfirvaldinu þær upplýsingar sem þarf ef grípa þarf til frekari aðgerða, þ.m.t. ráðstafana sem kveðið er á um í CAMO.B.350 „Frávik og aðgerðir til úrbóta“.
- c) Umfang eftirlitsins, eins og það er skilgreint í a- og b-lið, skal ákvarðast að teknu tilliti til niðurstaðna úr fyrri eftirlitsstarfsemi og til forgangsröðunar í öryggismálum.
- d) Ef fyrirtæki er með aðstöðu í fleiri en einu ríki getur lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í CAMO.A.105, samþykkt að eftirlitsverkefni séu framkvæmd af lögbæru yfirvaldi eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu eða aðildarríkjum þar sem aðstaðan er staðsett eða af Flugöryggisstofnuninni þegar um er að ræða aðstöðu sem staðsett er í þriðja landi. Öll fyrirtæki, sem heyra undir slíkt samkomulag, skulu upplýst um tilvist þess og umfang.
- e) Hvað varðar eftirlit, sem fer fram í aðstöðu sem staðsett er í öðru ríki, skal lögbæra yfirvaldið, eins og það er skilgreint í CAMO.A.105, upplýsa lögbært yfirvald í viðkomandi ríki, eða Flugöryggisstofnunina þegar um er að ræða aðstöðu fyrirtækja sem hafa höfuðstöðvar sínar í þriðja landi, áður en það fer á staðinn til að framkvæma úttekt eða skoðun á slíkri aðstöðu.

- f) Lögbæra yfirvaldið skal safna og vinna úr öllum upplýsingum sem teljast gagnlegar við eftirlit, þ.m.t. við fyrirvaralausar skoðanir.

CAMO.B.305 Eftirlitsáætlun

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og viðhalda eftirlitsáætlun sem nær yfir eftirlitsstarfsemina sem gerð er krafa um í CAMO.B.300.
- b) Eftirlitsáætlunin skal mótuð með tilliti til sérstaks eðlis fyrirtækisins, þess hve flókin starfsemi þess er, niðurstaðna úr fyrri vottunum og/eda eftirlitsstarfsemi og skal áætlunin byggð á mati á tengdum áhættuþáttum. Hver eftirlitslota áætlunarinnar skal ná yfir:
- 1) mat, úttektir og skoðanir, þ.m.t. fyrirvaralausar skoðanir, og, eftir því sem við á:
 - i. mat á stjórnunarkerfum og úttektir á ferlum,
 - ii. úttektir á framleiðsluvörum á viðeigandi úrtaki af loftförum sem eru undir stjórn fyrirtækisins,
 - iii. úrtakskönnun á staðfestingum á lofthæfi sem framkvæmdar hafa verið,
 - iv. úrtakskönnun á flugleyfum sem gefin hafa verið út,
 - 2) fundi sem boðaðir eru á milli ábyrgðarmanns og lögbæra yfirvaldsins til að tryggja að báðir aðilar séu upplýstir um mikilvæg atriði.
- c) Að því er varðar fyrirtæki, sem lögbæra yfirvaldið hefur vottað, skal nota eftirlitslotu sem er ekki lengri en 24 mánuðir.
- d) Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotuna að hámarki í 36 mánuði ef lögbæra yfirvaldið hefur á næstliðnum 24 mánuðum komist að raun um:
- 1) að fyrirtækið hafi með skilvirkum hætti borið kennsl á hættur í tengslum við flugöryggi og náð stjórn á tengdum áhættuþáttum,
 - 2) að fyrirtækið hafi stöðugt sýnt fram á, samkvæmt CAMO.A.130, að það hafi fulla stjórn á öllum breytingum,
 - 3) að engin fyrsta stigs frávik hafi verið gefin út,
 - 4) að allar aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar innan þess tímabils sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, eins og skilgreint er í CAMO.B.350.
- Þrátt fyrir c-lið, má framlengja eftirlitslotu aftur um að hámarki 48 mánuði ef fyrirtækið hefur, til viðbótar við skilyrðin í 1.–4. lið fyrsta undirliðar, komið á fót og lögbæra yfirvaldið samþykkt skilvirkt kerfi fyrir samfelldar tilkynningar til lögbæra yfirvaldsins um öryggisframmistöðu og reglufylgni fyrirtækisins sjálfs.
- e) Styttu má eftirlitslotuna ef sönnun er fyrir því að öryggisframmistaða fyrirtækisins hafi versnað.
- f) Í eftirlitsáætluninni skulu vera skrár yfir dagsetningar fyrirhugaðra úttekta, skoðana og funda og hvenær lokið var við slíkar úttektir, skoðanir og fundi.
- g) Við lok hverrar eftirlitslotu skal lögbæra yfirvaldið gefa út skýrslu, sem endurspeglar niðurstöður eftirlitsins, með tilmælum um framlengingu á samþykki.

CAMO.B.310 Upphafserli vegna vottunar

- a) Við móttöku umsóknar um fyrstu útgáfu vottorðs fyrir fyrirtæki skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur.
- b) Boða skal til fundar með ábyrgðarmanni fyrirtækisins a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna fyrstu vottunar fer fram til að tryggja að hann/hún skilji til fulls merkingu vottunarferlisins og ástæðu þess að skrifa þurfi undir yfirlýsingu fyrirtækisins um að fylgja verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemislýsinguinni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, aðgerðir til úrbóta (aðgerðir til að ráða bót á frávikum) og tilmæli.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við fyrirtækið öll frávik sem komu í ljós við sannpröfunina. Þegar um er að ræða fyrstu vottun þarf fyrirtækið að ráða bót á öllum frávikum með fullnægjandi hætti að mati lögbæra yfirvaldsins áður er hægt er að gefa út vottorðið.
- e) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það:
- 1) gefa út vottorðið sem um getur í I. viðbæti, „EASA-eyðublað nr. 14“, við þennan viðauka,
 - 2) formlega samþykkja starfsemislýsinguina fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- f) Tilvísunarnúmer vottorðsins skal koma fram á EASA-eyðublaði nr. 14 á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.
- g) Vottorðið skal gefið út með ótakmarkaðan gildistíma. Réttindi og umfang starfseminnar, sem fyrirtækið hefur heimild til að annast, þ.m.t. allar takmarkanir eftir því sem við á, skulu tilgreind í skilmálum samþykkisins sem fylgja vottorðinu.
- h) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds í samræmi við c-lið CAMO.A.130 skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðkomandi starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, þar sem umfang slíkra breytinga er skilgreint og því lýst hvernig slíkar breytingar verða meðhöndlaðar og þær tilkynntar.

CAMO.B.330 Breytingar

- a) Við móttöku umsóknar um breytingu sem krefst fyrirframsamþykkis skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið.

- b) Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða með hvaða skilyrðum fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi.
- c) Þegar lögbæra yfirvaldið er sannfært um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur skal það samþykkja breytinguna.
- d) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir skal lögbæra yfirvaldið fella tímabundið úr gildi, takmarka eða afturkalla vottorð fyrirtækisins ef fyrirtækið gerir breytingar, sem krefjast fyrirframsamþykkis, án þess að hafa fengið samþykki lögbæra yfirvaldsins samkvæmt c-lið.
- e) Hvað varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta upplýsingarnar, sem fram koma í tilkynningunni sem fyrirtækið sendir í samræmi við c-lið CAMO.A.130, til að ganga úr skugga um að viðeigandi kröfur séu uppfylltar. Ef um er að ræða vanefndir gagnvart kröfum skal lögbæra yfirvaldið:
 - 1) tilkynna fyrirtækinu um þessa vanefnd og fara fram á frekari breytingar,
 - 2) ef um er að ræða fyrsta eða annars stigs frávik, fara eftir ákvæðum CAMO.B.350.

CAMO.B.350 Frávik og aðgerðir til úrbóta

- a) Lögbæra yfirvaldið skal búa yfir kerfi til að greina frávik með tilliti til áhrifa þeirra á öryggi.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út fyrsta stigs frávik þegar um er að ræða verulegar vanefndir gagnvart kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða skilmálum samþykkis eða vottorðs, sem dregur úr öryggi eða stofnar flugöryggi í mikla hættu.
Fyrsta stigs frávik tekur m.a. til eftirfarandi:
 - 1) lögbæra yfirvaldinu er ekki veittur aðgangur að húsnæði fyrirtækisins, eins og skilgreint er í CAMO.A.140, þann hluta dags sem starfsemin fer fram eftir að þess hefur tvisvar verið óskað skriflega,
 - 2) fyrirtækjavottorð er fengið eða gildi þess viðhaldið með því að leggja fram fölsuð skrifleg gögn,
 - 3) sannanir um misferli eða sviksamlega notkun fyrirtækjavottorðsins,
 - 4) vöntun á ábyrgðarmanni.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út annars stigs frávik þegar í ljós kemur vanefnd gagnvart viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar, gagnvart verklagsreglum og handbókum fyrirtækisins eða ákvæðum samþykkis eða vottorðs, sem gæti dregið úr öryggi eða stofnað flugöryggi í hættu.
- d) Þegar frávik uppgötvast við eftirlit eða með einhverjum öðrum hætti skal lögbæra yfirvaldið, með fyrirvara um hvers kyns viðbótaraðgerðir sem gerð er krafa um í reglugerð (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, senda fyrirtækinu skriflega ábendingu um frávik og fara fram á aðgerðir til úrbóta til að ráða bót á þeim vanefndum sem komu í ljós. Ef frávik tengist loftfari beint skal lögbæra yfirvaldið senda tilkynningu til þess ríkis þar sem loftfarið er skráð.
 - 1) Þegar um er að ræða fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa tafarlaust til viðeigandi aðgerða til að banna eða takmarka starfsemi og, ef við á, grípa til aðgerða til að afturkalla vottorðið eða til að takmarka eða ógilda það tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að grípa til árangursríkra aðgerða til úrbóta.
 - 2) Þegar um er að ræða annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið:
 - i. veita fyrirtækinu frest til að ráða bót á frávikinu sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó aldrei lengri í upphafi en þrjú mánuðir. Fresturinn skal hefjast frá dagsetningu skriflegu tilkynningarinnar um frávik til fyrirtækisins þar sem krafist er aðgerða til úrbóta til að bregðast við þeim vanefndum sem komu í ljós; við lok þessa tímabils og með hliðsjón af eðli fráviksins og fyrri öryggisframmistöðu fyrirtækisins er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta, sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,
 - ii. meta áætlunina um aðgerðir til úrbóta og framkvæmdáætlunina, sem fyrirtækið leggur fram, og samþykkja þær ef niðurstaðan úr matinu er sú að þetta dugi til að bregðast við vanefndunum.
 - 3) Ef fyrirtæki leggur ekki fram viðunandi áætlun um aðgerðir til úrbóta eða framkvæmir ekki til aðgerðir til úrbóta, innan þess tímafrests sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt eða framlengt, skal frávik hækkað upp í fyrsta stigs frávik og gripið skal til þeirra aðgerða sem mælt er fyrir um í 1. lið d-liðar.
 - 4) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik, sem það vekur máls á eða sem því hefur borist tilkynning um í samræmi við e-lið, og, þar sem við á, þær framfylgdarráðstafanir sem það hefur beitt sem og allar aðgerðir til úrbóta og þá dagsetningu sem frávik eru leidd til lykta.
- e) Án þess að hafa áhrif á frekari framfylgdarráðstafanir gildir það að ef yfirvald í aðildarríki, sem starfar samkvæmt ákvæðum d-liðar CAMO.B.300, uppgötvur að fyrirtæki, sem vottað er af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnunninn, fari ekki að viðeigandi kröfum reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerðum og framseldum gerðum hennar, skal það upplýsa viðkomandi lögbæra yfirvald þar um og tilgreina á hvaða stigi frávik er.

CAMO.B.355 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) ógilda vottorð tímabundið á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað,
- b) ógilda vottorð tímabundið, afturkalla það eða takmarka samkvæmt CAMO.B.350.

- c) ógilda vottorð tímabundið ef skoðunarmenn lögbæra yfirvaldsins geta ekki, á 24 mánaða tímabili, leyst af hendi efirlits- skyldur sínar með úttekt eða úttektum á starfsstöð vegna stöðu flugverndar í ríkinu þar sem aðstaðan er staðsett.

I. viðbætur

Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi — EASA-eyðublað nr. 14

<p>[AÐILDARRÍKI (*)] Aðildarríki Evrópusambandsins (*)</p> <p>VOTTORÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI</p> <p>Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAMO.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)</p> <p>Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS*] hér með að:</p> <p>[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]</p> <p>er fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem uppfyllir kröfur A-þáttar V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.</p> <p>SKILYRÐI:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemlýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eins og um getur í A-þætti í V. viðauka c (CAMO-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014. 2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemlýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014. 3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykkt viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) og V. viðauka c (CAMO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014. 4. Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við einn eða fleiri undirverktaka innan ramma eigin stjórnunarkerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin haldi áfram að uppfylla viðeigandi samningsskyldur. 5. Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað. <p>Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir handhafa flugrekandaskírteinis (flugrekendur sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008), skal númeri flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði koma í staðinn fyrir skilyrði nr. 5:</p> <ol style="list-style-type: none"> 6. Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar. 7. Þetta vottorð ógildist sjálfkrafa með tilliti til þeirra loftfara sem skráð eru á flugrekandaskírteininu ef flugrekandaskírteini flugrekanda, sem er með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, fellur úr gildi, er fellt tímabundið úr gildi eða það afturkallað, nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda. 8. Svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað. <p>Upphaflegur útgáfudagur:</p> <p>Undirskrift:</p> <p>Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:</p> <p>Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]</p> <p>Blaðsíða ...af ...</p> <p>(* Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.</p>
--

**FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI
SKILMÁLAR SAMÞYKKIS**

Tilvisun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).CAMO.XXXX

(Tilvisunamr.: AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMLISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Undirvertakafyrirtæki
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við verksvið, sem um getur í samþykktu starfsemislýsinguinni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, í þætti

Tilvisun í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning síðustu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 14, 5. útgáfa

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal út það sem ekki á við ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

VIII. VIÐAUKI

„V. viðauki d

(CAO-hluti)

EFNISYFIRLIT

CAO.1 Almenn ákvæði

A-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAO.A.010 Gildissvið

CAO.A.015 Umsókn

CAO.A.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

CAO.A.020 Skilmálar samþykkis

CAO.A.025 Starfsemis lýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (e. *combined airworthiness exposition*)

CAO.A.030 Aðstaða

CAO.A.035 Kröfur varðandi starfsfólk

CAO.A.040 Viðhaldsvottar

CAO.A.045 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

CAO.A.050 Íhlutir, búnaður og verkfæri

CAO.A.055 Viðhaldsgögn og verkbeiðnir

CAO.A.060 Viðhaldsstaðlar

CAO.A.065 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

CAO.A.070 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

CAO.A.075 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO.A.080 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO.A.085 Staðfesting á lofthæfi

CAO.A.090 Skráahald

CAO.A.095 Réttindi fyrirtækisins

CAO.A.100 Gæðakerfi og úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)

CAO.A.105 Breytingar á fyrirtækinu

CAO.A.110 Áframhaldandi gildi

CAO.A.115 Frávik

B-ÞÁTTUR — KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAO.B.010 Gildissvið

CAO.B.015 Lögbært yfirvald

CAO.B.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

CAO.B.020 Skráahald

CAO.B.025 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

CAO.B.030 Ábyrgð

CAO.B.035 Undanþágur

CAO.B.040 Umsókn

CAO.B.045 Fyrsta samþykki

CAO.B.050 Útgáfa samþykkis

CAO.B.055 Samfellt eftirlit

CAO.B.060 Frávik

CAO.B.065 Breytingar

CAO.B.070 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

I. viðbætur — Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis

CAO.1 Almenn ákvæði

Að því er varðar þennan viðauka (CAO-hluta) gildir eftirfarandi:

- 1) „lögbært yfirvald“ skal:
 - a) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í aðildarríki, vera það yfirvald sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir,
 - b) þegar um er að ræða fyrirtæki sem hafa höfuðstöðvar í þriðja landi, vera Flugöryggisstofnunin,
- 2) með „eiganda“ er átt við þann aðila sem er ábyrgur fyrir áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, þ.m.t. eftirfarandi aðilar:
 - i. skráður eigandi loftfarsins,
 - ii. leigutaki ef um er að ræða leigusamning,
 - iii. flugrekandinn.

A-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL FYRIRTÆKJA

CAO.A.010 Gildissvið

Í þessum viðauka eru tilgreindar þær kröfur sem fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki) þarf að uppfylla til að fá útgefið, á grundvelli umsóknar, samþykki til að annast viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars og íhluta til ísetningar í það, og til að halda áfram að annast þá starfsemi ef slík loftför eru ekki flokkuð sem flókin, vélknúin loftför og eru ekki skráð í flugrekandaskírteini flugrekanda með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008.

CAO.A.015 Umsókn

CAO-fyrirtæki skulu sækja um útgáfu, eða breytingu á, CAO-samþykki til lögbæra yfirvaldsins á þann hátt sem það yfirvald ákveður.

CAO.A.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar séu uppfylltar.
- b) Þegar fyrirtæki óskar eftir því að nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur skal það veita lögbæru yfirvaldi ítarlega lýsingu á þeim áður en þeim er hrint í framkvæmd. Sú lýsing skal innihalda mat sem sýnir að þessar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar.

Fyrirtækið má beita þessum öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbæra yfirvaldsins og eftir að hafa móttekið tilkynningu eins og kveðið er á um í CAO.B.017.

CAO.A.020 Skilmálar samþykkis

- a) CAO-fyrirtækið skal tilgreina samþykkt verksvið í starfsemislýsingu sinni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), eins og kveðið er á um í CAO.A.025.
 - 1) Þegar um er að ræða flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 2730 kg og þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 1200 kg, eða ef þær eru vottaðar fyrir fleiri en fjóra farþega, skal tilgreina viðkomandi tegundir loftfara í verksviðinu. Breytingar á þessu verksviði skulu samþykktar af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við a-lið CAO.A.105 og a-lið CAO.B.065.
 - 2) Þegar um er að ræða fullgerða hverfihreyfla skal tilgreina í verksviðinu framleiðanda hreyfilsins eða hóp eða röð eða tegund hreyfils eða viðhaldsverkefni. Breytingar á þessu verksviði skulu samþykktar af lögbæra yfirvaldinu í samræmi við a-lið CAO.A.105 og a-lið CAO.B.065.
 - 3) CAO-fyrirtæki, sem hefur einungis einn starfsmann bæði til að skipuleggja og framkvæma allt viðhald, má ekki hafa réttindi til að sinna viðhaldi:
 - a) flugvéla sem eru búnar hverfihreyflum (þegar um er að ræða fyrirtæki með loftfarstegundaráritun),
 - b) þyrla sem eru búnar hverfihreyflum eða fleiri en einum strokkhreyfli (þegar um er að ræða fyrirtæki með loftfarstegundaráritun),
 - c) fullgerðra strokkhreyfla sem eru 450 hestöfl eða meira (þegar um er að ræða fyrirtæki með hreyfiláritun) og
 - d) fullgerðra hverfihreyfla (þegar um er að ræða fyrirtæki með hreyfiláritun).
 - 4) Hvað varðar loftför önnur en þau sem tilgreind eru í 1. lið, íhluti sem eru ólíkir fullgerðum hverfihreyflum og sérhæfða þjónustu vegna prófana án eyðileggingar, skal verksviðið vera undir eftirliti CAO-fyrirtækisins í samræmi við verklagsregluna sem sett er fram í 11. lið a-liðar CAO.A.025. Hvað varðar viðhald íhluta, sem eru ólíkir fullgerðum hverfihreyflum, skal verksviðið flokkað í samræmi við eftirfarandi kerfisáritanir:
 - i. C1: loft- og þrýstijöfnun,
 - ii. C2: sjálfstýring,
 - iii. C3: fjarskipti og flugleiðsaga,
 - iv. C4: hurðir og lúgur,

- v. C5: rafafll og ljós,
- vi. C6: búnaður,
- vii. C7: hreyfill,
- viii. C8: stýri,
- ix. C9: eldsneyti,
- x. C10: þyrla – þyrlar,
- xi. C11: þyrla – drif,
- xii. C12: vökvaafll,
- xiii. C13: vísi- og skráningarbúnaður,
- xiv. C14: lendingarbúnaður,
- xv. C15: súrefni,
- xvi. C16: loftskrúfur,
- xvii. C17: loftþrýsti- og lofttæmikerfi,
- xviii. C18: vörn gegn ísingu, regni og eldi,
- xix. C19: gluggar,
- xx. C20: burðarvirki,
- xxi. C21: vatnskjölfesta og
- xxii. C22: knýaukning.

Fyrirtæki, sem hljóta samþykki í samræmi við þennan viðauka á grundvelli fyrirliggjandi samþykkis fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), í samræmi við 4. mgr. 4. gr., skulu láta koma fram í verksviðinu allar nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja að réttindin séu þau sömu og í fyrirliggjandi samþykkinu.

- b) CAO-samþykkið skal gefið út á grundvelli sniðmátsins sem sett er fram í I. viðbæti við þennan viðauka.
- c) CAO-fyrirtæki getur framleitt, í samræmi við viðhaldsgögn, takmarkað úrval af hlutum til nota við yfirstandandi vinnu í eigin aðstöðu, eins og tilgreint er í starfsemislýsingu þess vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

CAO.A.025 Starfsemislýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis

- a) Fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis skal leggja fram handbók þar sem a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:
 - 1) yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanninum, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni jafnan vinna í samræmi við kröfur þessa viðauka og starfsemislýsinguna vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,
 - 2) verksvið samkvæmt starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,
 - 3) starfsheiti og nafn eða nöfn aðilanna sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035,
 - 4) skipurit sem sýnir hvernig ábyrgð aðilanna, sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035, er tengd,
 - 5) skrá yfir viðhaldsvotta og gildissvið samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,
 - 6) skrá yfir starfsfólk sem ber ábyrgð á að semja og samþykkja viðhaldsáætlanir loftfara ásamt gildissviði samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,
 - 7) skrá yfir starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi og gildissvið samþykkis þeirra, ef slíkt starfsfólk er til staðar,
 - 8) skrá yfir starfsfólk sem ber ábyrgð á útgáfu flugleyfa, ef slíkt starfsfólk er til staðar,
 - 9) almenna lýsingu á aðstöðunni og staðsetningu hennar,
 - 10) verklagsreglur sem tilgreina hvernig CAO-fyrirtækið eigi að tryggja að farið sé að kröfum þessa viðauka,
 - 11) verklagsregla vegna breytinga á starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, eins og kveðið er á um í b-lið CAO.A.105.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal samþykkja fyrstu útgáfu starfsemislýsingarinnar vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.
- c) Breytingar á starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis skulu meðhöndlaðar í samræmi við CAO.A.105.

CAO.A.030 Aðstaða

CAO-fyrirtækið skal tryggja að öll nauðsynleg aðstaða, þ.m.t. fullnægjandi skrifstofuhúsnæði, sé til staðar svo það geti innt af hendi alla áætlaða vinnu.

Ef gildissvið samþykkis fyrirtækisins tekur að auki til viðhaldsstarfsemi skal CAO-fyrirtækið tryggja:

- a) að sérhæfð verkstæði, flugskýli og vinnubásar veiti fullnægjandi vernd gegn mengun og skjól fyrir veðri og vindum.
- b) að öruggt geymsluhúsnæði undir íhluti, búnað, verkfæri og efni sé fyrir hendi, við skilyrði þar sem tryggt er að ónothæfir íhlutir og efni séu aðskilin frá öllum öðrum íhlutum, efnum, búnaði og verkfærum, að farið sé að leiðbeiningum framleiðanda um geymslu og að aðgangur að geymsluaðstöðunni sé takmarkaður við starfsfólk með aðgangsheimild.

CAO.A.035 Kröfur varðandi starfsfólk

- a) CAO-fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð til að tryggja að unnt sé að fjármagna alla starfsemi fyrirtækisins svo að hún fari fram í samræmi við kröfur þessa viðauka.
- b) Ábyrgðarmaðurinn skal tilnefna aðila eða hóp aðila sem bera skulu ábyrgð á því að tryggja að CAO-fyrirtækið fari alltaf að kröfum þessa viðauka. Þessi aðili eða aðilar skulu bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.
- c) Allir þeir aðilar sem um getur í b-lið skulu hafa viðeigandi kunnáttu, starfsferil og reynslu sem tengist stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða viðhaldi, eftir því sem við á fyrir störf þeirra.
- d) CAO-fyrirtækið skal hafa á að skipa nægilegum fjölda starfsfólks með tilskilin starfsréttindi til að geta sinnt þeirri vinnu sem áætluð er. CAO-fyrirtækinu skal vera heimilt að nota undirverktaka sem ráðnir eru tímabundið.
- e) CAO-fyrirtækið skal meta og skrá réttindi alls starfsfólks.
- f) Starfsfólk, sem annast sérhæfð verkefni eins og málmsuðu, prófanir eða skoðanir án eyðileggingar, aðrar en að leita að skemmdum með litarefnum, skal hafa réttindi í samræmi við opinberlega viðurkenndan staðal.

CAO.A.040 Viðhaldsvottar

- a) Viðhaldsvottar skulu uppfylla kröfurnar í 5. gr. Þeir skulu aðeins beita réttindum sínum til að gefa út viðhaldsvottorð ef CAO-fyrirtækið hefur tryggt:
 - 1) að þessir viðhaldsvottar uppfylli kröfur b-liðar 66.A.20 í III. viðauka (66. hluta) nema þegar 6. mgr. 5. gr. vísar til landsbundinnar löggjafar aðildarríkis, en þá skulu þeir uppfylla kröfur þeirrar löggjafar,
 - 2) að þessir viðhaldsvottar hafi næga þekkingu á viðkomandi loftfari, sem kemur til viðhalds, og/eða íhlutum þess, ásamt tilheyrandi verklagsreglum fyrirtækisins sem þörf er á til að annast slíkt viðhald.
- b) Þrátt fyrir a-lið gildir það að við ófyrirsjáanlegar aðstæður þar sem loftfar er kyrrsett á öðrum stað en í höfuðstöðvunum og ekki heldur fyrir hendi neindir viðeigandi viðhaldsvottar þá er CAO-fyrirtækinu, sem annast viðhald samkvæmt samningi, heimilt að gefa út staka vottunarheimild annaðhvort til handa:
 - 1) einum starfsmanni sínum sem hefur tegundarréttindi fyrir loftför með svipaðan tæknibúnað, byggingu og kerfi eða
 - 2) sérhverjum aðila með minnst þriggja ára reynslu af viðhaldi og með gilt ICAO-skirteini flugvéltækni með tegundaráritun fyrir loftfarið sem þarf að fá vottun, að því tilskildu að á þeim stað sé ekkert fyrirtæki með samþykki í samræmi við þennan viðauka og að CAO-fyrirtækið, sem samið er við, hafi fengið og geymi skráðar hjá sér staðfestar upplýsingar um reynslu og skirteini hlutaðeigandi aðila.

CAO-fyrirtækið skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um útgáfu stakrar vottunarheimildar innan 7 daga frá útgáfu. CAO-fyrirtækið sem gefur út staka vottunarheimild skal tryggja að allt slíkt viðhald, sem gæti haft áhrif á flugöryggi, sé yfirfarið aftur.

- c) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar er CAO-fyrirtækinu heimilt að notast við viðhaldsvotta, sem hlotið hafa réttindi í samræmi við eftirfarandi kröfur, þegar það annast viðhald fyrir flugrekendur sem stunda starfrækslu í ábataskyni, að því tilskildu að viðeigandi verklagsreglur hafi verið viðurkenndar sem hluti af starfsemis lýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis:
 - 1) ef um er að ræða endurtekin lofthæfifyrirmæli, sem framkvæma á fyrir hvert flug og sem kveða sérstaklega á um að flugliðar megi framkvæma slík lofthæfifyrirmæli, getur CAO-fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli flugliðaskirteinis hans, að því tilskildu að CAO-fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að flugstjóri loftfarsins hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt lofthæfifyrirmælin samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.
 - 2) ef um er að ræða loftfar, sem er starfrækt fjarri stað með viðhaldsaðstöðu, getur CAO-fyrirtækið gefið út takmarkaða heimild fyrir viðhaldsvotta til handa flugstjóranum á grundvelli flugliðaskirteinis hans, að því tilskildu að fyrirtækið hafi fullvissu fyrir því að sá aðili hafi fengið næga verklega þjálfun til að geta framkvæmt verkið samkvæmt þeim stöðlum sem krafist er.
- d) CAO-fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um viðhaldsvotta og halda uppfærða skrá yfir alla viðhaldsvotta ásamt gildissviði samþykkis þeirra sem hluti af handbók fyrirtækisins.

CAO.A.045 Starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi

- a) Til þess að CAO-fyrirtæki geti verið samþykkt til að annast staðfestingu á lofthæfi og, ef við á, gefa út flugleyfi skal það hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi, sem skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
 - 1) það hafi öðlast a.m.k. 1 árs reynslu af áframhaldandi lofthæfi að því er varðar sviffflugur og loftbelgi og a.m.k. 3 ára reynslu að því er varðar öll önnur loftför,
 - 2) það hafi viðeigandi skirteini, sem er gefið út í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi hennar eða reynslu af áframhaldandi lofthæfi til viðbótar við þá sem um getur í 1. lið sem nemur a.m.k. 2 árum að því er varðar sviffflugur og loftbelgi og a.m.k. 4 árum að því er varðar öll önnur loftför,
 - 3) það hafi hlotið viðeigandi þjálfun í viðhaldi loftfara.
- b) Áður en CAO-fyrirtækið gefur út heimild til handa starfsmanni til að annast staðfestingu á lofthæfi skal það tilnefna þann aðila sem mun framkvæma staðfestingu á lofthæfi loftfars undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti aðila sem hefur þegar fengið heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi hjá CAO-fyrirtækinu. Ef niðurstaða þessa eftirlits er fullnægjandi skal lögbæra yfirvaldið samþykkja starfsfólkið formlega sem starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi.

- c) CAO-fyrirtækið skal sjá til þess að starfsfólk þess sem annast staðfestingu á lofthæfi geti sýnt fram á nýlega, viðeigandi reynslu af áframhaldandi lofthæfi.
- d) Allt starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi skal auðkennt í skrá í starfsemis lýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sem inniheldur einnig heimildina til annast staðfestingu á lofthæfi sem um getur í b-lið.
- e) CAO-fyrirtækið skal halda skrá yfir allt starfsfólk sitt sem annast staðfestingu á lofthæfi, með upplýsingum um öll viðeigandi réttindi ásamt samantekt á viðeigandi reynslu og þjálfun viðkomandi aðila af áframhaldandi lofthæfi, auk afrits af heimild hans eða hennar. Það skal geyma þá skrá í a.m.k. tvö ár eftir að viðkomandi aðili hættir að starfa fyrir fyrirtækið.

CAO.A.050 Íhlutir, búnaður og verkfæri

- a) CAO-fyrirtækið skal:
 - 1) hafa yfir að ráða þeim búnaði og verkfærum sem eru tilgreind í viðhaldsgögnunum, sem kveðið er á um í CAO.A.055, eða sannprófuðum og jafngildum búnaði og verkfærum sem eru skráð í starfsemis lýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, sem nauðsynleg eru til daglegs viðhalds innan gildissviðs samþykkis fyrirtækisins,
 - 2) hafa verklagsreglu til að tryggja að það hafi aðgang að öllum öðrum búnaði og verkfærum sem eru nauðsynleg til að framkvæma vinnu sína en eru einungis notuð stöku sinnum, þegar þörf er á.
- b) CAO-fyrirtækið skal tryggja að verkfærin og búnaðurinn, sem notast er við, séu prófuð og kvörðuð til samræmis við opinberlega viðurkenndan staðal. Fyrirtækið skal halda skrá yfir slíka kvörðun og staðalinn sem er notaður og fara að kröfum CAO.A.090.
- c) CAO-fyrirtækið skal skoða og flokka alla íhluti, sem henni berast, og aðskilja þá á tilhlýðilegan hátt í samræmi við M.A.501 og M.A.504 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.501 og ML.A.504 í V. viðauka b (ML-hluti), eftir því sem við á.

CAO.A.055 Viðhaldsgögn og verkbeðinir

- a) CAO-fyrirtækið skal hafa undir höndum viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn, sem tilgreind eru í M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða í ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og nota þau við framkvæmd viðhalds, þ.m.t. breytingar og viðgerðir. Í því tilvikum sem viðskiptaaðilinn leggur fram viðhaldsgögn er þess einungis krafist að fyrirtækið hafi slík gögn undir höndum meðan á vinnunni stendur.
- b) Áður en viðhald hefst skal skrifleg verkbeðni liggja fyrir milli CAO-fyrirtækisins og aðilans eða fyrirtækisins, sem óskar eftir viðhaldi, þar sem fyrirhugað viðhald er skýrt sett fram.

CAO.A.060 Viðhaldsstaðlar

Þegar CAO-fyrirtækið annast viðhald skal það uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) tryggja að hver sá aðili sem annast viðhald hafi til þess réttindi í samræmi við kröfur þessa viðauka,
- b) tryggja að svæðið, þar sem viðhald fer fram, sé vel skipulagt og hreint (laust við óhreinindi eða mengun),
- c) nota þær aðferðir, tækni, staðla og leiðbeiningar sem tilgreindar eru í viðhaldsgögnum og verkbeðnum sem um getur í lið CAO.A.055,
- d) nota þau verkfæri, búnað og efnivið sem tilgreind eru í lið CAO.A.050,
- e) tryggja að allt viðhald fari fram innan þeirra umhverfistakmarkana sem eru tilgreindar í viðhaldsgögnunum sem um getur í lið CAO.A.055,
- f) tryggja að viðeigandi aðstaða sé notuð ef um er að ræða slæm veðurskilyrði eða langvarandi viðhald,
- g) tryggja að dregið verði úr hættu á margföldum mistökum meðan á viðhaldi stendur og hættu á því að mistök endurtaki sig í sams konar viðhaldsverkefnum,
- h) tryggja að kerfisbundin leit að mistökum fari fram eftir framkvæmd brýns viðhaldsverkefnis,
- i) framkvæma almennt eftirlit í lok viðhalds til að tryggja að loftfarið eða íhluturinn sé laus við öll verkfæri, búnað og alla aðra framandi hluti eða efni og að öll lok af aðgangslúgum, sem voru fjarlægð, hafi verið fest á aftur,
- j) tryggja að allt viðhald sem framkvæmt er sé rétt skráð og skjalfest.

CAO.A.065 Viðhaldsvottorð fyrir loftför

Þegar viðhaldi á loftfari er lokið í samræmi við þennan viðauka skal viðhaldsvottorð fyrir loftför gefið út í samræmi við M.A.801 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.801 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

CAO.A.070 Viðhaldsvottorð fyrir íhluti

- a) Þegar öllu viðhaldi á íhlutum er lokið í samræmi við þennan viðauka skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út í samræmi við M.A.802 í I. viðauka (M-hluta) eða við ML.A.802 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á. Gefa skal út EASA-eyðublað nr. 1 í samræmi við II. viðbæti í I. viðauka (M-hluta), nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í b- eða d-lið M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) og ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta) og að undanskildum íhlutum sem framleiddir eru í samræmi við c-lið CAO.A.020.
- b) EASA-eyðublað nr. 1, sem um getur í a-lið, er hægt að sækja í tölvugagnagrunn.

CAO.A.075 Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

- a) Öll stjórnun á áframhaldandi lofthæfi skal fara fram í samræmi við kröfur C-kafla í I. viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.

b) Fyrir sérhvert loftfar sem CAO-fyrirtæki sér um skal fyrirtækið:

- 1) semja og hafa eftirlit með viðhaldsáætluninni fyrir viðkomandi loftfar og:
 - i. ef um er að ræða loftfar sem samrýmist ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta), samþykkja viðhaldsáætlunina og breytingar á henni eða
 - ii. ef um er að ræða loftfar sem samrýmist ákvæðum I. viðauka (M-hluta), leggja viðhaldsáætlunina og breytingar á henni fyrir lögbæra yfirvaldið til samþykkis, nema að samþykkið falli undir málsmeðferð við óbeint samþykki í samræmi við c-lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta),
- 2) láta eigandanum í té afrit af viðhaldsáætluninni fyrir loftför,
- 3) sjá til þess að gögn sem notuð eru fyrir breytingar og viðgerðir uppfylli kröfur M.A.304 eða ML.A.304 eftir því sem við á,
- 4) sjá til þess að allt viðhald fari fram í samræmi við viðhaldsáætlunina fyrir loftför og að gefið sé út viðhaldsvottorð í samræmi við H-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta), A-þátt í II. viðauka (145. hluta) eða H-kafla A-þáttar í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á,
- 5) tryggja að öll gildandi lofthæfifyrirmæli og öll rekstrarfyrirmæli, sem hafa áhrif á áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd,
- 6) tryggja að tilhlýðilega samþykkt viðhaldsfyrirtæki eða óháðir viðhaldsvottar lagfæri allar bilanir sem koma í ljós við viðhald eða sem tilkynnt er um,
- 7) tryggja að farið sé með loftfarið til tilhlýðilega samþykkt fyrirtækis eða óháðra viðhaldsvotta til viðhalds þegar nauðsyn ber til,
- 8) samræma reglubundið viðhald, beitingu lofthæfifyrirmæla, útskipti hluta með tiltekinn endingartíma og skoðun á ihlutum til að tryggja að vinnan fari rétt fram,
- 9) annast stjórnun á öllum skráum yfir áframhaldandi lofthæfi og, ef við á, tækniflugbók loftfarsins og koma þeim í geymslu,
- 10) tryggja að massa- og jafnvægisskýrslan endurspegli núverandi stöðu loftfarsins.

CAO.A.080 Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

CAO-fyrirtækið skal hafa og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315 annars vegar og CAO.A.075 hins vegar. Eigandinn getur lagt þessi gögn fram, með fyrirvara um samning eins og um getur í 2. lið h-liðar, 1. lið i-liðar, e- eða f-lið M.A.201, en í því tilviki þarf CAO-fyrirtækið eingöngu að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi, nema því beri að halda gögnunum eftir samkvæmt b-lið CAO.A.090.

CAO.A.085 Staðfesting á lofthæfi

CAO-fyrirtækið skal annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.903 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.

CAO.A.090 Skráahald

a) CAO-fyrirtækið skal geyma eftirfarandi skrár:

- 1) þær viðhaldsskrár sem nauðsynlegar eru til að sýna fram á að allar kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar fyrir útgáfu viðhaldsvottorðsins, þ.m.t. viðhaldsskjöl undirverktaka; CAO-fyrirtækið skal láta eiganda loftfarsins í té afrit af sérhverju viðhaldsvottorði, ásamt afriti af öllum sértækum gögnum um viðgerðir eða breytingar sem notuð eru við þær viðgerðir eða breytingar sem gerðar eru,
 - 2) þær skrár yfir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem krafist er í einhverjum eftirfarandi liða:
 - i. M.A.305 og, ef við á, M.A.306 í I. viðauka (M-hluta),
 - ii. ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta),
 - 3) ef CAO-fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í c-lið CAO.A.095 skal það varðveita afrit af öllum lofthæfi-staðfestingarrvottorðum sem það hefur gefið út í samræmi við a-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og tilmælum sem það hefur gefið út eða framlengt, eftir því sem við á, ásamt öllum fylgiskjölum,
 - 4) ef CAO-fyrirtækið hefur þau réttindi sem um getur í d-lið CAO.A.095 skal það varðveita afrit af öllum flugleyfum sem það gefur út í samræmi við 21.A.729 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- b) CAO-fyrirtækið skal varðveita afrit af þeim skráum sem lýst er í 1. lið a-liðar og öllum tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem það gaf út viðhaldsvottorð fyrir loftfarið eða loftfarsihlutinn sem unnið var við,
- c) CAO-fyrirtækið skal varðveita afrit af þeim skráum sem um getur í 2.–4. lið a-liðar í tvö ár frá því að loftfarið hefur endanlega verið tekið úr umferð.
- d) Geyma skal allar skrár á þann hátt að vernd gegn skemmdum, breytingum og þjófnaði sé tryggð.
- e) Geyma skal allan tölvuvélbúnað, sem notaður er til að tryggja öryggisafrit af viðhaldsskrám, á öðrum stað en vélbúnaðinn, sem inniheldur gögnin, og í umhverfi þar sem gott ásigkomulag hans er tryggt.
- f) Þegar stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars færst til annars fyrirtækis eða aðila skal afhenda viðkomandi fyrirtæki eða aðila allar skrár sem hafa verið varðveittar skv. 2.–4. lið a-liðar. Frá því að yfirfærslan á sér stað gilda ákvæði b- og c-liðar fyrir viðkomandi fyrirtæki eða aðila.

g) Þegar CAO-fyrirtækið hættir rekstri skal afhenda allar skrár sem hafa verið varðveittar sem hér segir:

- 1) skrárnar sem um getur í 1. lið a-liðar skulu afhentar síðasta eiganda eða viðskiptaaðila viðkomandi loftfars eða íhlutar eða geymdir eins og tilgreint er af lögþæru yfirvaldi,
- 2) skrárnar sem um getur í 2.–4. lið a-liðar skulu afhentar eiganda loftfarsins.

CAO.A.095 Réttindi fyrirtækisins

CAO-fyrirtækið skal hafa eftirfarandi réttindi:

a) Viðhald

- 1) að annast viðhald á sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, á þeim stöðum sem tilgreindir eru í samþykkisvottorðinu og í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis,
- 2) að sjá til þess að framkvæmd sérhæfðra verkefna fari fram hjá öðru fyrirtæki, sem hefur tilskilin réttindi og er undir eftirliti CAO-fyrirtækisins, í samræmi við viðeigandi verklagsreglur sem settar eru fram í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis og samþykktar af lögþæru yfirvaldi,
- 3) að viðhalda sérhverju loftfari eða íhlut, sem það hefur samþykki til að annast viðhald á, hvar svo sem þörf er á viðhaldinu, annaðhvort vegna þess að loftfarið er óflugfært eða að tilfallandi viðhald er nauðsynlegt, sbr. þó skilyrðin sem tilgreind eru í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.
- 4) að gefa út viðhaldsvottorð að loknu viðhaldi, í samræmi við CAO.A.065 eða CAO.A.070.

b) Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

- 1) að stjórna áframhaldandi lofthæfi allra loftfara sem samþykki þess nær til,
- 2) að samþykkja viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta),
- 3) að láta takmörkuð verkefni sem tengjast áframhaldandi lofthæfi í hendur verktakafyrirtækis, sem starfar samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins, eins og tilgreint er á samþykkisvottorðinu,
- 4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, sem er gefið út af lögþæru yfirvaldi, öðru CAO-fyrirtæki eða CAMO-fyrirtæki, í samræmi við f-lið M.A.901 í I viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).

c) Staðfesting á lofthæfi:

- 1) CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í b-lið, getur hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og:
 - i. gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli um útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,
 - ii. framlengja gildistíma gildandi lofthæfistaðfestingarvottorðs.
- 2) CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í a-lið, getur hlotið samþykki til að annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) og gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð.

d) Flugleyfi

CAO-fyrirtæki, sem er með höfuðstöðvar sínar í einu af aðildarríkjunum og sem hefur samþykki sem tekur til réttindanna sem um getur í c-lið, getur hlotið samþykki til að gefa út flugleyfi í samræmi við d-lið 21.A.711 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir þau loftför sem það má gefa út lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir þegar það staðfestir samræmi við samþykkt flugskilyrði samkvæmt fullnægjandi verklagsreglu, sem kveðið er á um í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.

e) Hægt er að veita CAO-fyrirtæki samþykki vegna einna eða fleiri réttinda.

CAO.A.100 Gæðakerfi og úttekt innan fyrirtækisins (e. *organisational review*)

- a) Til að tryggja að CAO-fyrirtækið haldi áfram að uppfylla kröfur þessa viðauka, skal fyrirtækið koma á gæðakerfi og tilnefna gæðastjóra.
- b) Með gæðakerfinu skal vakta framkvæmd þeirrar starfsemi fyrirtækisins sem fellur undir þennan viðauka. Það skal einkum vakta:
 - 1) að öll sú starfsemi fari fram í samræmi við samþykktar verklagsreglur,
 - 2) að öll samningsbundin viðhaldsverk fari fram í samræmi við samninginn,
 - 3) að fyrirtækið haldi áfram að uppfylla kröfur þessa viðauka.
- c) Varðveita skal skrár yfir þessa vöktun fyrir a.m.k. næstliðin tvö ár.
- d) Ef fyrirtæki er handhafi CAO-samþykkis og hlýtur að auki samþykki í samræmi við annan viðauka en þennan viðauka, má sameina gæðakerfið því sem krafist er samkvæmt hinum viðaukanum.
- e) CAO-fyrirtæki skal teljast lítið CAO-fyrirtæki ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:
 - 1) verksvið CAO-fyrirtækisins tekur aðeins til loftfara sem falla undir ML-hluta,
 - 2) CAO-fyrirtækið hefur ekki fleiri en 10 starfsmenn í fullri vinnu sem fást við viðhald,

- 3) CAO-fyrirtækið hefur ekki fleiri en 5 starfsmenn í fullri vinnu sem fást við stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.
- f) Ef um er að ræða lítið CAO-fyrirtæki geta reglubundnar úttektir innan fyrirtækisins komið í stað gæðakerfisins, með fyrirvara um samþykki lögbærs yfirvalds. Í því tilviki skal CAO-fyrirtækið ekki gera samning við aðra aðila um verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.

CAO.A.105 Breytingar á fyrirtækinu

- a) Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa hluta skal samþykkt viðhaldsfyrirtæki tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar:
- 1) breytingar sem hafa áhrif á þær upplýsingar sem er að finna í samþykkisvottorðinu sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og samþykkisskilmálum þessa viðauka,
 - 2) breytingar á þeim aðilum sem um getur í a- og b-lið CAO.A.035,
 - 3) breytingar á þeim tegundum loftfara sem falla undir verksviðið sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.020 þegar um er að ræða flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 2730 kg og þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er meiri en 1200 kg eða eru vottaðar fyrir fleiri en fjóra farþega,
 - 4) breytingar á verksviðinu sem um getur í 2. lið a-liðar CAO.A.020 þegar um er að ræða fullgerða hverfihreyfla,
 - 5) breytingar á verklagsreglunni um eftirlit sem sett er fram í b-lið þessa liðar.
- b) Allar aðrar breytingar á staðsetningu, aðstöðu, búnaði, verkfærum, efni, verklagsreglum, verksviði og starfsfólki skulu vera undir eftirliti CAO-fyrirtækisins samkvæmt verklagsreglu um eftirlit, sem kveðið er á um í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis. CAO-fyrirtækið skal leggja fram lýsingu á þessum breytingum og samsvarandi breytingum á starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis til lögbæra yfirvaldsins innan 15 daga frá því að breytingin átti sér stað.

CAO.A.110 Áframhaldandi gildi

- a) Gefa skal út samþykki með ótakmarkaðan gildistíma og skal það halda gildi sínu með fyrirvara um:
- 1) að fyrirtækið uppfylli áfram kröfur þessa viðauka, einkum varðandi hvernig frávik eru meðhöndluð í samræmi við CAO.A.115,
 - 2) að lögbæra yfirvaldið fái aðgang að fyrirtækinu til að ganga úr skugga um að það uppfylli áfram kröfur þessa viðauka,
 - 3) að lögbæra yfirvaldið hafi ekki skilað inn samþykkinu eða afturkallað það.
- b) Þegar samþykki er skilað inn eða það afturkallað skal fyrirtækið skila samþykkisvottorðinu til lögbæra yfirvaldsins.

CAO.A.115 Frávik

- a) Fyrsta stigs frávik er sérhver mikilvæg vanefnd gagnvart kröfum CAO-hluta sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
- b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum CAO-hluta sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.
- c) Eftir að hafa móttekið tilkynningu um frávik, í samræmi við CAO.B.060, skal CAO-fyrirtækið samþykka áætlun um aðgerðir til úrbóta og sýna lögbæra yfirvaldi sínu fram á það með fullnægjandi hætti að það hafi gripið til nauðsynlegra aðgerða til úrbóta til að ráða bót á frávikinum innan þeirra tímamarka sem viðkomandi yfirvald setur.

B-ÞÁTTUR

KRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL YFIRVALDA

CAO.B.010 Gildissvið

Í þessum þætti eru settar stjórnsýslukröfur sem lögbærum yfirvöldum ber að uppfylla í tengslum við kröfurnar sem gerðar eru til fyrirtækja sem settar eru fram í A-þætti.

CAO.B.017 Aðferðir til að uppfylla kröfur

- a) Flugöryggisstofnunin skal þróa viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur (AMC) sem má nota til að sýna fram á að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.
- b) Nota má aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur til að sýna fram á að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót kerfi til að meta með samræmdum hætti hvort allar aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem fyrirtæki undir eftirliti þess nota, geri kleift að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framseldra gerða og framkvæmdargerða hennar séu uppfylltar.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal meta allar tillögur fyrirtækis um aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í samræmi við CAO.A.017 með því að skoða þau gögn sem lögð eru fram og, ef það er talið nauðsynlegt, með því að framkvæma skoðun hjá fyrirtækinu.
- Þegar lögbæra yfirvaldið telur að aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur séu í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1139 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir hennar, skal það án ástæðulausrar tafar:
- 1) tilkynna umsækjandanum um að nota megi aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur og, ef við á, breyta samþykki eða vottorði umsækjandans í samræmi við það,
 - 2) tilkynna Flugöryggisstofnuninni um innihald þeirra, þ.m.t. afrit af öllum viðeigandi gögnum.

CAO.B.020 Skráahald

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á kerfisbundnu skráahaldi sem gerir kleift að rekja með fullnægjandi hætti ferlið við varðveislu skráa vegna útgáfu, framlengingar, breytingar, tímabundinnar ógildingar eða afturköllunar sérhvers útgefins vottorðs.
- b) Í skráum lögbæra yfirvaldsins að því er varðar eftirlit með fyrirtækjum, sem hlotið hafa samþykki í samræmi við þennan viðauka, skal a.m.k. vera:
 - 1) umsókn um samþykki fyrir fyrirtækinu,
 - 2) samþykkisvottorð fyrirtækisins með áorðnum breytingum,
 - 3) afrit af úttektaráætlun fyrirtækisins, þar sem skráðar eru dagsetningar úttekta sem lokið er við og fyrirhugaðra úttekta,
 - 4) skrár yfir samfellt eftirlit, þ.m.t. skrár yfir allar úttektir, eins og kveðið er á um í CAO.B.055,
 - 5) öll frávík, aðgerðir til að leiða frávík til lykta og tilmæli,
 - 6) afrit af öllum bréfaskiptum við fyrirtækið sem máli skipta,
 - 7) upplýsingar um allar undanþágur í samræmi við CAO.B.035 og framfylgdaraðgerðir,
 - 8) allar skýrslur frá öðrum lögbærum yfirvöldum sem tengjast eftirliti með fyrirtækinu,
 - 9) starfsemislýsing vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE) og breytingar á henni,
 - 10) afrit af öllum öðrum skjölum sem lögbæra yfirvaldið hefur samþykkt.
- c) Varðveislutímabilið fyrir skrárnar, sem um getur í b-lið, skal vera a.m.k. 5 ár.
- d) Allar skrár skulu vera tiltækar lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis eða Flugöryggisstofnuninni að beiðni þeirra.

CAO.B.025 Gagnkvæm skipti á upplýsingum

- a) Lögbær yfirvöld skulu skiptast á upplýsingum ef nauðsyn krefur til þess að þau geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
- b) Þegar um er að ræða hugsanlega ógnun við öryggi, sem nær til nokkurra aðildarríkja, skulu hlutaðeigandi lögbær yfirvöld aðstoða hvert annað við að framkvæma nauðsynlegar eftirlitsaðgerðir.

CAO.B.030 Ábyrgð

Lögbæra yfirvaldið skal framkvæma nauðsynlegar skoðanir og rannsóknir til að sannreyna og tryggja að fyrirtækin, sem það ber ábyrgð á í samræmi við CAO.I, uppfylli kröfurnar í A-þætti þessa viðauka.

CAO.B.035 Undanþágur

Ef aðildarríki veitir undanþágu frá kröfunum í þessum viðauka í samræmi við 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal lögbæra yfirvaldið skrá undanþáguna. Það skal varðveita þessar skrár eins og kveðið er á um í 6. lið b-liðar CAO.B.020.

CAO.B.040 Umsókn

Ef CAO-fyrirtækið hefur aðstöðu í fleiri en einu aðildarríki skal upphafsferlið vegna vottunar og samfellt eftirlit með samþykkinu fara fram í samvinnu við lögbær yfirvöld sem aðildarríkin, þar sem aðstöðuna er að finna, tilnefna enda sé aðstaðan á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja.

CAO.B.045 Upphafserli vegna vottunar

- a) Ef sýnt hefur verið fram á að fyrirtækið uppfylli kröfurnar, sem mælt er fyrir um í a- og b-lið CAO.A.035, skal lögbæra yfirvaldið tilkynna umsækjandanum með formlegum hætti um að starfsfólkið hafi verið samþykkt.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, uppfylli kröfur A-þáttar og að ábyrgðarmaðurinn hafi undirritað yfirlýsinguna um skuldbindingu, sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.025.
- c) Lögbæra yfirvaldið skal sannprófa að fyrirtækið uppfylli kröfur A-þáttar.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal boða til fundar með ábyrgðarmanninum a.m.k. einu sinni á meðan rannsókn vegna samþykkis fer fram til að tryggja að hann eða hún skilji til fulls merkingu samþykkisins og yfirlýsingarinnar sem um getur í 1. lið a-liðar CAO.A.025.
- e) Fyrirtækið sem sækir um skal fá skriflega staðfestingu á öllum frávíkum í samræmi við CAO.B.060.
- g) Áður en það gefur út samþykki skal lögbæra yfirvaldið leiða til lykta öll frávík eftir að fyrirtækið hefur ráðið bót á þeim.
- h) Þrátt fyrir ákvæði a- til g-liðar og a-liðar CAO.B.50 skal lögbæra yfirvaldið, að því er varðar fyrirtæki sem sækja um samþykki í samræmi við þennan viðauka, á grundvelli gildandi samþykkis fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafila I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), í samræmi við 4. mgr. 4. gr.:
 - 1) gefa út samþykki í samræmi við þennan viðauka með því að nota EASA-eyðublað nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti við þennan viðauka,
 - 2) sannreyna innan tveggja ára frá því að það gaf út samþykkið sem um getur í 1. lið að viðkomandi fyrirtæki uppfylli kröfur þessa viðauka um réttindin sem það hefur.

CAO.B.050 Útgáfa fyrsta vottorðs

- a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur staðfest að umsækjandinn uppfylli ákvæði CAO.B.45 skal það gefa út vottorðið með því að nota sniðmátið að EASA-eyðublaði nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og tilgreina skilmála samþykkis.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal láta fylgja tilvísunarnúmer CAO-fyrirtækisins, eins og tilgreint er á sniðmáti EASA-eyðublaðs nr. 3 – CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti.

CAO.B.055 Samfellt eftirlit

- a) Lögbæra yfirvaldið skal koma á fót og uppfæra eftirlitsáætlun með upplýsingum um öll CAO-fyrirtæki, sem það hefur gefið út vottorð fyrir, sem og dagsetningar fyrirhugaðra og lokinna úttekta hjá þessum fyrirtækjum.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal gera úttekt á sérhverju CAO-fyrirtæki og það hefur gefið út samþykki fyrir, á a.m.k. 24 mánaða fresti. Þessar úttektir skulu einkum beinast að breytingum á fyrirtækinu sem yfirvaldinu hefur borist tilkynningar um í samræmi við verklagsregluna sem tilgreind er í b-lið CAO.A.105.
- c) Gera skal viðeigandi úrtakskönnun á 24 mánaða fresti á loftförum sem CAO-fyrirtækið hefur undir stjórn sinni, hafi það samþykki til þess. Lögbæra yfirvaldið skal ákvarða stærð úrtaksins á grundvelli fyrri úttekta og úrtakskannana.
- d) Lögbæra yfirvaldið skal staðfesta skriflega við CAO-fyrirtækið öll frávik sem koma í ljós meðan á þessum úttektum stendur.
- e) Lögbæra yfirvaldið skal skrá öll frávik sem koma í ljós meðan á þessum úttektum stendur sem og hvers kyns aðgerðir til að leiða frávikin til lykta og öll tilmæli sem gefin eru út.
- f) Lögbæra yfirvaldið skal boða til fundar með ábyrgðarmanni CAO-fyrirtækisins á a.m.k. 24 mánaða fresti.

CAO.B.060 Frávik

- a) Komi fram visbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, um vanefndir gagnvart kröfum CAO-hluta skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða:
 - 1) við fyrsta stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið grípa til tafarlausa aðgerða til að afturkalla, takmarka eða ógilda samþykkið fyrir CAO-fyrirtækinu tímabundið, í heild eða að hluta, eftir umfangi fyrsta stigs fráviksins, þar til fyrirtækinu hefur tekist að grípa til fullnægjandi aðgerða til úrbóta og
 - 2) við annars stigs frávik skal lögbæra yfirvaldið veita frest til aðgerða til úrbóta sem skal vera í samræmi við eðli fráviksins en þó ekki lengri en þrjú mánuði — við lok þessa tímabils er lögbæra yfirvaldinu heimilt að framlengja þennan þriggja mánaða frest við tilteknar aðstæður og með hliðsjón af eðli fráviksins að því tilskildu að lögð hafi verið fram fullnægjandi áætlun um aðgerðir til úrbóta.
- b) Lögbæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða til að ógilda samþykkið tímabundið, í heild eða að hluta, ef tímafresturinn sem lögbæra yfirvaldið gaf er ekki virtur.

CAO.B.065 Breytingar

- a) Við móttöku umsóknar um breytingu í samræmi við a-lið CAO.A.105 skal lögbæra yfirvaldið ganga úr skugga um að fyrirtækið uppfylli viðeigandi kröfur áður en samþykki er gefið fyrir breytingunni.
- b) Lögbæra yfirvaldið getur tilgreint með hvaða skilyrðum CAO-fyrirtækið má starfa meðan á breytingunni stendur, nema lögbæra yfirvaldið ákveði að fella vottorð fyrirtækisins tímabundið úr gildi vegna eðlis eða umfangs breytinganna.
- c) Að því er varðar breytingar, sem ekki krefjast fyrirframsamþykkis, skal lögbæra yfirvaldið meta, meðan að eftirlitsstarfsemi fer fram, hvort CAO-fyrirtækið uppfylli samþykktu verklagsregluna um eftirlit, sem kveðið er á um í b-lið CAO.A.105, og uppfylli viðeigandi kröfur.

CAO.B.070 Tímabundin ógilding, takmarkanir og afturköllun

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) fella samþykki tímabundið úr gildi á réttmætum forsendum ef öryggi er hugsanlega ógnað eða
- b) fella samþykki tímabundið úr gildi, afturkalla það eða takmarka samkvæmt lið CAO.B.060.

*I. viðbætur***Vottorð fyrirtækis sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO) — EASA-eyðublað nr. 3-CAO**

- a) Innan verksviðsins, sem tilgreint er í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, skal tilgreina nákvæmlega takmarkanir samþykkisins með hliðsjón af þeim flokki eða flokkum og þeirri áritun eða áritunum samþykkisins sem lögbæra yfirvaldið hefur ákvarðað. Það er því mikilvægt að flokkur/flokkar og áritun/áritanir samþykkisins samsvari verksviði fyrirtækisins.
- b) **Lofftarsáritun** felur í sér, með tilliti til viðhaldsréttinda, að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á loftfarinu og íhlutum þess (þ.m.t. hreyflum) í samræmi við viðhaldsgögn lofftars eða viðhaldsgögn íhlutarins, ef lögbært yfirvald samþykkir það, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á loftfarinu. Engu að síður getur CAO-fyrirtæki með **lofftarsáritun** fjarlæggt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir kröfur b-liðar. Í því tilviki verður viðhaldið háð því að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.
- c) **Hreyfiláritun (hverfill, strokkur eða rafknúinn)** felur í sér að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á óísettum hreyfli og íhlutum hreyfils í samræmi við viðhaldsgögn hreyfils eða, ef lögbært yfirvald samþykkir það, í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar, en einungis þegar íhlutirnir eru fastir á hreyflinum. Engu að síður getur CAO-fyrirtæki með **hreyfil-**

áritun fjarlægt íhlut tímabundið til viðhalds til að bæta aðgengi að íhlutum nema þegar slíkt hefur í för með sér þörf á viðbótarviðhaldi sem fellur ekki undir kröfur c-liðar. CAO-fyrirtæki með **hreyfiláritun** er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum hreyfli við aðal- og leiðarviðhald, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.

- d) **Íhlutaáritun (fyrir aðra íhluti en fullgerða hreyfla)** merkir að CAO-fyrirtækinu er heimilt að annast viðhald á óísettum íhlutum (að undanskildum fullgerðum hreyflum) sem setja á í loftfarið eða hreyfilinn. Þessu CAO-fyrirtæki er einnig heimilt að annast viðhald á ísettum íhlut (öðrum en fullgerðum hreyflum) við aðal- og leiðarviðhald eða í viðhaldsaðstöðu fyrir hreyfla, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis sé verklagsregla um eftirlit þessu viðvíkjandi sem lögbært yfirvald skal samþykkja.
- e) **Áritun fyrir prófun án eyðileggingar** er sjálfstæð áritun sem þarf ekki endilega að tengjast sérstöku loftfari, hreyfli eða öðrum íhlut. Áritun fyrir prófun án eyðileggingar er aðeins nauðsynleg fyrir CAO-fyrirtæki sem tekur að sér prófun án eyðileggingar sem sérstakt verkefni fyrir annað fyrirtæki. CAO-fyrirtæki, sem hefur loftfars-, hreyfil- eða íhlutaáritun, er heimilt að gera prófun án eyðileggingar á framleiðsluvörum, sem það annast viðhald á, án þess að hafa áritun til prófunar án eyðileggingar, að því tilskildu að í starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis séu verklagsreglur fyrir prófanir án eyðileggingar.“

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIRTÆKIS SEM ANNAST SAMSETT VERKEFNI VEGNA LOFTHÆFIS (CAO)

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].CAO.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, og með fyrirvara um skilyrðin sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMLISFANG]

sem fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis sem uppfyllir kröfur A-þáttar V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.

SKILYRÐI:

- (a) þetta samþykki takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í skilmálum samþykkis, sem er meðfylgjandi, og í þættinum um verksvið í samþykkttri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis, eins og um getur í A-þætti V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og
- (b) forsenda þessa samþykkis er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í samþykkttri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis og
- (c) þetta samþykki gildir á meðan samþykktta fyrirtækið sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis uppfyllir kröfur V. viðauka d (CAO-hluta) reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014, og
- (d) ef samþykktta fyrirtækið sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta samþykki áfram, að því tilskildu að viðkomandi fyrirtæki uppfylli gildandi samningsskyldur og
- (e) svo fremi að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta samþykki gildi sínu í ótakmarkaðan tíma nema það hafi þegar verið lagt inn, annað samþykki komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur samþykkisvottorðsins:

Dagsetning endurskoðunar samþykkisvottorðsins:

Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

EASA-eyðublað nr. 3-CAO, 1. útgáfa.

Bls. 2 af 2		
SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST SAMSETT VERKEFNI VEGNA LOFTHÆFIS Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).CAO.XXXX Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]		
FLOKKUR	ÁRITUN	RÉTTINDI (***)
LOFTFAR (**)	Flugvélar — loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Flugvélar með hámarksflugtaksmassa sem er 2730 kg eða minni (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Þyrlur — loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Þyrlur með hámarksflugtaksmassa sem er 1200 kg eða minni, vottaðar fyrir allt að fjóra farþega (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Loftskip (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Loftbelgir (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
	Svifflugur (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald <input type="checkbox"/> Stjórnun á áframhaldandi lofthæfi <input type="checkbox"/> Staðfesting á lofthæfi <input type="checkbox"/> Flugleyfi
ÍHLUTIR (**)	Fullgerðir hverfihreyflar (**)	<input type="checkbox"/> Viðhald
	Fullgerðir strokkhreyflar (**)	
	Rafhreyflar (**)	
	Aðrir ihlutir en fullgerðir hreyflar (**)	
SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA (**)	Prófun án eyðileggingar (NDT) (**)	<input type="checkbox"/> NDT Tilgreina skal viðkomandi aðferðir við prófun án eyðileggingar

TAKMARKANIR
(aðeins fyrir fyrirtæki með áritun fyrir flugvélar, þyrlur eða fullgerða hreyfla, ef þau eru aðeins með einn aðila sem skipuleggur og framkvæmir öll viðhaldsverkefni)
Eftirfarandi viðhald fellur ekki undir verksviðið (***):
<ul style="list-style-type: none"> — viðhald á flugvélum sem eru búnar hverfihreyfli, — viðhald á þyrlum sem eru búnar hverfihreyfli eða með fleiri en einn strokkhreyfil og — viðhald á fullgerðum strokkhreyflum sem eru 450 hó eða meira, og á fullgerðum hverfihreyflum.
Skrá yfir fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi (***)
<p>Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluti og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í samþykktri starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis.</p> <p>Tilvísun í starfsemislýsingu vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis:</p> <p>Dagsetning fyrstu útgáfu starfsemislýsingarinnar:</p> <p>Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:</p> <p>Undirskrift:</p> <p>Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]</p>

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.
 (**) Strika skal yfir það sem á ekki við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.
 (***) Útfyllist ef við á.
 EASA-eyðublað nr. 3-CAO, 1. útgáfa*.

Fylgiskjal 2.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/270**

frá 25. febrúar 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem annast áframhaldandi lofthæfi fyrir almannaflyg ásamt stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og um leiðréttingu á þeirri reglugerð

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr. og 14. og 15. mgr. 62. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ⁽²⁾ voru gerðar tilslakanir á kröfum reglugerðar framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽³⁾ varðandi viðhald á léttum loffförum. Með henni var einnig bætt við ráðstöfunum vegna stjórnunar öryggisáættu fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara sem eru starfrækt af handhöfum flugrekandaskirteinis.
- 2) Sem skref í átt að því að farið sé að fullu að þeim nýju reglum og verklagsreglum sem innleiddar eru með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 er í sömu reglugerð kveðið á um umbreytingarráðstafanir fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta. Í því skyni að skýra nánar eftirlitsskyldur þessara fyrirtækja ætti að breyta umbreytingarráðstöfununum.
- 3) Einnig ætti að leiðrétta nokkrar rangar tilvísanir milli viðaukanna í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383 og bæta við tilvísunum sem vantar.
- 4) Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin ætlar sér ekki að framlengja umbreytingartímabilið ætti að samræma gildistökudagsetningu þessarar breytingar við þá dagsetningu sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/1383.
- 5) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi [loftfara]

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loftfara og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145-hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) og V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Öll samþykki, sem eru gefin út í samræmi við F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta), skulu gilda til 24. september 2021.
3. Samþykkisvottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarforskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ^(*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145-hluta) við þessa reglugerð.
4. Fyrirtæki, sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrirtækis, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145-hluta), skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta) og vera eftir það undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta).

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F-kafla eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða við II. viðauka (145-hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-hluta V. viðauka d (CAO-hluta).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflygi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtið. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

Þrátt fyrir lið CAO.B.060 í V. viðauka d (CAO-hluta) er fyrirtækinu heimilt, til 24. september 2021, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka d (CAO-hluta) og er ekki að finna í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða í II. viðauka (145. hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki ráðið bót á þessum frávikum í síðasta lagi 24. september 2021 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

5. Fyrirtæki sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem gefið er út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu, fari þau þess á leit, fá útgefið samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14 frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í V. viðauka c (CAMO-hluta), og vera eftir það undir eftirliti lögbærs yfirvalds í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAMO.B.350 í V. viðauka c (CAMO-hluta), má fyrirtækið, fram til 24. september 2021, ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum sem voru settar fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) og er ekki að finna í G-kafla I. viðauka (M-hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. september 2021 skal afnema samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Líta skal svo á að vottorð og samþykki viðhaldsáætlunar fyrir loftför, sem hafa verið gefin út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, eins og hún gildi fyrir 24. mars 2020, hafi verið veitt í samræmi við þessa reglugerð.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

2. gr.

Ákvæði I., II., III. og IV. viðauka, V. viðauka a, V. viðauka b, V. viðauka c og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. mars 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
Ursula VON DER LEYEN
forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III. og IV. viðauka, V. viðauka a, V. viðauka b, V. viðauka c og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæði I. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður M.1 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað b-liðar ii. liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„b) yfirvald, sem ber ábyrgð á eftirliti með fyrirtækinu sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins eða með fyrirtækinu sem eigandinn hefur gert takmarkaðan samning við í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201.“

ii. Eftirfarandi 4. liður bætist við:

„4. Þegar um er að ræða eftirlit með fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eins og tilgreint er í G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta):

- i. yfirvald sem aðildarríkið, þar sem höfuðstöðvarnar eru staðsettar, tilnefnir, ef samþykkið er ekki skráð á flugrekandaskírteini,
- ii. yfirvald sem aðildarríki flugrekandans tilnefnir, ef samþykkið er skráð á flugrekandaskírteini,
- iii. Flugöryggisstofnunin ef fyrirtækið er staðsett í þriðja landi.“

b) Liður M.A.201 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað e-, f-, g-, h- og i-liðar kemur eftirfarandi:

„e) Þegar um er að ræða loftför sem eru notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 (*) skal flugrekandinn bera ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem hann starfrækir og skal hann:

- 1) sjá til þess að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki sem fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAMO-fyrirtæki) skv. V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta), sem hluta af flugrekandaskírteini hans fyrir loftfarið sem hann starfrækir,
- 3) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hann hljóti samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða gera skriflegan samning í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta) við fyrirtæki sem hefur verið samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

f) Að því er varðar flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni, við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (***) og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:

- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki sjálfur hlotið samþykki sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta),
- 3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

g) Hvað varðar flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né f-lið, skal eigandinn sjá til þess:

- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
- 2) að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta); ef eigandinn hefur ekki verið samþykktur sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta),
- 3) að CAMO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki, í samræmi við II. viðauka (145. hluta), sem fyrirtæki sem hefur réttindi til að gefa út samþykki fyrir viðhaldi á loftförum og íhlutum til ísetningar í þau eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).

- h) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem notuð eru við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða við flutningaflug, þó hvorki við flutningaflug flugrekenda með rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008 né í tengslum við samþykkt þjálfunarfyrirtæki og yfirlýst þjálfunarfyrirtæki, sem um getur í 10. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og starfrækt eru í ábataskyni, skal flugrekandinn sjá til þess:
- 1) að ekkert flug fari fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt,
 - 2) að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða fyrirtæki sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO-fyrirtæki) sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta); ef flugrekandinn hefur ekki hlotið samþykki sem CAMO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta), eða sem CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta) skal hann gera skriflegan samning um framkvæmd þessara verkefna, í samræmi við I. viðbæti við þennan viðauka, við CAMO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða við CAO-fyrirtæki sem hlotið hefur samþykki í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta),
 - 3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning, í samræmi við c-lið CAMO.A.315 í V. viðauka c (CAMO-hluta) eða c-lið M.A.708 þessa viðauka (M-hluta), við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.
- i) Að því er varðar loftför, önnur en flókin, vélknúin loftför, sem falla hvorki undir e- né h-lið eða sem notuð eru við takmarkaða starfrækslu, skal eigandinn tryggja að flug fari ekki fram nema skilyrðin, sem sett eru fram í a-lið, séu uppfyllt. Í því skyni skal eigandinn:
- 1) setja verkefni í tengslum við áframhaldandi flughæfi, sem um getur í M.A.301, í hendur CAMO-fyrirtækis eða CAO-fyrirtækis með því að gera við þau skriflegan samning í samræmi við I. viðbæti, eða
 - 2) framkvæma þessi verkefni sjálfur, eða
 - 3) framkvæma þessi verkefni sjálfur að undanskildum verkefnum varðandi þróun og úrvinnslu samþykkis viðhaldsáætlunar loftfarsins, en þó eingöngu ef CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki framkvæmir þau á grundvelli takmarkaðs samnings sem gerður er í samræmi við M.A.302.
- (*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3).
- (**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).“
- ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:
- „k) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sérstaka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012, skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi, séu framkvæmd af CAMO-fyrirtækinu sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta) eða G-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða af CAO-fyrirtækinu sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“
- c) Í stað fyrsta og annars málsliðar c-liðar M.A.302 kemur eftirfarandi:
- „Þegar CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eða þegar takmarkaður samningur hefur verið gerður á milli eigandans og CAMO- eða CAO-fyrirtækis, í samræmi við 3. lið i-liðar M.A.201, er heimilt að samþykkja viðhaldsáætlun loftfarsins og breytingar á henni með málsmeðferð við óbeint samþykki.
- Í því tilviki skal viðkomandi CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki taka málsmeðferð við óbeint samþykki upp sem hluta af starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME), sem um getur í lið CAMO.A.300 í V. viðauka c eða lið M.A.704 þessa viðauka, eða sem hluta af starfsemislýsingunni vegna samsettra verkefna vegna lofthæfis (CAE), sem um getur í lið CAO.A.025 í V. viðauka d, og skal lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á þessu CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, samþykkja hana.“
- d) Í stað b-liðar í M.A.306 kemur eftirfarandi:
- „b) Fyrsta útgáfa tækniflugbókar loftfars skal hljóta samþykki lögbæra yfirvaldsins sem er tilgreint í lið CAMO.A.105 í V. viðauka c (CAMO-hluta), í lið M.1 þessa viðauka (M-hluta) eða 1. lið CAO.1 í V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á. Öllum síðari breytingum á tækniflugbókinni skal stjórnað í samræmi við c-lið CAMO.A.300 eða b- og c-lið M.A.704 eða c-lið CAO.A.025.“
- e) Liður M.A.502 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað fyrsta málsliðar b-liðar kemur eftirfarandi:

- „Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald hans sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem samþykkt er í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801.“
- ii. Í stað fyrsta málsliðar d-liðar kemur eftirfarandi:
- „Viðhald íhluta, sem um getur í c-lið í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801 eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801.“
- f) Í stað a-liðar M.A.503 kemur eftirfarandi:
- „a) Ísettir hlutar með tiltekinn endingartíma og loftfarsíhlutir háðir tímastýrðri notkun skulu ekki fara yfir samþykktan endingartíma, eins og tilgreint er í viðhaldsáætlun loftfarsins og í lofthæfifyrirmælunum, nema eins og kveðið er á um b-lið M.A.504.“
- g) Í stað 5. liðar a-liðar M.A.604 kemur eftirfarandi:
- „5. skrá yfir viðhaldsvotta og, ef við á, starfsfólk sem annast staðfestingu á lofthæfi ásamt gildissviði samþykkis þeirra, og.“
- h) Liður M.A.606 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað e-liðar kemur eftirfarandi:
- „e) Sýna skal fram á og skrá réttindi alls starfsfólks sem vinnur við viðhald og annast staðfestingu á lofthæfi.“
- ii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:
- „i) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð fyrir ELA1-loftför, sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni, í samræmi við lið ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa sérmenntað starfsfólk sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi og uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:
1. það skal hafa undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,
 2. það skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu sem viðhaldsvottar,
 3. það skal starfa óháð stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem verið er að staðfesta, eða bera heildarábyrgð á stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem verið er að staðfesta,
 4. það skal hafa öðlast þekkingu á C-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),
 5. það skal hafa öðlast viðurkennda þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,
 6. það skal hafa fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,
 7. það skal hafa annast a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á undangengnu tólf mánaða tímabili.“
- i) Í stað a- og b-liðar M.A.614 kemur eftirfarandi:
- „a) Samþykkt viðhaldsfyrirtæki skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár, sem eru nauðsynlegar til að sanna að öllum kröfum hafi verið fullnægt fyrir útgáfu allra viðhaldsvottorða, þ.m.t. viðhaldsvottorða undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingarvottorða.
- b) Samþykkt viðhaldsfyrirtækið skal láta eiganda eða flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynlegar eru til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- j) Í stað annars málsliðar c-liðar M.A.614 kemur eftirfarandi:
- „Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum gögnum sem tengjast útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorða í þrjú ár frá útgáfudegi og láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.“
- k) Í stað inngangsmálsliða a-liðar M.A.618 kemur eftirfarandi:
- „a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. september 2021, að því tilskildu:“.
- l) Ákvæði a-liðar M.A.704 eru leiðrétt sem hér segir:
- i. Í stað 1. liðar kemur eftirfarandi:
- „1. yfirlýsing, undirrituð af ábyrgðarmanni, þar sem staðfest er að fyrirtækið muni ávallt vinna samkvæmt þessum viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- ii. Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

- „7. verklagsreglur þar sem tilgreint er hvernig fyrirtækið tryggir að farið sé að ákvæðum þessa viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á og“.
- m) Liður M.A.706 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
 - „a) Fyrirtækið skal skipa ábyrgðarmann sem hefur umboð frá fyrirtækinu til að sjá til þess að unnt sé að fjármagna alla stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfis og að starfsemin geti farið fram í samræmi við þennan viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
 - ii. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:
 - „c) Tilnefna skal einstakling eða hóp einstaklinga sem bera skulu ábyrgð á því að fyrirtækið uppfylli ávallt viðeigandi kröfur varðandi stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, staðfestingu á lofthæfi og flugleyfi í þessum viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta). Skal hann eða þeir bera endanlega ábyrgð gagnvart ábyrgðarmanninum.“
 - iii. Í stað i-liðar kemur eftirfarandi:
 - „i) Að því er varðar fyrirtæki sem framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, í samræmi við 4. lið a-liðar M.A.711 og M.A.901 þessa viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, skal fyrirtækið tilnefna einstaklinga, sem hafa til þess heimild, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.“
- n) Í stað inngangsorða a-liðar M.A.707 kemur eftirfarandi:
- „a) Til þess að hljóta samþykki fyrir því að annast staðfestingu á lofthæfi, og, ef við á, gefa út flugleyfi, skal samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, hafa á að skipa viðeigandi starfsfólki sem annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út lofthæfistaðfestingarvottorð eða tilmæli, sem um getur í I-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) eða I-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta) og, ef við á, gefur út flugleyfi í samræmi við c-lið M.A.711:“
- o) Liður M.A.708 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:
 - „a) Fyrirtækið skal tryggja að öll stjórnunarstarfsemi vegna áframhaldandi lofthæfi fari fram í samræmi við C-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) og C-kafla A-þáttar V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
 - ii. Ákvæði b-liðar eru leiðrétt sem hér segir:

— Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:

 - „1. sjá til þess að samin sé viðhaldsáætlun fyrir loftfarið, þ.m.t. allar viðeigandi áreiðanleikaáætlanir, eins og krafist er í M.A.302 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og að haft sé eftirlit með þeim,
 2. að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum með flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, senda ábyrgum eiganda eða flugrekand, í samræmi við M.A.201 þessa viðauka (M-hluta) eða ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, afrit af viðhaldsáætluninni fyrir loftför.“

— Í stað 4. liðar kemur eftirfarandi:

 - „4. sjá til þess að allt viðhald fari fram í samræmi við samþykta viðhaldsáætlun og að gefið sé út viðhaldsvottorð í samræmi við H-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta) eða H-kafla V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
 - iii. Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:
 - „c) Þegar um er að ræða flókin, vélknúin loftför eða loftför, sem notuð eru í flutningaflugi, eða loftför notuð við sérstaka starfrækslu í ábataskyni eða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrirtæki, sem starfrækt er í ábataskyni, og þegar CAMO-fyrirtækið hefur ekki hlotið tilhlýðilegt samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta), skal viðkomandi fyrirtæki, í samráði við flugrekandann, gera skriflegan viðhaldssamning við fyrirtæki, sem er með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða við annan flugrekanda, þar sem nákvæmlega eru taldir upp starfsþættir, sem tilgreindir eru í b-, c-, f- og g-lið M.A.301 þessa viðauka (M-hluta) eða b- til e-lið ML.A.301 í V. viðauka b (ML-hluta), til að tryggja að viðhaldsfyrirtæki með samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) annist í raun allt viðhald og skilgreina hvernig styrkja skuli starfsþætti gæðakerfisins sem um getur í b-lið M.A.712 í þessum viðauka (M-hluta).
 - d) Þrátt fyrir c-lið getur samningurinn verið í formi einstakra verkbeiðna sem er beint til viðhaldsfyrirtækis sem hlotið hefur samþykki skv. II. viðauka (145. hluta) eða F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) að því er varðar:
 1. loftfar sem þarf á ófyrirséðu leiðarviðhaldi að halda,
 2. viðhald íhluta, þ.m.t. viðhald hreyfla.“
- p) Í stað liðar M.A.709 kemur eftirfarandi:

„M.A.709 Skjöl

- a) Samþykkt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal hafa undir höndum og nota við-eigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að áframhaldandi lofthæfi sem um getur í M.A.708 í þessum viðauka (M-hluta). Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki þarf fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt M.A.714 í þessum viðauka (M-hluta).
- b) Viðurkennt fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, getur þróað „grunnviðhaldsáætlanir“ og/eða „almennar viðhaldsáætlanir“ fyrir loftför, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, til að gera fyrsta samþykki eða rýmkun gildisviðs samþykkis kleift án þess að samningarnir, sem um getur í I. viðbæti við þennan viðauka (M-hluta) eða í I. viðbæti við V. viðauka b (ML-hluta), séu fyrir hendi, eftir því sem við á. Þessar „grunnviðhaldsáætlanir“ og „almennu viðhaldsáætlanir“ koma þó ekki í veg fyrir nauðsyn þess að koma á fullnægjandi viðhaldsáætlun fyrir loftför í samræmi við M.A.302 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í tæka tíð áður en réttindanna, sem um getur í M.A.711 í þessum viðauka (M-hluta), er neytt.“
- q) Í stað liðar M.A.710 kemur eftirfarandi:
- „M.A.710 **Staðfesting á lofthæfi**
- Þegar fyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við b-lið M.A.711 þessa viðauka (M-hluta), annast staðfestingu á lofthæfi skal hún framkvæmd í samræmi við M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- r) Liður M.A.711 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað 4. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
- „4. að framlengja, samkvæmt skilyrðum f-liðar M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða c-liðar ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, lofthæfistaðfestingarvottorð sem lögbært yfirvald, annað fyrirtæki eða annar aðili hefur gefið út, eftir því sem við á,“.
- ii. Eftirfarandi 5. liður bætist við í a-lið:
- „5. að samþykkja viðkomandi viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta).“
- iii. Í stað 1. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
- „1. gefa út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð með þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar eða 2. lið e-liðar M.A.901 í þessum viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og“.
- s) Í stað a-liðar M.A.714 kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, skal skrá allar upplýsingar um þau verk sem unnin eru. Varðveita skal skrár sem krafist er samkvæmt lið M.A.305 í þessum viðauka (M-hluta) eða lið ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, og, ef við á, samkvæmt lið M.A.306 í þessum viðauka (M-hluta).“
- t) Í stað inngangsmálsliðar a-liðar M.A.715 kemur eftirfarandi:
- „a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. september 2021, að því tilskildu:“.
- u) Í stað a- og b-liðar M.A.716 kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrsta stigs frávik er sérhver mikilvæg vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, sem dregur úr öryggiskröfum og stofnar flugöryggi í mikla hættu.
- b) Annars stigs frávik er sérhver vanefnd gagnvart kröfum þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, sem getur dregið úr öryggiskröfum og kann að stofna flugöryggi í hættu.“
- v) Í stað a-liðar M.A.802 kemur eftirfarandi:
- „a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502 í þessum viðauka (M-hluta), nema íhlutur hljóti viðhaldsvottun viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta).“
- w) Liður M.A.901 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað inngangsorðanna í c-lið kemur eftirfarandi:
- „Að því er varðar öll loftför sem flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, nota og loftför með hámarksflugtaks massa yfir 2730 kg, sem eru undir viðurkenndri viðhaldsstjórn, getur fyrirtækið, sem um getur í 1. lið b-liðar og annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða 1. lið c-liðar CAO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar:“

- ii. Í stað inngangsorðanna í e-lið kemur eftirfarandi:
 „Að því er varðar loftför sem ekki eru notuð af flugrekendum, sem hafa rekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og loftför með hámarksflugtaks massa 2730 kg eða þar undir, getur sérhvert CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða c-lið CAO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar.“
- x) Í stað 3. liðar d-liðar M.B.104 kemur eftirfarandi:
 „3. tilmælum um staðfestingu á lofthæfi sem CAO- eða CAMO-fyrirtæki hafa gefið út.“
- y) Í stað a-liðar M.B.105 kemur eftirfarandi:
 „a) Til að stuðla að bættu flugöryggi skulu lögbær yfirvöld taka þátt í gagnkvæmum skiptum á öllum nauðsynlegum upplýsingum í samræmi við 72. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.“
- z) Í stað c-liðar M.B.301 kemur eftirfarandi:
 „c) Þegar um er að ræða óbeint samþykki, eins og kveðið er á um í c-lið M.A.302, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja málsmeðferð CAMO- eða CAO-fyrirtækisins við samþykki á viðhaldsáætlun loftfarsins með því að nota starfsemislýsingu viðkomandi fyrirtækis, eins og um getur í lið CAO.A.025 í V. viðauka d, lið M.A.704 í þessum viðauka eða lið CAMO.A.300 í V. viðauka c, eftir því sem við á.“
- aa) Í stað liðar M.B.302 kemur eftirfarandi:
 „M.B.302 **Undanþágur**
 Lögbæra yfirvaldið skal skrá og varðveita upplýsingar um allar undanþágur sem eru veittar í samræmi við 71. gr. í reglugerð (ESB) 2018/1139.“
- bb) Í stað b-liðar í M.B.305 kemur eftirfarandi:
 „b) Til að gera fyrirtæki kleift að gera breytingar á tækniflugbók loftfars, án fyrirframsamþykkis lögbærs yfirvalds, skal lögbæra yfirvaldið samþykkja viðeigandi verklagsreglu sem um getur í c-lið CAMO.A.300 í V. viðauka c, c-lið M.A.704 í þessum viðauka eða c-lið CAO.A.025 í V. viðauka d.“
- cc) Í stað liðar M.B.703 kemur eftirfarandi:
 „M.B.703 **Útgáfa samþykkis**
 a) Lögbæra yfirvaldið skal gefa út til handa umsækjanda samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14-MG (VI. viðbætur við þennan viðauka), þar sem fram kemur umfang samþykkisins, ef fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfur G-kafla A-þáttar þessa viðauka (M-hluta).
 b) Lögbæra yfirvaldið skal tilgreina gildistíma samþykkisins á samþykkisvottorði á EASA-eyðublaði nr. 14-MG.
 c) Tilvísunarnúmerið skal koma fram á samþykkisvottorði á eyðublaði nr. 14-MG á þann hátt sem Flugöryggisstofnunin tilgreinir.
 d) Þegar um er að ræða flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skulu upplýsingar á EASA-eyðublaði nr. 14-MG koma fram á flugrekandaskírteininu.“
- dd) Í stað inngangsorða a-liðar M.B.705 kemur eftirfarandi:
 „a) Komi fram vísbendingar, við úttektir eða með öðrum hætti, sem sýna fram á vanefnd gagnvart kröfu sem mælt er fyrir um í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), skal lögbæra yfirvaldið grípa til eftirfarandi aðgerða.“
- ee) Í stað c-liðar M.B.706 kemur eftirfarandi:
 „c) Að því er varðar allar breytingar á starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi gildir eftirfarandi:
 1. Ef um er að ræða beint samþykki fyrir breytingum, í samræmi við b-lið M.A.704 í þessum viðauka (M-hluta), skal lögbæra yfirvaldið staðfesta að verklagsreglurnar, sem tilgreindar eru í starfsemislýsingu, uppfylli kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, áður en það tilkynnir samþykktta fyrirtækinu formlega um samþykkið.
 2. Í þeim tilvikum þegar málsmeðferð við óbeint samþykki er notuð fyrir samþykki á breytingunum í samræmi við c-lið M.A.704 í þessum viðauka (M-hluta) skal lögbæra yfirvaldið tryggja alla eftirfarandi þætti:
 i. að breytingarnar verði minni háttar,
 ii. að það hafi nægilegt eftirlit með samþykki fyrir breytingunum til að tryggja að þær uppfylli áfram kröfur þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- ff) Ákvæði III. viðbætis eru leiðrétt sem hér segir:
 i. Í stað orðalagsins varðandi vottun á EASA-eyðublaði nr. 15b kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða A-þátt V. viðauka b (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

[TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014:“.

ii. Í stað útgáfunúmers EASA-eyðublaðs nr. 15b kemur „6. útgáfa“.

gg) Taflan í 13. lið IV. viðbætis er leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað reitanna sem svara til áritunar A2 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A2 Flugvélar að hámarki 5700 kg	[Tilgreina skal framleiðanda, hóp, röð eða tegund flugvélar og/eða viðhaldsverkefni] <i>Dæmi: DHC-6 Twin Otter-röðin</i> Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfi-staðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki.	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

ii. Í stað reitanna sem svara til áritunar A4 kemur eftirfarandi:

„FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN	AÐALVIÐHALD	LEIÐARVIÐHALD
LOFTFÖR	A4 Loftför nema A1, A2 og A3	[Tilgreina skal gerð loftfars (svif-fluga, loftbelgur, loftskip, o.s.frv.), framleiðanda eða hóp eða röð eða tegund og/eða viðhaldsverkefni] Tilgreina skal hvort útgáfa lofthæfi-staðfestingarvottorða sé heimiluð eða ekki.	[JÁ/NEI] (*)	[JÁ/NEI] (*)“.

hh) Í stað V. viðbætis kemur eftirfarandi:

„V. viðbætur

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði, sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfastaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt lið ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau lofthæfi sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.

SKILYRÐI:

1. Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
2. Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykta viðhaldsfyrirtækisins.
3. Þetta vottorð gildir á meðan samþykta viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
4. Með fyrirvara um að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi verið lagt inn, annað hafi komið í þess stað, ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 5. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

Bl. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(****)
	(***)	(****)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
AÐRIR ÍHLUTIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykktar viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis:

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 5. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimilud eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).“

ii. Eftirfarandi VI. viðbæti er bætt við sem hér segir:

„VI. viðbæti

Vottorð fyrir fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 14-MG

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrði, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMLISFANG]

er fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingavottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi, eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.

SKILYRÐI

- Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktari starfsemlýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi eins og um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- Forsenda þessa vottorðs er að fylgst sé verklagsreglunum sem tilgreindar eru í starfsemlýsinguinni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- Þetta vottorð gildir á meðan samþykktu fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfurnar skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin uppfylli gildandi samningsskyldur.
- Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.
Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númeri flugrekandaskírteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði 6, 7 og 8, koma í staðinn fyrir skilyrði 5:
- Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskírteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
- Þetta vottorð ógildist sjálfkrafa með tilliti til þeirra loftfara sem skráð eru á flugrekandaskírteininu ef flugrekandaskírteinið fellur úr gildi, er fellt tímabundið úr gildi eða það afturkallað, nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
- Svo fremi að skilyrði 1–4, 6 og 7 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. september 2021 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS (*)]

Bls. 1 af 2

Bls. 2 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).MG.XXXX

(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessi skilmálar samþykkis takmarkast við gildissvið verksviðsins sem tilgreint er í þættinum um samþykta starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi

Tilvísun í starfsemis lýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKIS *]

EASA-eyðublað nr. 14-MG, 5. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Falli brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

jj) Í stað 3. liðar a-liðar í VIII. viðbæti kemur eftirfarandi:

„3. Flugmaðurinn sem er jafnframt eigandi loftfarsins (eða CAMO- eða CAO-fyrirtækið sem hann hefur samið við) ber ábyrgð á að tilgreina verkefni flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfars, í samræmi við þessar grundvallarreglur í viðhaldsáætluninni og að tryggja að skjalið sé uppfært tímanlega.“

2) Ákvæði II. viðauka eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður 145.A.30 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað fyrsta málsliðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„Fyrirtækið skal staðfesta og hafa eftirlit með hæfni starfsfólks sem vinnur við viðhald, staðfestingu á lofthæfi, stjórnun og/eða gæðaúttektir í samræmi við verklagsreglu og staðal sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á.“

ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) Ef fyrirtækið annast staðfestingu á lofthæfi og gefur út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð í samræmi við M.L.903 í V. viðauka b (ML-hluta), skal það hafa starfsfólk með réttindi sem hefur heimild til að annast staðfestingu á lofthæfi og uppfyllir allar eftirfarandi kröfur:

1. það skal hafa undir höndum heimild fyrir viðhaldsvotta viðkomandi loftfars,
2. það skal hafa a.m.k. þriggja ára reynslu sem viðhaldsvottar,
3. það skal starfa óháð stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins, sem verið er að staðfesta, eða bera heildarábyrgð á stjórnunarferli varðandi áframhaldandi lofthæfi loftfarsins sem verið er að staðfesta,
4. það skal hafa öðlast þekkingu á C-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða C-kafla V. viðauka b (ML-hluta),
5. það skal hafa öðlast viðurkennda þekkingu á þeim ferlum viðhaldsfyrirtækisins sem skipta máli fyrir staðfestingu á lofthæfi og útgáfu lofthæfistaðfestingarvottorðs,

6. það skal hafa fengið formlega viðurkenningu lögbæra yfirvaldsins eftir að hafa framkvæmt staðfestingu á lofthæfi undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins eða undir eftirliti starfsfólks fyrirtækisins, sem annast staðfestingu á lofthæfi, í samræmi við aðferð sem lögbæra yfirvaldið samþykkir,
7. það skal hafa annast a.m.k. eina staðfestingu á lofthæfi á undangengnu tólf mánaða tímabili.“
- b) Í stað d-liðar 145.A.48 kemur eftirfarandi:
- „d) að stuðst sé við gögn, sem tilgreind eru í M.A.304 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.304 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, þegar skemmdir eru metnar og breytingar og viðgerðir framkvæmdar.“
- c) Í stað annars málsliðar d-liðar 145.A.50 kemur eftirfarandi:
- „Opinbert viðhaldsvottorðið „EASA-eyðublað nr. 1“, sem um getur í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), telst vera viðhaldsvottorð fyrir íhlutinn, nema annað sé tilgreint í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.502 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- d) Liður 145.A.55 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:
- „a) Fyrirtækið skal skrá allar upplýsingar um þau viðhaldsverk sem unnin eru. Fyrirtækið skal að lágmarki varðveita skrár sem nauðsynlegar eru til að sanna að öllum kröfum hefur verið fullnægt fyrir útgáfu viðhaldsvottorðs, þ.m.t. afhendingarskjöl undirverktaka, og fyrir útgáfu allra lofthæfistaðfestingavottorða.
- b) Fyrirtækið skal láta eiganda/flugrekanda loftfarsins í té afrit af öllum viðhaldsvottorðum ásamt afriti af sundurliðaðri viðhaldsskrá í tengslum við þá vinnu sem framkvæmd hefur verið og nauðsynleg er til að sýna fram á að farið sé að kröfum M.A.305 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.305 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- ii. Í stað fyrsta málsliðar c-liðar kemur eftirfarandi:
- „Fyrirtækið skal varðveita afrit af öllum sundurliðuðum viðhaldsskrám og tilheyrandi viðhaldsgögnum í þrjú ár frá þeim degi sem viðhaldsvottorð var gefið út fyrir loftfar eða íhlut sem unnið var við. Fyrirtækið skal auk þess varðveita afrit af öllum gögnum sem tengjast útgáfu lofthæfistaðfestingavottorða í þrjú ár frá útgáfudegi og láta eiganda loftfarsins í té afrit af þessum gögnum.“
- e) Í stað 12. liðar a-liðar 145.A.70 kemur eftirfarandi:
- „12. verklagsreglur og gæðakerfi, sem fyrirtækið hefur komið á samkvæmt liðum 145.A.25 til 145.A.90 í þessum viðauka (145. hluta), og hvers konar viðbótarverklagsreglur sem fylgja á í samræmi við I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- f) Ákvæði III. viðbætis eru leiðrétt sem hér segir:
- i. Í stað orðalagsins varðandi vottun á bls. 1 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-145 kemur eftirfarandi:
- "Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:
- [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMLISFANG]**
- er viðhaldsfyrirtæki í samræmi við A-þátt í II. viðauka (145. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út lofthæfistaðfestingavottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við þá reglugerð að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis.“
- ii. Í töflunni á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-145 kemur „(****)“ í stað textans í línunum fyrir „LOFTFAR“ í dálkinum „TAKMÖRKUN“.
- 3) Í stað 10. áfanga í 2. lið I. viðbætis III. viðauka (66. hluta) kemur eftirfarandi:

„10. ÁFANGI. LÖG UM LOFTFERÐIR

	STIG			
	A	B1	B2 B2L	B3
10.1 <i>Reglurami</i> Hlutverk Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Hlutverk framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Hlutverk Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA). Hlutverk aðildarríkjanna og flugmálayfirvalda þeirra. Reglugerð (ESB) 2018/1139, reglugerð (ESB) nr. 748/2012, reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerð (ESB) nr. 376/2014. Tengsl á milli mismunandi viðauka (hluta) reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 og reglugerðar (ESB) nr. 965/2012.	1	1	1	1
10.2 <i>Viðhaldsvottar — Viðhald</i> Ítarleg þekking á 66. hluta.	2	2	2	2
10.3 <i>Samþykkt viðhaldsfyrirtæki</i> Ítarleg þekking á 145. hluta og F-kafla M-hluta.	2	2	2	2
10.4 <i>Flugrekstur</i> Almennur þekking á reglugerð (ESB) nr. 965/2012. Flugrekandaskírteini. Ábyrgð flugrekanda, einkum varðandi áframhaldandi lofthæfi og viðhald. Viðhaldsáætlun fyrir loftför. Listi yfir lágmarksbúnað/listi yfir leyfð frávik í ytri búnaði loftfars fyrir flug. Skjöl sem skulu vera um borð. Skilti (merkingar) í loftförum.	1	1	1	1
10.5 <i>Vottun tiltekinna loffara, hluta og búnaðar</i> a) Almenn ákvæði Almenn þekking á 21. hluta og vottunarforskriftum Flugöryggisstofnunar Evrópu CS-23, 25, 27, 29.	—	1	1	1
b) Skjöl Lofthæfivottorð, takmörkuð lofthæfivottorð og flugleyfi. Skráningarskírteini. Hljóðstígsvottorð. Vigtunaráætlun. Fjarskiptastöðvarskírteini og -samþykki.	—	2	2	2
10.6 <i>Áframhaldandi lofthæfi</i> Ítarleg þekking á ákvæðum 21. hluta sem tengjast áframhaldandi lofthæfi. Ítarleg þekking á M-hluta.	2	2	2	2
10.7 <i>Gildandi landsbundnar og alþjóðlegar kröfur er varða (ef kröfur ESB leysa þær ekki af hólmi):</i> a) Viðhaldsáætlanir, viðhaldsefirlit og viðhaldsskoðanir. Lofthæfifyrirmæli. Þjónustutilkynningar og þjónustuupplýsingar framleiðanda. Breytingar og viðgerðir. Viðhaldsskjöl: viðhaldshandbækur, handbækur um viðgerðir á burðarvirki, skrá með skýringarmyndum af hlutum o.s.frv. Eingöngu fyrir skírteini í flokkum A til B2: Grunnlista yfir lágmarksbúnað (MMEL), lista yfir lágmarksbúnað (MEL) og leiðbeiningalista fyrir flug með skertan búnað (DDL), b) Áframhaldandi lofthæfi. Kröfur um lágmarksbúnað — reynsluflug. Eingöngu fyrir skírteini í flokkum B1 og B2: Fjarflug (ETOPS), kröfur um viðhald og afgreiðslu. Starfræksla í skertu skyggni, starfræksla í flokki 2 eða 3.	1	2	2	2
	—	1	1	1“.

4) Á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 11 í II. viðbæti við IV. viðauka (147. hluta) kemur „6. útgáfa“ í stað útgáfunúmersins sem tilgreint er þar.

5) Í stað A-kafla B-þátta í efnisyfirliti V. viðauka a (T-hluta) kemur eftirfarandi:

„A-kafla — Almenn ákvæði

T.B.101 Gildissvið

T.B.102 Lögbært yfirvald

T.B.104 Skráahald

T.B.105 Gagnkvæm skipti á upplýsingum“.

6) Ákvæði V. viðauka b (ML-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Liður ML.A.201 er leiðréttur sem hér segir:

i. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) vera samþykktur sem CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfars síns, í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða gera samning við slíkt fyrirtæki með því að nota samninginn sem settur er fram í I. viðbæti við þennan viðauka.“

ii. Í stað fyrsta málsliðar f-liðar kemur eftirfarandi:

„Til að uppfylla kröfur a-liðar getur eigandi loftfars, sem fellur ekki undir e-lið, gert samning við fyrirtæki, sem er samþykkt sem CAMO- eða CAO-fyrirtæki í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), um að annast þau verkefni sem tengjast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi.“

iii. Í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) Ef loftfar, sem skráð er á flugrekandaskírteini, er notað við starfrækslu sem er ekki í ábataskyni eða sérteka starfrækslu samkvæmt lið ORO.GEN.310 í III. viðauka eða lið NCO.GEN.104 í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (*), skal flugrekandinn tryggja að verkefni, sem tengjast áframhaldandi lofthæfi séu framkvæmd af CAMO-fyrirtækinu, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta), G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða af CAO-fyrirtækinu, sem er viðurkennt í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).“

b) Ákvæði b-liðar ML.A.901 eru leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3) samþykktu viðhaldsfyrirtæki samhliða því sem það framkvæmir 100 klst./árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins.“

ii. Í stað inngangsorða 4. liðar kemur eftirfarandi:

„4) að því er varðar loftför, sem eru starfrækt skv. VII. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 965/2012 (NCO-hluta), eða, ef um er að ræða loftbelgi, sem ekki eru starfræktir samkvæmt ADD-kafla II. viðauka (BOP-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 (*), eða, ef um er að ræða sviffflugur, sem fara ekki að kröfum DEC-kafla II. viðauka (SAO-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/1976 (**), óháðum viðhaldsvottum samhliða því sem þeir framkvæma 100 klst./árlegu skoðunina, sem er að finna í viðhaldsáætlun loftfarsins þegar þeir eru handhafar:

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

(**) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffuga samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).“

c) Í stað b-liðar ML.A.904 kemur eftirfarandi:

„b) Starfsfólk, sem annast staðfestingu á lofthæfi fyrir hönd fyrirtækis, sem um getur í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), skulu hafa réttindi í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á.“

d) Í stað d-liðar ML.B.902 kemur eftirfarandi:

„d) Þegar lögbæra yfirvaldið staðfestir lofthæfi skal það hafa aðgang að viðeigandi gögnum, sem tilgreind eru í ML.A.305 og ML.A.401.“

e) Í stað fyrsta málsliðar í III. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Öll eftirfarandi verkefni teljast flókin viðhaldsverkefni sem flugmaðurinn, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, má ekki framkvæma skv. II. viðbæti. Þessi verkefni skulu annaðhvort framkvæmd af samþykktu viðhaldsfyrirtæki eða óháðum viðhaldsvottum.“

7) Ákvæði V. viðauka c (CAMO-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:

a) Efnisyfirlitið er leiðrétt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnar CAMO.A.125 kemur eftirfarandi:

„Skilmálar samþykkis og réttindi fyrirtækisins“.

ii. Í stað fyrirsagnar CAMO.A.300 kemur eftirfarandi:

„Starfsemislýsing fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (CAME)“.

iii. Eftirfarandi færslu er bætt við:

„I. viðbætur — Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi - EASA-eyðublað nr. 14“.

- b) Liður CAMO.A.125 er leiðréttur sem hér segir:
- i. Í stað 4. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð samkvæmt skilyrðunum í f-lið M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
 - ii. Eftirfarandi 5. liður d-liðar bætist við:

„5) að samþykkja viðkomandi viðhaldsáætlun fyrir loftför, í samræmi við 2. lið b-liðar ML.A.302, að því er varðar loftför sem er stjórnað í samræmi við V. viðauka b (ML-hluta).“
 - iii. Í stað 1. liðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„1) „gefá út tilheyrandi lofthæfistaðfestingarvottorð og framlengja það í tæka tíð samkvæmt þeim skilyrðum sem um getur í 2. lið c-liðar og 2. lið e-liðar M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á.“
- c) Í stað c-liðar CAMO.A.300 kemur eftirfarandi:
- „c) Meðhöndla skal breytingar á starfsemis lýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi í samræmi við verklagsregluna sem um getur í iv. og v. lið 11. liðar a-liðar. Lögð bært yfirvald skal samþykkja allar breytingar, sem falla ekki undir gildissvið verklagsreglunnar sem um getur í iv. lið 11. liðar a-liðar, sem og breytingar sem tengjast breytingunum sem eru tilgreindar í a-lið CAMO.A.130.“
- d) Í stað 2. liðar c-liðar CAMO.A.315 kemur eftirfarandi:
- „2) að þær aðferðir sem krafist er samkvæmt b-, c-, f- og g-lið M.A.301 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.301 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, séu skýrt tilgreindar.“
- e) Í stað liðar CAMO.A.325 kemur eftirfarandi:
- „CAMO.A.325 **Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**
- Fyrirtækið skal haf undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna í tengslum við áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAMO.A.315 í þessum viðauka (CAMO-hluta). Eigandinn eða flugrekandinn getur lagt þessi gögn fram að því tilskildu að viðeigandi samningur hafi verið gerður við þennan eiganda eða flugrekanda. Í slíku tilviki skal fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, aðeins geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi nema þegar þeirra er krafist samkvæmt a-lið CAMO.A.220.“
- 8) Ákvæði V. viðauka d (CAO-hluta) eru leiðrétt sem hér segir:
- a) Efnisyfirlitið er leiðrétt sem hér segir:
 - i. Færslan fyrir CAO.B.015 fellur brott.
 - ii. Í stað fyrirsagnar við CAO.B.045 kemur eftirfarandi:

„Upphafsfærli vegna vottunar“.
 - iii. Í stað fyrirsagnar CAO.B.050 kemur eftirfarandi:

„Útgáfa fyrsta vottorðs“.
 - iv. Í stað fyrirsagnar I. viðbættis kemur eftirfarandi:

„Vottorð fyrirtækis sem annast samsett verkefni vegna lofthæfis (CAO) — EASA-eyðublað nr. 3-CAO“.
 - b) Í stað a-liðar CAO.A.017 kemur eftirfarandi:

„a) Fyrirtæki má nota aðrar aðferðir til að uppfylla kröfur í staðinn fyrir viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur, sem Flugöryggisstofnunin samþykkir, til að staðfesta að kröfur reglugerðar (ESB) 2018/1139 og framkvæmdargerða og framseldra gerða hennar séu uppfylltar.“
 - c) Í stað liðar CAO.A.080 kemur eftirfarandi:

„CAO.A.080 **Gögn um stjórnun á áframhaldandi lofthæfi**

CAO-fyrirtækið skal hafa undir höndum og nota viðeigandi, gildandi viðhaldsgögn í samræmi við M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, við framkvæmd verkefna er lúta að stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem um getur í CAO.A.075 í þessum viðauka (CAMO-hluta). Eigandinn getur lagt þessi gögn fram, með fyrirvara um samning eins og um getur í 2. lið h-liðar M.A.201 eða 1. lið i-liðar M.A.201 eða 3. lið i-liðar í I. viðauka (M-hluta) eða 1. lið e-liðar ML.A.201 eða f-liðar ML.A.201 í V. viðauka b (ML-hluta), en í því tilviki þarf CAO-fyrirtækið eingöngu að geyma slík gögn meðan samningurinn er í gildi, nema því beri að halda gögnunum eftir samkvæmt b-lið CAO.A.090 í þessum viðauka (CAO-hluta).“
 - d) Í stað CAO.A.085 kemur eftirfarandi:

„CAO.A.085 **Staðfesting á lofthæfi**

CAO-fyrirtækið skal annast staðfestingu á lofthæfi í samræmi við M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

- e) Í stað 4. liðar b-liðar í CAO.A.095 kemur eftirfarandi:
 - „4) að framlengja lofthæfistaðfestingarvottorð, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi, öðru fyrirtæki eða öðrum aðila, eftir því sem við á, í samræmi við f-lið M.A.901 í I viðauka (M-hluta) eða c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).“
- f) Í CAO.B.045 fellur h-liður brott.
- g) Í stað a-liðar CAO.B.050 kemur eftirfarandi:
 - „a) Þegar lögbæra yfirvaldið hefur staðfest að umsækjandinn uppfylli ákvæði CAO.B.045 skal það gefa út vottorðið með því að nota sniðmátið að EASA-eyðublaði nr. 3-CAO sem mælt er fyrir um í I. viðbæti og tilgreina skilmála samþykkis.“
- h) Í töflunni á bls. 2 af 2 á EASA-eyðublaði nr. 3-CAO í I. viðbæti kemur „ NDT“ í stað textans í dálkinum „RÉTTINDI“ (**), í línunni „SÉRHÆFÐ ÞJÓNUSTA (**)“.

Fylgiskjal 3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1159**

frá 5. ágúst 2020

**um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640
að því er varðar innleiðingu nýrra viðbótarlofthæfikrafna**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum h-lið 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 gefur Flugöryggisstofnun Evrópusambandsins („Flugöryggisstofnunin“) út vottunarskriftir og uppfærir þær reglulega. Ef hönnun loftfars hefur þegar verið vottuð þarf loftfarið þó hvorki að uppfylla uppfærða útgáfu af vottunarskriftunum á framleiðslutíma né starfrækslutíma sínum. Til að viðhalda flugöryggi og umhverfiskröfum á háu stigi í Sambandinu ætti því að setja kröfu um að slík loftför uppfylli viðbótarlofthæfikröfur, sem voru ekki hluti af upphaflegu vottunarskriftinni á þeim tíma sem hönnunin var vottuð. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 ⁽²⁾ eru settar fram slíkar viðbótarlofthæfikröfur. Þeirri reglugerð ætti nú að breyta til að bæta við nýjum kröfum um eldri loftför.
- 2) Árið 2007 gaf Flugöryggisstofnunin út viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur 20-20 (AMC 20-20) þar sem veittar eru tæknilegar leiðbeiningar um þróun áætlunar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem miðar að því að tryggja örugga starfrækslu eldri loftfara á endingartíma þeirra. Sökum þess að viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur eru ekki bindandi í eðli sínu er þessum leiðbeiningum e.t.v. ekki beitt með samræmdum hætti í Sambandinu. Sem stendur kunna því nú að vera í notkun stór loftför sem voru hönnuð, breytt eða lagfærð án þess að raunverulega hafi verið tekið tillit til mats á viktörkum tjóns, útbreiddra málmþreytuskemmda og varna gegn tæringu. Í því skyni að koma í veg fyrir stórfelldar bilanir af völdum málmþreytu, þ.m.t. útbreiddra málmþreytuskemmda og tæringar, ætti að fella inn í reglugerð (ESB) 2015/640 viðbótarlofthæfikröfur varðandi eldri loftför.
- 3) Líta má svo á að öldrunarþættir byrji að hafa áhrif frá þeirri stundu sem loftfarið var framleitt. Öldrunarhraði loftfars byggist á þáttum svo sem aldri, fjölda notkunarSKIPTA í flugi og fjölda flugtíma. Íhlutir loftfars eldast mishratt og nokkrir öldrunarþáttanna eru málmþreyta vegna endurtekinna notkunarSKIPTA, slit, hrörnun og tæring. Ef ekki er haldið nægilega vel utan um þessa þætti á endingartíma loftfarsins gætu þeir valdið alvarlegum öryggisvandamálum. Reynsla af notkun hefur sýnt að nauðsynlegt er að uppfæra stöðugt þekkingu um heilleika burðarvirkis eldra loftfars. Því ætti að fella inn í reglugerð (ESB) 2015/640 nýjar kröfur um reglulega uppfærslu á þekkingu varðandi öldrunarþætti á grundvelli reynslu af starfrækslu á rauntíma og notkun nútímatækja fyrir greiningar og prófanir.
- 4) Með þessum kröfum, sem gerðar eru til eldri loftfara, ætti að tryggja að handhafar hönnunarsamþykkis taki saman gögn og fylgi þeim málsmeðferðarreglum, leiðbeiningum og handbókum sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir öldrunartengda bilun í burðarvirki vegna tæringar og málmþreytu og geri þær tiltækar flugrekendum. Til að ná þessu fram ætti handhöfum hönnunarsamþykkis að vera skylt að þróa alhliða áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis (e. *continuing structural integrity programme*) fyrir tegund loftfars og meta fyrirbyggjandi breytingar og hönnun viðgerðar m.t.t. viktmarka tjóns [áður skemmdarþol]. Á sama tíma ætti flugrekendum að vera skylt að fella þessi gögn inn í viðhaldsáætlun sína sem og að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem breytingar og viðgerðir kunna að hafa á hvern flugsbrokk og á tilheyrandi kröfur um viðhald.
- 5) Til að tryggja að gögn, málsmeðferðarreglur, leiðbeiningar og handbækur, sem tekin eru saman á grundvelli þessara nýju krafna, séu einnig notuð í tengslum við viðhald á stórum flugvélum er nauðsynlegt að í lið M.A.302 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽³⁾ sé tilvísun í kröfum sem felldar eru inn í 26. hluta í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2015/640.
- 6) Sem stendur eru nokkur hundruð stór loftför skráð í aðildarríkjunum sem búin eru farm- eða farangursrými í D-flokki. Hættan á óstöðvandi eldi í þessari tegund rýma er talin mikil, einkum að teknu tilliti til þess að fjöldi litúmrafhlaðna í farm- eða farangursrými hefur aukist undanfarin ár, til viðbótar við greinda áhættu af völdum óáhitaþækkunar og þeim eldum sem af rafhlöðunum hlýst.
- 7) Í september 2007 innleiddi Flugöryggisstofnunin nýja hönnunarstaðla sem fella brott farm- og farangursrými í D-flokki úr vottunarskriftunum fyrir stórar flugvélar. Þessir staðlar miðuðu að því að draga úr hættu á áverkum eða dauðaslysum ef upp kæmi eldur í farm- eða farangursrými meðan á flugi stóð, en þeir gilda aðeins um stórar flugvélar sem vottaðar eru á grundvelli beiðna sem gerðar eru eftir september 2007. Að teknu tilliti til þess að tilteknar stórar flugvélar uppfylla mögulega

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8. 2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/640 frá 23. apríl 2015 um viðbótarlofthæfisfröfur fyrir tiltekna tegund starfrækslu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 965/2012 (Stjtið. ESB L 106, 24.4.2015, bls. 18).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

ekki þessa staðla og að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu starfrækslu stórra flugvéla ættu þessir staðlar nú að gilda um allar stórar flugvélar sem eru í notkun og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað.

- 8) Síðastliðna áratugi hefur það að loftfar fari út fyrir flugbraut (e. *runway excursion*) átt stóran þátt í slysum á heimsvísu og skapað verulega áhættu fyrir flugöryggi. Samkvæmt árlegu öryggismati Flugöryggisstofnunar Evrópu árið 2018 var það að loftfar fer út fyrir flugbraut skilgreint sem annar af tveimur stærstu áhættuþáttunum. Enn fremur voru 30% slysa án dauðsfalla rakin til þess að loftför fóru út fyrir flugbraut innan sama tímabils og fyrir sama mannfjölda. Fjöldi tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbraut í landingu hefur aukist í samræmi við vaxandi umferð. Þar eð gert er ráð fyrir því flugumferð aukist áfram, bæði á heimsvísu og í Evrópu, má einnig búast við því að fjöldi tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbraut muni aukast ef ekki er gripið til aðgerða.
- 9) Í janúar 2020 innleiddi Flugöryggisstofnunin nýja hönnunarstaðla að því er varðar uppsetningu á kerfum sem ætlað er að aðstoða flugliða við ákvarðanatöku í aðflugi og landingu. Markmiðið með þessum stöðlum er að milda áhættuna á því að loftfar fari út fyrir flugbrautina í landingu. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og áhættu af starfrækslu stórra flugvéla ættu þessir nýju staðlar nú að gilda um allar stórar flugvélar sem eru í notkun og sem Flugöryggisstofnunin hefur vottað.
- 10) Því ætti að breyta reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og (ESB) nr. 2015/640 til samræmis við það. Með hliðsjón af COVID-19 faraldrinum, sem nú herjar á, hefur umbreytingartímabili verið bætt við til að forðast aukni álag fyrir iðnaðinn meðan á þessu hættuástandi stendur og til að greiða fyrir því að farið sé að þeim nýju reglum og málmeðferðarreglum sem eru innleiddar með þessari reglugerð.
- 11) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitum nr. 12/2016 ⁽⁴⁾ og álitum 04/2019 ⁽⁵⁾ sem Flugöryggisstofnunin gaf út í samræmi við 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 12) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 3. mgr. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um almennar viðbótarlofthæfiforskriftir varðandi áframhaldandi lofthæfi og öryggisúrþætur fyrir loftför.
2. Þessi reglugerð gildir um:
 - a) flugrekendur:
 - i. loftfara sem eru skráð í aðildarríki,
 - ii. loftfara sem eru skráð í þriðja landi en þar sem aðildarríki ber ábyrgð á eftirliti með flugrekandanum sem notar þau,
 - b) handhafa tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbórtategundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerða, sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012* eða sem telst hafa verið gefið út í samræmi við 3. gr. þeirrar reglugerðar,
 - c) umsækjendur um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð fyrir stóra flugvél með hverfihreyfli, sem lögðu fram umsókn sína fyrir 1. janúar 2019 og fengu vottorðið útgefið eftir 26. ágúst 2020, ef það er tilgreint í I. viðauka (26. hluta).

* Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).“

- 2) Í 2. gr. bætast eftirfarandi e- til o- liðir við:

- „e) „gildismörk“ (e. *limit of validity*, LOV): tímabil, í tengslum við tæknilegu gögnin sem styðja viðhaldsáætlun burðarvirkis, gefið upp sem fjöldi uppsafnaðra notkunarskipta í flugi eða flugtíma eða bæði, þar sem sýnt er fram á að ekki muni koma til útbreiddra málmþreytuskemmda í flugvélinni,
- f) „þáttur um lofthæfitakmarkanir“ (ALS): kafli í leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi, eins og krafist er í liðum 21.A.61, 21.A.107 og 21.A.120A í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, sem inniheldur lofthæfitakmarkanir þar sem fram kemur tími fyrirskipaðra skipta á hlutum, tíminn milli skoðana og tilheyrandi skoðunarreglur,
- g) „áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni“ (e. *corrosion prevention and control programme*, CPCP): skjal sem endurspeglar kerfisbundna nálgun til að verjast og hafa eftirlit með tæringu í aðalburðarvirki flugvélar, sem

⁽⁴⁾ Álit 12/2016: Burðarvirki eldri loftfara (*Ageing aircraft structures*).

⁽⁵⁾ Álit 04/2019: Fækkun tilvika þar sem loftfar fer út fyrir flugbrautina og fækkun rýma í D-flokki (*Reduction of runway excursions and Class D compartments*)

samanstendur af grunntæringarverkefnum, þ.m.t. skoðunum, svæðum sem falla undir þessi verkefni, skilgreindum tæringarstigum og tímafrestum til að uppfylla kröfurnar (viðmiðunarmörk fyrir framkvæmd og tími milli endurtekninga); handhafi tegundarvottorðs kemur á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni, sem flugrekendur geta aðlagð til að koma á fót, innan ramma viðhaldsáætlunar sinnar, áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni sem er sértæk fyrir starfsemi þeirra,

- h) „útbreidd málmþreytuskemmd“ (e. *widespread fatigue damage*, WFD): þegar margar sprungur eru til staðar samtímis í burðarvirki flugvélar þar sem stærð þeirra og fjöldi eru slík að burðarvirkið mun ekki lengur uppfylla þann bilantrausta styrkleika (e. *fail-safe strength*) eða þann styrkleika sem eftir er (e. *residual strength*) og notaður er við vottun á burðarvirkinu,
 - i) „grunnburðarvirki“: vísar til burðarvirkisins sem er hannað samkvæmt tegundarvottorðinu fyrir viðkomandi tegund flugvélar (þ.e. „sú útfærsla flugvélategundarinnar sem afhent er“),
 - j) „málmþreytugjörn grunnburðarvirki“ (e. *fatigue-critical baseline structure*, FCBS): grunnburðarvirki flugvélar sem handhafi tegundarvottorðs flokkar sem málmþreytugjarnt burðarvirki,
 - k) „málmþreytugjörn breytt burðarvirki“ (e. *fatigue-critical modified structure*, FCMS): öll málmþreytugjörn burðarvirki í flugvél sem hefur verið bætt við eða sem orðið hafa fyrir áhrifum vegna breytingar á tegundarhönnun og eru ekki þegar skráð sem hluti af málmþreytugjörnu grunnburðarvirki,
 - l) „mat á vikmörkum tjóns“ (e. *damage tolerance evaluation*, DTE): ferli sem leiðir til ákvörðunar á þeim viðhaldsaðgerðum sem nauðsynlegar eru til að greina eða útiloka sprungumyndun vegna málmþreytu sem gæti stuðlað að stórfelldri bilun; þegar mat á vikmörkum tjóns er framkvæmt m.t.t. viðgerða og breytinga felur það í sér mat á viðkomandi viðgerð eða breytingu og því málmþreytugjarna burðarvirki sem viðgerðin eða breytingin hefur áhrif á,
 - m) „skoðun á vikmörkum tjóns“ (e. *damage tolerance inspection*, DTI): skjalfest krafa um skoðun eða aðra viðhaldsaðgerð sem handhafar tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs þróa í kjölfar mats á vikmörkum tjóns. Skoðun á vikmörkum tjóns felur í sér svæðin sem skoða skal, skoðunaraðferðina, verklagsreglur við skoðun (þ.m.t. röð skoðunaráfanga og samþykkis- og höfnunarviðmiðanir), viðmiðunarmörk skoðunar og öll tímabil milli endurtekninga sem tengjast þessum skoðunum; í skoðun á vikmörkum tjóns má einnig tilgreina viðhaldsaðgerðir svo sem útskipti, viðgerð eða breytingu,
 - n) „leiðbeiningar um mat á viðgerðum“ (e. *repair evaluation guideline*, REG): ferli sem handhafi tegundarvottorðs kemur á fót, sem veitir flugrekendum leiðbeiningar við að koma á fót skoðunum á vikmörkum tjóns að því er varðar viðgerðir, sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki, til að tryggja áframhaldandi heilleika burðarvirkis í tengslum við allar viðeigandi viðgerðir,
 - o) „málmþreytugjörn burðarvirki“ (e. *fatigue-critical structure*, FCS): burðarvirki flugvélar sem er viðkvæmt fyrir sprungumyndun vegna málmþreytu sem gæti leitt til stórfelldrar bilunar á flugvélinni.“
- 3) Ákvæðum I. viðauka (26. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 26. febrúar 2021, að undanskildum 4. lið II. viðauka sem kemur til framkvæmda 26. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Í d-lið liðar M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 bætist eftirfarandi 3. liður við:
 „3. gildandi ákvæðum I. viðauka (26. hluta) við reglugerð (ESB) 2015/640.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka (26. hluta) við reglugerð (ESB) 2015/640 er breytt sem hér segir:

1) Í stað efnisyfirlitsins kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

26. hluti

VIÐBÓTARLOFTHÆFIFORSKRIFTIR SEM GILDA UM STARFRÆKSLU
EFNISYFIRLIT

A-KAFLI – ALMENN ÁKVÆÐI

- 26.10 Lögbært yfirvald
- 26.20 Tímabundið óstarfhæfur búnaður
- 26.30 Sýnt fram á að kröfur séu uppfylltar

B-KAFLI – STÓRAR FLUGVÉLAR

- 26.50 Sæti, legurúm, öryggisbelti og öryggistugi
- 26.60 Nauðlending á landi — hreyfifræðileg skilyrði
- 26.100 Staðsetning neyðarútganga
- 26.105 Aðgangur að neyðarútgöngum
- 26.110 Merkingar neyðarútganga
- 26.120 Neyðarlýsing inni í vélinni og notkun neyðarljósa
- 26.150 Rými að innanverðu
- 26.155 Eldfimi klæðningar í farmrými
- 26.156 Varmaeinangrandi eða hljóðeinangrandi efni
- 26.157 Breyting á rýmum í D-flokki
- 26.160 Brunavarnir á salemum
- 26.170 Slökkvitæki
- 26.200 Lendingarbúnaður – viðvörunarhljóð
- 26.205 Viðvörunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda (e. *runway overrun awareness and alerting systems*)
- 26.250 Stýrikerfi stjórnklefahurðar — ef einn flugliði verður óstarfhæfur
- 26.300 Áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla – almennar kröfur
- 26.301 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa (takmarkaðra) tegundarvottorða
- 26.302 Mat á vikmörkum málmþreytu og tjóns
- 26.303 Gildismörk (e. *limit of validity*)
- 26.304 Áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni
- 26.305 Gildi áætlunarinnar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis
- 26.306 Málmþreytugjörn grunnburðarvirki
- 26.307 Gögn um vikmörk tjóns vegna fyrirbyggjandi breytinga á málmþreytugjörnu burðarvirki
- 26.308 Gögn um vikmörk tjóns vegna fyrirbyggjandi viðgerða á málmþreytugjörnu burðarvirki

- 26.309 Leiðbeiningar um mat á viðgerðum
- 26.330 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar gildandi viðbótartegundarvottorð (STC), aðrar fyrirleggjandi meiri háttar breytingar og fyrirleggjandi viðgerðir, sem hafa áhrif á þessar breytingar eða viðbótartegundarvottorð
- 26.331 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa viðbótartegundarvottorða
- 26.332 Auðkenning á breytingum sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki
- 26.333 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og viðgerðir, sem varða þau viðbótartegundarvottorð, sem samþykkt eru 1. september 2003 eða síðar
- 26.334 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og aðrar breytingar og viðgerðir, sem varða þessar breytingar, sem samþykktar eru fyrir 1. september 2003
- 26.370 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi og viðhaldsáætlun fyrir loftför

KAFLI C — STÓRAR ÞYRLUR

26.400 Slökkvitæki

I. viðbætur — Skrá yfir tegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka (26. hluta):

2) Í stað liðar 26.10 kemur eftirfarandi:

„26.10 Lögbært yfirvald

- Að því er varðar þennan viðauka telst lögbært yfirvald, en gagnvart því þurfa flugrekendur að færa sönnur fyrir því að loftför sem eru með vottaða hönnun uppfylli kröfurnar í þessum viðauka, vera það yfirvald sem tilnefnt er af því aðildarríki þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar.
- Að því er varðar þennan viðauka telst Flugöryggisstofnunin vera lögbæra yfirvaldið, en gagnvart því þurfa handhafar tegundarvottorða, takmarkaðra tegundarvottorða, viðbótartegundarvottorða, samþykkja fyrir breytingum og hönnun viðgerða að færa sönnur fyrir því að gildandi tegundarvottorð, viðbótartegundarvottorð, samþykki fyrir breytingu og hönnun viðgerða uppfylli kröfurnar í þessum viðauka.“

3) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 26.30:

a) Í stað a- og b-liðar kemur eftirfarandi:

- „a) Í samræmi við 3. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139 skal Flugöryggisstofnunin gefa út vottunarforskriftir sem staðlaða leið til að færa sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar. Vottunarforskriftirnar skulu vera nægilega ítarlegar og sértækar til að gefa til kynna skilyrðin fyrir því hvernig færa megi sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar.
- Flugrekendur og handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerðar geta sýnt fram á að farið sé að kröfunum í þessum viðauka með því að fara að annaðhvort:
 - forskriftunum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út skv. a-lið þessa liðar, eða jafngildum vottunarforskriftum, sem Flugöryggisstofnunin gefur út samkvæmt lið 21.B.70 í I. viðauka reglugerðar (ESB) nr. 748/2012 eða
 - tæknistöðlum, sem veita sambærilegt öryggisstig og það sem tilgreint er í þessum vottunarforskriftum.“

b) Eftirfarandi c-liður bætist við:

- „c) Handhafar tegundarvottorðs, takmarkaðs tegundarvottorðs, viðbótartegundarvottorðs eða samþykkis fyrir breytingu og hönnun viðgerða skulu gera upplýsingar um hvers kyns breytingar á leiðbeiningunum um áframhaldandi lofthæfi (ICA), sem krafist er til að færa sönnur fyrir því að kröfur þessa viðauka séu uppfylltar, aðgengilegar hverjum þekktum flugrekanda flugvéla. Að því er varðar þessa reglugerð skulu leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi (ICA) einnig innihalda skoðanir á vikmörkum tjóns (DTI), leiðbeiningar um mat á viðgerðum (REG), grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni (CPCP) og skrá yfir málmþreytugjörn burðarvirki (FCS) og þætti um lofthæfitakmarkanir (ALS).“

4) Eftirfarandi liður 26.157 bætist við:

„26.157 Breyting á rýmum í D-flokki

Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs, með tegundarvottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar skulu tryggja eftirfarandi:

- fyrir flugvélar sem notaðar eru til farþegaflutninga, að hvert farm- eða farangursrými í D-flokki, án tillits til umfangs þess, uppfylli vottunarforskriftirnar sem gilda um rými í C-flokki,
- fyrir flugvélar sem eru eingöngu notaðar til farmflutninga, að hvert farmrými í D-flokki, án tillits til umfangs þess, uppfylli vottunarforskriftirnar sem gilda um rými í annaðhvort C-flokki eða E-flokki.“

5) Eftirfarandi liður 26.205 bætist við:

„26.205 Viðvörðunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda

- a) Flugrekendur stórra flugvéla, sem notaðar eru til flutningaflugs, skulu tryggja að allar flugvélar, sem fengu útgefið sérstakt lofthæfivottorð í fyrsta sinn 1. janúar 2025 eða síðar, séu búnar viðvörðunarkerfi til þess að fyrirbyggja að farið sé út fyrir flugbrautarenda.
 - b) Þetta kerfi skal hannað með þeim hætti að draga megi úr áhættunni á því að loftfar fari til hliðar út af flugbrautinni við landingu með því að vara flugliða, á flugi og á jörðu niðri, við því að flugvélin eigi á hættu að geta ekki stoppað innan tiltækrar vegalengdar að flugbrautarenda.“
- 6) Eftirfarandi liðir 26.300, 26.301, 26.302, 26.303, 26.304, 26.305, 26.306, 26.307, 26.308, 26.309, 26.330, 26.331, 26.332, 26.333, 26.334 og 26.370 bætast við:

„26.300 Áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla – almennar kröfur

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyfli, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót áætlun um áframhaldandi heilleika burðarvirkis fyrir burðarvirki eldri flugvéla, sem skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 26.301 til 26.309.
- b) Ákvæði a-liðar skulu ekki gilda um tegund flugvélar sem fékk útgefið tegundarvottorð fyrir 26. febrúar 2021 og sem uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrði:
 - i. hún er skráð í töflu A.1 í 1. viðbæti þessa viðauka,
 - ii. hún er ekki starfrækt eftir 26. febrúar 2021,
 - iii. hún hefur ekki verið vottuð til að stunda almenningsflug með farmþunga eða farþega,
 - iv. hún hefur takmarkað tegundarvottorð, sem gefið var út fyrir 26. febrúar 2021 í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluáðgerðir handhafa samþykkis,
 - v. hún er vottuð með takmörkuðu tegundarvottorði og er fyrst og fremst hönnuð fyrir slökkvistarf.

Undanþágurnar, sem kveðið er á um í ii.-v. lið b-liðar, gilda aðeins eftir að handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs hefur, eigi síðar en 27. maí 2021, lagt fyrir Flugöryggisstofnunina skrá til samþykktar þar sem tegund og undirtegund flugvélar, afbrigði eða raðnúmer eru auðkennd sem og upplýsingar sem styðja ástæður þess að flugvélinni er bætt í skrána.

- c) Að því er varðar flugvélategund, sem fékk tegundarvottorð útgefið í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021 og þar sem fyrirleggjandi breyting eða viðgerð hefur ekki verið gerð og verður ekki gerð á flugvél í starfrækslu 26. febrúar 2022 eða seinna, skulu ákvæði ii. og iii. liðar a-liðar 26.307 og ii. liðar a-liðar 26.308 ekki gilda ef handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs hefur lagt fram skrá yfir allar breytingar og viðgerðir fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.

26.301 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa (takmarkaðra) tegundarvottorða

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal:
 - i. koma á fót áætlun um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem lýsir því hvernig fyrirhugað er að sýna fram á að kröfurnar, sem settar eru í fram í liðum 26.302 til 26.309, hafi verið uppfylltar,
 - ii. leggja áætlunina um reglufylgni fyrir áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem um getur í i. lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis eigi síðar en 27. maí 2021.
- b) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c- lið 2. mgr. 1. gr., skal:
 - i. koma á fót áætlun um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem lýsir því hvernig fyrirhugað er að sýna fram á að kröfurnar, sem settar eru í fram í liðum 26.303 til 26.306, hafi verið uppfylltar,
 - ii. leggja áætlunina um reglufylgni varðandi áframhaldandi heilleika burðarvirkis, sem um getur í i. lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis eigi síðar en 27. maí 2021 eða fyrir útgáfu vottorðsins, hvort sem gerist seinna.

26.302 Mat á vikmörkum málmþreytu og tjóns

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal meta málmþreytu og vikmörk tjóns á burðarvirki flugvélarinnar og þróa verklagsreglur fyrir skoðun á vikmörkum tjóns (DTI) sem mun koma í veg fyrir stórfelldar bilanir af völdum málmþreytu á endingartíma flugvélarinnar.
- b) Nema Flugöryggisstofnunin hafi þegar samþykkt gögnin sem lýsa skoðuninni á vikmörkum tjóns, sem um getur í a-lið, í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs leggja þessi gögn fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.

26.303 Gildismörk

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, og sem er með skráða hámarksflugtaksþyngd sem er meiri en 34 019 kg (75 000 pund) skal:

- i. fastsetja gildismörk og bæta viðkomandi gildismörkum við í breytingu á þættinum um lofthæfitakmarkanir,
- ii. bera kennsl á fyrirliggjandi og nýjar viðhaldsaðgerðir, sem hafa áhrif á gildismörkin, og taka saman þjónustuupplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir flugrekendur til að innleiða þessar viðhaldsaðgerðir, og leggja þær fyrir Flugöryggisstofnunina í samræmi við bindandi tímaáætlun, sem samið er um við Flugöryggisstofnunina.

Þær útfærslur af burðarvirkjum flugvéla sem meta skal í þeim tilgangi að fastsetja gildismörk eru m.a. öll tegundarafbrigði og skyldar tegundir, sem samþykkt eru samkvæmt tegundarvottorðinu fyrir 26. febrúar 2021, sem og allar breytingar og endurbætur sem gerðar hafa verið á burðarvirkjum þessara flugvéla, sem krafist er samkvæmt lofthæfifyrirmælum sem gefin eru út fyrir 26. febrúar 2021.

Þrátt fyrir ii. lið a-liðar skal þess ekki krafist að handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum taki saman og leggi fyrir Flugöryggisstofnunina þjónustuupplýsingar um viðhaldsaðgerðir, sem gilda um tegund flugvélar sem ekki verður starfrækt áfram eftir þann tíma sem áætlað er að þjónustuupplýsingar um viðkomandi viðhaldsaðgerð verði lagðar fram. Til að þessi undanþága taki gildi skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs upplýsa Flugöryggisstofnunina um það eigi síðar en daginn sem hætt verður að starfrækja viðkomandi tegund flugvélar.

- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar þau gildismörk sem fastsett eru í samræmi við a-lið og breytinguna á þættinum um lofthæfitakmarkanir, sem um getur í þeim lið, sem og bindandi tímaáætlun, áður en frestimir, sem fastsettir eru í i.-iii. lið, renna út:
 - i. 26. ágúst 2022 að því er varðar málmþreytugjörn burðarvirki með vottunargrunn sem felur ekki í sér mat á vökmörkum tjóns,
 - ii. 26. febrúar 2026 að því er varðar burðarvirki flugvélar sem gengst undir alhliða málmþreytuþrófun á þeim degi sem þessi breytingarreglugerð öðlast gildi,
 - iii. 26. febrúar 2025 að því er varðar öll önnur burðarvirki flugvéla.
- c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum og hámarksflugtaksþyngd (MTOW) yfir 34 019 kg (75 000 pund) skal:
 - i. fastsetja gildismörk og bæta viðkomandi gildismörkum við í þáttinn um lofthæfitakmarkanir,
 - ii. bera kennsl á fyrirliggjandi og nýjar viðhaldsaðgerðir, sem hafa áhrif á gildismörkin, og taka saman þjónustuupplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir flugrekendur til að innleiða þessar viðhaldsaðgerðir, og leggja þær fyrir Flugöryggisstofnunina í samræmi við bindandi tímaáætlun, sem samið er um við Flugöryggisstofnunina.
- d) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., skal leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykktar þau gildismörk sem fastsett eru í samræmi við c-lið og þáttinn um lofthæfitakmarkanir, sem um getur í þeirri málsgrein, sem og bindandi tímaáætlun.
- e) Eftirfarandi frestir gilda um þær skuldbindingar sem um getur í d-lið:
 - i. fyrir þann dag sem Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt í áætlun umsækjandans til að ljúka prófunum og greiningum á þeim burðarvirkjum flugvéla, sem framkvæma þarf nýja alhliða málmþreytuþrófun á, til að fastsetja gildismörkin,
 - ii. fyrir 26. febrúar 2025 fyrir öll önnur burðarvirki flugvélarinnar.

26.304 Áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni.
- b) Nema Flugöryggisstofnunin hafi þegar samþykkt grunnáætlunina, sem um getur í a-lið, um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni, í samræmi við 1. lið c-liðar liðar 21.A.3B í 1. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í skýrslu stjórnarinnar um endurskoðun á viðhaldi sem Flugöryggisstofnunar hefur samþykkt, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs leggja áætlunina um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.
- c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, eins og um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., skal koma á fót grunnáætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni áður en tegundarvottorðið er gefið út.

26.305 Gildi áætlunarinnar um áframhaldandi heilleika burðarvirkis

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, skal koma á fót og innleiða ferli sem tryggir að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar, að teknu tilliti til reynslu af notkun og núverandi starfrækslu.
- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja lýsingu á ferlinu, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023. Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal innleiða ferlið innan við 6 mánuðum eftir að Flugöryggisstofnun hefur samþykkt það.
- c) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, skal koma á fót og innleiða ferli sem tryggir að áætlunin um áframhaldandi heilleika burðarvirkis haldi gildi sínu allan endingartíma flugvélarinnar, að teknu tilliti til reynslu af notkun og núverandi starfrækslu. Hann skal

leggja lýsingu á ferlinu fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023 eða fyrir útgáfu vottorðsins, eftir því hvort kemur síðar, og skal innleiða ferlið innan við 6 mánuðum eftir að Flugöryggisstofnun hefur samþykkt það.

26.306 Málmpreytugjörn grunnburðarvirki

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og þar sem umsókn um tegundarvottorð var lögð fram fyrir 1. janúar 2019, sem má flytja 30 farþega eða fleiri eða er með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal auðkenna og skrá þau grunnburðarvirki sem eru málmpreytugjörn að því er varðar öll tegundarafbrigði flugvéla og skyldar tegundir sem eru skráð í tegundarvottorðinu eða takmarkaða tegundarvottorðinu.
- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja skrána yfir burðarvirkin, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2021.
- c) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána, sem um getur í a-lið, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.330 og 26.370.
- d) Umsækjandi um tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem veita á vottun til að flytja 30 farþega eða fleiri eða er með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal auðkenna og skrá þau grunnburðarvirki sem eru málmpreytugjörn að því er varðar öll tegundarafbrigði og skyldar tegundir flugvéla sem eru skráð í tegundarvottorðinu eða takmarkaða tegundarvottorðinu. Hann skal leggja skrána yfir þessi burðarvirki fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2021 eða áður en vottorðið er gefið út, eftir því hvort kemur síðar.
- e) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána, sem um getur í d-lið, skal umsækjandi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs, sem um getur í c-lið 2. mgr. 1. gr., gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.370.

26.307 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar fyrirliggjandi breytingar á málmpreytugjörnu burðarvirki

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal, að því er varðar breytingar og málmpreytugjörn, breytt burðarvirki (FCMS) sem lágu fyrir 26. febrúar 2021:
 - i. endurskoða fyrirliggjandi breytingar á hönnun og bera kennsl á allar breytingar, sem hafa áhrif á málmpreytugjörn grunnburðarvirki og sem auðkenndar eru í samræmi við lið 26.306,
 - ii. að því er varðar hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, bera kennsl á öll tilheyrandi málmpreytugjörn, breytt burðarvirki,
 - iii. að því er varðar hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, framkvæma mat á vikmörkum tjóns og koma á fót og skrá tilheyrandi skoðanir á vikmörkum tjóns.
- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja skrána yfir öll málmpreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við ii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.
- c) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, þ.m.t. skoðun á vikmörkum tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er, í samræmi við iii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. ágúst 2022.
- d) Þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána yfir málmpreytugjörn breytt burðarvirki, sem lögð er fram í samræmi við b-lið, skal handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs gera hana tiltæka flugrekendum og aðilum sem er skylt að fara að ákvæðunum í lið 26.330 og 26.370.

26.308 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar fyrirliggjandi viðgerðir á málmpreytugjörnum burðarvirkjum

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal, að því er varðar útgefin fyrirmæli um viðgerðir sem liggja fyrir 26. febrúar 2021:
 - i. rýna viðgerðargögnin og ákvarða út frá gögnunum hvaða viðgerðir hafa áhrif á málmpreytugjörn grunnburðarvirki og málmpreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við a-lið liðar 26.306 og ii. lið a-liðar 26.307,
 - ii. framkvæma mat á vikmörkum tjóns fyrir hverja þá viðgerð sem auðkennd hefur verið í samræmi við i. lið a-liðar, nema það hafi þegar verið gert.
- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, þ.m.t. skoðun á vikmörkum tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við ii. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. maí 2022, nema þau hafi þegar verið samþykkt í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.435 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 fyrir 26. ágúst 2022.

26.309 Leiðbeiningar um mat á viðgerðum

- a) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs fyrir stóra flugvél með hverfihreyflum, sem er með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira og sem er með tegundarvottorð eða takmarkað tegundarvottorð sem var gefið út fyrir 11. janúar 2008, skal semja leiðbeiningar um mat á viðgerðum til að koma á fót:

- i. ferli til að framkvæma könnun á flugvél sem verður fyrir áhrifum, sem gerir kleift að auðkenna og skrá allar fyrirbyggjandi viðgerðir sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við a-lið liðar 26.306 og ii. lið a-liðar 26.307,
 - ii. ferli sem gerir flugrekendum kleift að fá skoðun á vikmörkum tjóns að því er varðar viðgerðir sem auðkenndar eru í samræmi við i. lið a-liðar,
 - iii. framkvæmdaáætlun þar sem kveðið er á um tímamörk til að framkvæma kannanir á flugvél, fá skoðanir á vikmörkum tjóns og fella þessar skoðanir inn í viðhaldsáætlun flugrekanda flugvélarinnar.
- b) Handhafi tegundarvottorðs eða takmarkaðs tegundarvottorðs skal leggja leiðbeiningarnar um mat á viðgerðum, sem unnar eru í samræmi við a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023.

26.330 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar gildandi viðbótartegundarvottorð (STC), aðrar fyrirbyggjandi meiri háttar breytingar og fyrirbyggjandi viðgerðir, sem hafa áhrif á þessar breytingar eða viðbótartegundarvottorð

- a) Handhafi viðbótartegundarvottorðs, sem gefið hefur verið út fyrir 26. febrúar 2021 í tengslum við meiri háttar breytingu, eða meiri háttar breytingu sem telst samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 748/2012, að því er varðar stórar flugvélar sem eru með vottun frá 1. janúar 1958 eða síðar til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira, skal styðja við flugrekendur, sem er skylt að fara að ákvæðum ii. liðar a-liðar 26.370, með því að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem þessar breytingar og viðgerðir á þessum breytingum hafa á burðarvirki flugvélarinnar og skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 26.331 til 26.334.
- b) Ákvæði a-liðar gilda ekki um meiri háttar breytingar og viðgerðir á tegund flugvélar, sem var vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021, ef sú tegund flugvélar uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:
 - i. hún er skráð í töflu A.1 í 1. viðbæti,
 - ii. hún er ekki lengur í notkun eftir 26. febrúar 2021,
 - iii. hún hefur ekki verið vottuð til að stunda almenningsflug með farmþunga eða farþega,
 - iv. hún hefur takmarkað tegundarvottorð og hefur verið vottuð í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluadgerðir handhafa takmarkaðs tegundarvottorðs,
 - v. hún er vottuð með takmörkuðu tegundarvottorði og er hönnuð fyrst og fremst fyrir slökkvistarf.
- c) Ákvæði a-liðar gilda ekki um meiri háttar breytingar og viðgerðir á flugvél, sem var vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021, ef breytingarnar eða viðgerðirnar eru ekki og munu ekki verða framkvæmdar á flugvél í starfrækslu 26. ágúst 2022 eða seinna.
- d) Undanþágurnar, sem kveðið er á um í ii.-v. lið b-liðar og c-lið, gilda aðeins eftir að handhafi samþykkis fyrir breytingu leggur skrána yfir breytingar sem hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki, ásamt upplýsingum sem styðja ástæður þess að breytingu var bætt við í skrána, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022.

26.331 Áætlun um reglufylgni fyrir handhafa viðbótartegundarvottorða

Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal:

- a) koma á fót áætlun um reglufylgni þar sem tekið er tillit til krafna í liðum 26.332 til 26.334,
- b) leggja áætlunina um reglufylgni, sem um getur í a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 25. ágúst 2021.

26.332 Auðkenning á breytingum sem hafa áhrif á málmþreytugjörn burðarvirki

- a) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal:
 - i. rýna breytingarnar og auðkenna þær breytingar sem hafa áhrif á málmþreytugjörn grunnburðarvirki,
 - ii. fyrir hverja breytingu, sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar, bera kennsl á öll tilheyrandi málmþreytugjörn breytt burðarvirki,
 - iii. tilgreina hvaða úttefni fyrirmæli um viðgerðir hafa áhrif á hverja þá breytingu sem auðkennd er í samræmi við i. lið a-liðar.
- b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út 1. september 2003 eða seinna, skal taka saman skrá yfir breytingarnar og málmþreytugjörn breytt burðarvirki, sem auðkennd eru í samræmi við i. og ii. lið a-liðar, og leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022 og þegar Flugöryggisstofnunin hefur samþykkt skrána skal hann gera hana tiltæka aðilum og flugrekendum sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið b-liðar 26.370.
- c) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út fyrir 1. september 2003, skal:
 - i. taka saman skrá yfir breytingarnar, sem auðkenndar eru í samræmi við i. lið a-liðar, og leggja fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2022,
 - ii. ef flugrekandi, sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið a-liðar 26.370, óskar eftir samþykki fyrir breytingu, auðkenna og skrá öll málmþreytugjörn breytt burðarvirki sem tengjast breytingunni og leggja þessi gögn fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan 12 mánaða frá beiðni flugrekandans,
 - iii. þegar gögn, sem lögð hafa verið fram skv. i. og ii. lið c-liðar, hafa verið samþykkt, gera þau gögn tiltæk aðilum og flugrekendum sem er skylt að fara að ákvæðunum í ii. lið b-liðar 26.370.

26.333 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og viðgerðir, sem varða þau viðbótartegundarvottorð, sem samþykkt eru 1. september 2003 eða síðar

- a) Handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem gefið var út 1. september 2003 eða síðar, skal:
- i. að því er varðar breytingar og útgefin fyrirmæli um viðgerðir, sem auðkennd eru í samræmi við i. lið a-liðar 26.332 og iii. lið a-liðar 26.332, framkvæma mat á vikmörkum tjóns,
 - ii. koma á fót og skrá tilheyrandi skoðun á vikmörkum tjóns, nema hún hafi þegar farið fram.
- b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við i. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis fyrir 26. febrúar 2023, nema þau hafi þegar verið samþykkt í samræmi við lið 21.B.111 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- c) Þrátt fyrir b-lið skal handhafi samþykkis fyrir breytingu, sem um getur í a-lið, að því er varðar breytingar þar sem ekki var gerð krafa um mat á vikmörkum tjóns í vottunargrunninum, leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu á vikmörkum tjóns sem framkvæmt er í samræmi við a-lið, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan eftirfarandi tímamarka, eftir því hvort kemur síðar:
- i. áður en flugvél, sem viðkomandi breyting hefur verið framkvæmd á, er starfrækt í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 *eða
 - ii. eigi síðar en 26. febrúar 2023.

26.334 Gögn um vikmörk tjóns að því er varðar viðbótartegundarvottorð og aðrar breytingar og viðgerðir, sem varða þessar breytingar, sem samþykktar eru fyrir 1. september 2003

- a) Handhafi samþykkis fyrir breytingar, sem gefið var út fyrir 1. september 2003, skal:
- i. að því er varðar breytingar og útgefin fyrirmæli um viðgerðir, sem auðkennd eru í samræmi við i. lið a-liðar 26.332 og ii. lið a-liðar 26.332, framkvæma mat á vikmörkum tjóns,
 - ii. koma á fót og skrá tilheyrandi skoðun á vikmörkum tjóns, nema það hafi þegar verið gert.
- b) Handhafi samþykkis fyrir breytingu skal leggja gögnin um vikmörk tjóns, sem fengin eru úr matinu sem framkvæmt er í samræmi við i. lið a-liðar, fyrir Flugöryggisstofnunina til samþykkis innan eftirfarandi tímamarka, eftir því hvort kemur síðar:
- i. áður en flugvél, sem viðkomandi breyting hefur verið framkvæmd á, er starfrækt í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 eða
 - ii. eigi síðar en 26. febrúar 2023.

26.370 Verkefni í tengslum við áframhaldandi lofthæfi og viðhaldsáætlun fyrir loftför

- a) Flugrekendur eða eigendur stórra flugvéla með hverfihreyflum, sem eru með vottorð frá 1. janúar 1958 eða síðar, skulu tryggja áframhaldandi lofthæfi burðarvirkja eldri flugvéla með því að útbúa viðhaldsáætlun fyrir loftför, eins og kveðið er á um í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 **, sem skal innihalda:
- i. samþykta skoðunaráætlun fyrir vikmörk tjóns að því er varðar flugvélar sem vottaðar eru til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira,
 - ii. leiðir til að bregðast við þeim skaðlegu áhrifum sem viðgerðir og breytingar kunna hafa á málmþreytugjörn burðarvirki og á skoðanir sem kveðið er á um í i. lið a-liðar, að því er varðar flugvélar sem starfræktar eru í samræmi við IV. viðauka (CAT-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 965/2012 og vottuð er til að flytja 30 farþega eða fleiri eða með arðhleðslugetu sem nemur 3402 kg (7500 pundum) eða meira,
 - iii. samþykkt gildismörk, að því er varðar flugvélar sem vottaðar eru með hámarksflugtaksþyngd sem er meiri en 34 019 kg (75 000 pund),
 - iv. áætlun um vörn gegn tæringu og eftirlit með henni.
- b) Eftirfarandi tímamörk gilda um skuldbindinguna sem um getur í a-lið:
- i. viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal endurskoðuð til að taka mið af kröfunum í i., ii. og iv. lið a-liðar fyrir 26. febrúar 2024 eða áður en flugvélin er tekin í notkun, eftir því hvort kemur síðar,
 - ii. viðhaldsáætlunin fyrir loftför skal endurskoðuð til að taka mið af kröfunum í iii. lið a-liðar fyrir 26. ágúst 2021, 6 mánuðum eftir að gildismörk hafa verið gefin út eða áður en flugvélin er tekin í notkun, hvort heldur sem kemur síðar.
- c) Að því er varðar tegund flugvélar, sem er vottuð í fyrsta sinn fyrir 26. febrúar 2021 og:
- i. er ekki lengur í notkun eftir 26. febrúar 2024, gilda ákvæði i., ii. og iv. liðar a-liðar ekki,
 - ii. er ekki lengur í notkun eftir 26. ágúst 2021, gilda ákvæði iii. liðar a-liðar ekki,
 - iii. er með takmarkað tegundarvottorð, sem gefið er út fyrir 26. febrúar 2021 í samræmi við kröfur um vikmörk tjóns, að því tilskildu að hún sé ekki starfrækt umfram 75% af hönnunarþjónustumarkmiði sínu og er fyrst og fremst starfrækt til að styðja framleiðsluáðgerðir handhafa samþykkis, gilda ákvæði i., ii. og iv. liðar a-liðar ekki.
- d) Að því er varðar tegund flugvélar með takmarkað tegundarvottorð, sem gefið er út fyrir 26. febrúar 2021, og megin-tilgangur hennar er slökkvistarf gilda ákvæði i. og ii. liðar a-liðar ekki.

* Reglugerð (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).“

7) Eftirfarandi 1. viðbætur bætist við:

„1. viðbætur

Skrá yfir tegundir flugvéla sem falla ekki undir tiltekin ákvæði I. viðauka (26. hluta)

Tafla A.1

Handhafi tegundarvottorðs	Tegund	Undirtegundir	Ákvæði I. viðauka (26. hluta) sem gilda EKKI
The Boeing Company	707	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	720	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-10	DC-10-10 DC-10-30 DC-10-30F	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-8	Allar	26.301 til 26.334
The Boeing Company	DC-9	DC-9-11, DC-9-12, DC-9-13, DC-9-14, DC-9-15, DC-9-15F, DC-9-21, DC-9-31, DC-9-32, DC-9-32 (VC-9C), DC-9-32F, DC-9-32F (C-9A, C-9B), DC-9-33F, DC-9-34, DC-9-34F, DC-9-41, DC-9-51	26.301 til 26.334
The Boeing Company	MD-90	MD-90-30	26.301 til 26.334
FOKKER SERVICES B.V.	F27	Mark 100, 200, 300, 400, 500, 600, 700	26.301 til 26.334
FOKKER SERVICES B.V.	F28	Mark 1000, 1000C, 2000, 3000, 3000C, 3000R, 3000RC, 4000	26.301 til 26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-159	G-159 (Gulfstream I)	26.301 til 26.334
GULFSTREAM AEROSPACE CORP.	G-II_III_IV_V	G-1159A (GIII) G-1159B (GIIB) G-1159 (GII)	26.301 til 26.334
KELOWNA FLIGHTCRAFT LTD.	CONVAIR 340/440	440	26.301 til 26.334
LEARJET INC.	Learjet 24/25/31/36/35/55/60	24, 24A, 24B, 24B-A, 24D, 24D-A, 24F, 24F-A, 25, 25B, 25C, 25D, 25F	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	1329	Allar	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	188	Allar	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	382	382, 382B, 382E, 382F, 382G	26.301 til 26.334
LOCKHEED MARTIN CORPORATION	L-1011	Allar	26.301 til 26.334
PT. DIRGANTARA INDONESIA	CN-235	Allar	26.301 til 26.334
SABRELINER CORPORATION	NA-265	NA-265-65	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	SD3	SD3-30 Sherpa SD3 Sherpa	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	DHC-7	Allar	26.301 til 26.334
VIKING AIR LIMITED	CL-215	CL-215-6B11	26.301 til 26.334
TUPOLEV PUBLIC STOCK COMPANY	TU-204	204-120CE	26.301 til 26.334“.

Fylgiskjal 4.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/700**

frá 26. mars 2021

um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar viðhaldsgögn og ísetningu tiltekinna loftfarsíhluta meðan á viðhaldi stendur

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um áframhaldandi lofthæfi loftfara, þ.m.t. kröfur um ísetningu loftfarsíhluta.
- 2) Þegar nýr íhlutur er settur í loftfar meðan á viðhaldi stendur skal honum fylgja EASA-eyðublað nr. 1, sem gefið er út í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 ⁽³⁾, til að staðfesta að nýi íhluturinn samrýmist samþykktum hönnunargögnum.
- 3) Til að gera kröfur varðandi nýja íhluti hóflegri og skilvirkari var reglugerð (ESB) nr. 748/2012 nýlega breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 ⁽⁴⁾ til að fjarlægja kröfuna um vottun á samræmi nýrra íhluta, sem hafa óveruleg áhrif á öryggi starfrækslunnar ef þau samrýmast ekki hönnunargögnunum, og til að heimila ísetningu þeirra í tegundarvottaðar framleiðsluvörur án útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1.
- 4) Því ætti einnig að breyta reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að leyfa ísetningu slíkra nýrra íhluta meðan á viðhaldi stendur.
- 5) Fyrir íhluti sem er viðhaldið ætti að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að staðfesta að tilgreint viðhald á þessum íhlutum hafi farið fram í samræmi við gildandi kröfur.
- 6) Til að ná sama markmiði um meðalhóf og skilvirkni og í nýlega breyttri reglugerð (ESB) nr. 748/2012 ætti með reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að innleiða sömu tilslakanir að því er varðar viðhald íhluta þar sem ekki er krafa um útgáfu EASA-eyðublaðs nr. 1.
- 7) Reglugerð (ESB) nr. 748/2012 hefur verið breytt í tengslum við auðkenningu, samþykki, sniðmótun og tiltækileika leiðbeininga um áframhaldandi lofthæfi og með því að fastsetja þessar leiðbeiningar sem hluta af tegundarvottorði loftfars. Þetta hefur áhrif á skilgreiningu á viðeigandi viðhaldsgögnum í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, sem ætti því að breyta til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
- 8) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 ⁽⁵⁾ var innleitt umbreytingartímabil fyrir samþykki fyrirtækja sem koma að áframhaldandi lofthæfi, þ.m.t. viðhaldi. Þessu umbreytingartímabili lýkur 24. september 2021. Með hliðsjón af COVID-19 faraldrinum, sem nú herjar á, er nauðsynlegt að framlengja þetta umbreytingartímabil um sex mánuði til að forðast aukid álag fyrir iðnaðinn meðan á þessu hættuástandi stendur og til að greiða fyrir því að farið sé að þeim nýju reglum og málsméðferðarreglum sem eru innleiddar með þeirri reglugerð.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitu Flugöryggisstofnunar Evrópu nr. 07/2019 ⁽⁶⁾ í samræmi við b-lið 2. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 76. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.
- 10) Í 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 er tilvísun í gildistöku dag reglugerðar (ESB) 2019/1383 en þar ætti að vera tilvísun í þann dag sem hún kemur til framkvæmda. Því ætti að leiðrétta 5. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.
- 11) Í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 eru rangar tilvísanir í viðeigandi kröfur um réttindi viðhaldsvotta í M- og CAO-hluta. Því ætti að leiðrétta 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.
- 12) Ákvæði 7. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014 eru eins og ákvæði 7. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar. Í því skyni að eyða þessari tvítekingu ætti að leiðrétta 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1321/2014.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 frá 26. nóvember 2014 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði (Stjtið. ESB L 362, 17.12.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 748/2012 frá 3. ágúst 2012 um framkvæmdarreglur varðandi lofthæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og varðandi vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja (Stjtið. ESB L 224, 21.8.2012, bls. 1).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/699 frá 21. desember 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 að því er varðar leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi, um framleiðslu á hlutum sem nota á við viðhald og um að taka tillit til þátta sem tengjast öldrun loftfara við vottun (Stjtið. ESB L 145, 28.4.2021, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1383 frá 8. júlí 2019 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækja sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og tilslakanir fyrir loftför í almannaflugi að því er varðar viðhald og stjórnun á áframhaldandi lofthæfi (Stjtið. ESB L 228, 4.9.2019, bls. 1).

⁽⁶⁾ <https://www.easa.europa.eu/document-library/opinions>

- 13) Einnig ætti að leiðrétta nokkrar ritstjórnarvillur sem hafa haft í för með sér vandkvæði við túlkun tiltekinna ákvæða í I. og III. viðauka, V. viðauka b og V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 127. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

Samþykki fyrir fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi

1. Fyrirtæki sem koma að áframhaldandi lofthæfi loffhæfa og íhluta til ísetningar í þau, þ.m.t. viðhald, skulu hljóta samþykki, óski þau eftir því, lögbærs yfirvalds í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta), V. viðauka c (CAMO-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á fyrir hvert fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbæru yfirvaldi heimilt, fram til 24. september 2020, að gefa út samþykki fyrir fyrirtæki, óski þau eftir því, í samræmi við kröfur F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta). Öll samþykki, sem eru gefin út í samræmi við F- og G-kafla í I. viðauka (M-hluta), skulu gilda til 24. mars 2022.

3. Samþykkisvottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki, sem aðildarríki gefur út eða viðurkennir í samræmi við vottunarskrift JAR-145, sem um getur í II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 (*) og gildir fyrir 29. nóvember 2003, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við kröfurnar í II. viðauka (145. hluta) við þessa reglugerð.

4. Fyrirtæki, sem hafa gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki, sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða II. viðauka (145. hluta), skulu, óski þau eftir því, fá útgefið eyðublað 3-CAO frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í I. viðbæti við V. viðauka d (CAO-hluta) og vera eftir það undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta).

Réttindi slíks fyrirtækis samkvæmt samþykkinu, sem gefið er út í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), skulu vera þau sömu og réttindi samkvæmt samþykkinu sem gefið er út í samræmi við F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða við II. viðauka (145. hluta). Hins vegar skulu þessi réttindi ekki vera umfangsmeiri en réttindi fyrirtækis sem um getur í A-hluta V. viðauka d (CAO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAO.B.060 í V. viðauka d (CAO-hluta) er fyrirtækinu heimilt, til 24. mars 2022, að ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka d (CAO-hluta) og er ekki að finna í F- eða G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða í II. viðauka (145. hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. mars 2022 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

5. Fyrirtæki, sem hafa undir höndum gilt samþykkisvottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem gefið er út í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta), skulu, fari þau þess á leit, fá útgefið samþykkisvottorð á EASA-eyðublaði nr. 14 frá lögbæru yfirvaldi, eins og sett er fram í V. viðauka c (CAMO-hluta), og vera eftir það undir eftirliti lögbærs yfirvalds í samræmi við V. viðauka c (CAMO-hluta).

Þrátt fyrir lið CAMO.B.350 í V. viðauka c (CAMO-hluta), má fyrirtækið, fram til 24. mars 2022, ráða bót á öllum vanefndum gagnvart kröfum, sem voru settar fram í V. viðauka c (CAMO-hluta) og er ekki að finna í G-kafla I. viðauka (M-hluta).

Ef fyrirtækið hefur ekki leitt þessi frávik til lykta í síðasta lagi 24. mars 2022 skal afturkalla samþykkisvottorðið, takmarka það eða fella tímabundið úr gildi, að öllu leyti eða að hluta til.

6. Líta skal svo á að vottorð og samþykki viðhaldsáætlunar fyrir loftför, sem hafa verið gefin út samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1321/2014, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir 24. mars 2020, hafi verið veitt í samræmi við þessa reglugerð.

(*) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála (Stjtið. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4).“

- 2) Ákvæðum I. viðauka (M-hluta) er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 3) Ákvæðum II. viðauka (145. hluta) er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum V. viðauka b (ML-hluta) er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað 5. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„5. Viðhaldsáætlanir fyrir loftförin, sem um getur í a-lið 1. gr. og uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta), sem voru í gildi fyrir 24. mars 2020, skulu teljast uppfylla kröfurnar, sem tilgreindar eru í lið M.A.302 í I. viðauka (M-hluta) eða lið ML.A.302 í V. viðauka b (ML-hluta), eftir því sem við á, í samræmi við 1. og 2. mgr.“

- 2) Í stað 1. mgr. 5. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðhaldsvottar skulu hafa réttindi í samræmi við kröfur III. viðauka (66. hluta) nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í h-lið M.A.606, b-lið M.A.607, c-lið M.A.801 og í M.A.803 í I. viðauka (M-hluta) og í c-lið ML.A.801 og ML.A.803 í V. viðauka b (ML-hluta), í b-lið CAO.A.040 og c-lið CAO.A.040 í V. viðauka d (CAO-hluta) og í j-lið 145.A.30 og IV. viðbæti við II. viðauka (145. hluta).“

- 3) Í 8. gr. fellur 7. mgr. brott.
- 4) Ákvæði I. viðauka (M-hluta) eru leiðrétt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 5) Ákvæði III. viðauka (66. hluta) eru leiðrétt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Ákvæði V. viðauka b (ML-hluta) eru leiðrétt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 7) Ákvæði V. viðauka d (CAO-hluta) eru leiðrétt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 18. maí 2022, að undanskildum 1. lið 1. gr. og 5., 6. og 8. lið í I. viðauka, sem koma til framkvæmda frá og með 18. maí 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað iii. liðar 3. liðar e-liðar í M.A.305 kemur eftirfarandi:
 - „iii. viðhaldsvottorðið og yfirlýsing eiganda um samþykki fyrir alla íhluti sem eru uppsettir í ELA2-loftfar án EASA-eyðublaðs nr. 1, í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, en sem tekur til tímabils sem er eigi styttra en 36 mánuðir.“
- 2) Í stað b-liðar í M.A.401 kemur eftirfarandi:
 - „b) Í þessum viðauka er merking hugtaksins „viðeigandi viðhaldsgögn“ eitthvert af eftirfarandi:
 1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,
 2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli,
 3. viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og aðrar viðhaldsleiðbeiningar, sem gefnar eru út af handhafa tegundarvottorðs, handhafa viðbótartegundarvottorðs og sérhverju öðru fyrirtæki, sem birtir slík gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 4. að því er varðar íhluti, sem handhafi hönnunarsamþykkis hefur samþykkt til ísetningar, viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar sem framleiðendur íhluta gefa út og sem handhafi hönnunarsamþykkis samþykkir,
 5. viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.“
- 3) Í stað 1. liðar a-liðar í M.A.501 kemur eftirfarandi:
 - „1) Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 eða í þessum viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta).“
- 4) Í stað M.A.502 kemur eftirfarandi:

„M.A.502 **Viðhald íhluta**

 - a) Viðhaldsfyrirtæki, sem eru samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka eða í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við V. viðauka d (CAO-hluta), eftir því sem við á, skulu annast viðhald á íhlutum öðrum en þeim sem um getur í 2.–6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.
 - b) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í loftfarinu, að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta), eða í höndum viðhaldsvotta sem um getur í 1. lið b-liðar í M.A.801. Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn loftfars eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutar ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku viðhaldsfyrirtæki loftfars eða viðhaldsvottum er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.
 - c) Þrátt fyrir a-lið er heimilt, ef íhlut hefur verið komið fyrir í hreyflinum eða aukaflstöðinni (APU), að viðhald slíks íhlutar sé í höndum viðhaldsfyrirtækis fyrir hreyfla, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta). Slíkt viðhald skal framkvæmt í samræmi við viðhaldsgögn hreyfilsins eða aukaflstöðvarinnar eða í samræmi við viðhaldsgögn íhlutarins ef lögbært yfirvald samþykkir það. Slíku fyrirtæki með heimildir í B-flokki er heimilt að fjarlægja íhlutinn tímabundið vegna viðhalds ef það reynist nauðsynlegt til að auðvelda aðgengi að íhlutum, nema fjarlæging íhlutarins krefjist viðbótarviðhalds.
 - d) Viðhald íhluta, sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, ef íhlutum hefur verið komið fyrir í loftfarinu eða hefur verið fjarlægður tímabundið til að auðvelda aðgengi, skal vera í höndum viðhaldsfyrirtækis loftfars, sem er samþykkt í samræmi við F-kafla þessa viðauka, II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) eða, eftir því sem við á, í höndum viðhaldsvotta, sem um getur í 1. lið b-liðar M.A.801, eða í höndum flugmanns, sem er jafnframt eigandi loftfarsins, sem um getur í 2. lið b-liðar M.A.801. Að því er varðar viðhald íhlutar, sem fer fram í samræmi við þennan lið, er ekki heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara sem eru ákvarðaðar í M.A.801.
 - e) Viðhald íhluta, sem um getur í 3.–6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal vera í höndum fyrirtækisins sem um getur í a-lið eða í höndum aðila eða fyrirtækis og vottað með útgáfu „yfirlýsingar um framkvæmt viðhald“, sem gefið er út af þeim aðila eða því fyrirtæki sem framkvæmdi viðhaldið. „Yfirlýsing um framkvæmt viðhald“ skal a.m.k. innihalda grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvenær viðhaldinu var lokið og auðkenningu á því fyrirtæki eða þeim aðila sem gefur hana út. Yfirlýsingin skal teljast viðhaldsskrá og jafngilda EASA-eyðublaði nr. 1 að því er varðar íhlutinn sem hlýtur viðhald.“
- 5) Í stað inngangsorðanna í a-lið M.A.618 kemur eftirfarandi:
 - „a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. mars 2022, að því tilskildu.“

- 6) Í stað inngangsorðanna í a-lið M.A.715 kemur eftirfarandi:
 „a) Samþykki skal halda gildi sínu til 24. mars 2022, að því tilskildu.“
- 7) Í stað a-liðar í M.A.802 kemur eftirfarandi:
 „a) Gefa skal út viðhaldsvottorð í lok viðhalds á loftfarsíhlut, sem framkvæmt er í samræmi við M.A.502, nema um sé að ræða íhluti sem hafa fengið viðhaldsvottorð frá viðhaldsfyrirtæki, sem er samþykkt í samræmi við II. viðauka (145. hluta), og í þeim tilvikum sem falla undir e-lið M.A.502.“
- 8) Í stað V. og VI. viðbættis kemur eftirfarandi:

„V. viðbættir

Vottorð fyrir viðhaldsfyrirtæki sem um getur í F-kafla í I. viðauka (M-hluta) – EASA-eyðublað nr. 3-MF

Bls. 1 af 2

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

VOTTORÐ FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).MF.[XXXX]

Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðin, sem tilgreind eru hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er viðhaldsfyrirtæki sem uppfyllir kröfur F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014, sem hefur hlotið samþykki til að viðhalda framleiðsluvörum, hlutum og búnaði sem skráð eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis og til að gefa út tilheyrandi viðhaldsvottorð með framangreindum tilvísunarnúmerum og, þegar kveðið er á um slíkt, lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi, eins og tilgreint er í ML.A.903 í V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 að því er varðar þau loftför sem tilgreind eru í meðfylgjandi samþykkisskrá.

SKILYRÐI:

- Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í handbók viðhaldsfyrirtækisins, eins og um getur í F-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
- Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í handbók samþykktar viðhaldsfyrirtækisins.
- Þetta vottorð gildir á meðan samþykktar viðhaldsfyrirtækið uppfyllir kröfur skv. I. viðauka (M-hluta) og V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.
- Með fyrirvara um að framangreind skilyrði séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað fyrir þann dag.

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning endurskoðunar:

Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 6. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

Bls. 2 af 2

SKILMÁLAR SAMÞYKKIS FYRIR VIÐHALDSFYRIRTÆKI

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MF.XXXX

Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

FLOKKUR	ÁRITUN	TAKMÖRKUN
LOFTFÖR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
HREYFLAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
ÍHLUTIR AÐRIR EN FULLGERÐIR HREYFLAR EÐA AUKAFLSTÖÐVAR (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
	(***)	(***)
SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA (**)	(***)	(***)
	(***)	(***)

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við þær framleiðsluvörur, hluta og búnað og þá starfsemi sem tilgreind er í þættinum um verksvið í handbók samþykta viðhaldsfyrirtækisins.

Tilvísun í handbók viðhaldsfyrirtækis:

Upphaflegur útgáfudagur:

Dagsetning síðustu samþykktu endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Undirskrift:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

EASA-eyðublað nr. 3-MF, 6. útgáfa.

(*) Eða „EASA“ ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Stríka skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.

(***) Hér skal fylla inn viðeigandi áritun og takmörkun.

(****) Hér skal fylla inn viðeigandi takmörkun og tilgreina hvort útgáfa tilmæla og lofthæfistaðfestingarvottorða sé heimilud eða ekki (aðeins hægt fyrir ELA1-loftför sem ekki eru notuð við rekstur í ábataskyni þegar fyrirtækið framkvæmir staðfestingu á lofthæfi á sama tíma og árlegu skoðunina sem finna má í viðhaldsáætlun loftfarsins).

VI. viðbætur

Vottorð fyrir fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, sem um getur í G-kafla í I. viðauka (M-hluta) - EASA-eyðublað nr. 14-MG

[AÐILDARRÍKI (*)]

Aðildarríki Evrópusambandsins (**)

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI

VOTTORÐ

Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*)].MG.XXXX (tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)

Samkvæmt gildandi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 og með fyrirvara um skilyrðið, sem tilgreint er hér að neðan, vottar [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)] hér með að:

[HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]

er fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi og hefur hlotið samþykki samkvæmt G-kafla A-þáttar I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 til að annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfaranna, sem tilgreind eru í meðfylgjandi skilmálum samþykkis, og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út tilmæli og lofthæfistaðfestingarvottorð að lokinni staðfestingu á lofthæfi samkvæmt M.A.901 í I. viðauka (M-hluta) eða M.L.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta) og, þegar kveðið er á um slíkt, til að gefa út flugleyfi, eins og tilgreint er í c-lið M.A.711 í I. viðauka (M-hluta) við þá reglugerð.

SKILYRÐI

- Þetta vottorð takmarkast við þau atriði sem tilgreind eru í þættinum um verksvið í samþykktari starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, eins og um getur í G-kafla A-þáttar í I. viðauka (M-hluta) í reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
 - Forsenda þessa vottorðs er að fylgt sé verklagsreglum sem tilgreindar eru í starfsemislýsingunni fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi sem er samþykkt í samræmi við G-kafla I. viðauka (M-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
 - Þetta vottorð gildir á meðan samþykkt fyrirtækið, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, uppfyllir kröfum skv. I. viðauka (M-hluta), og, ef við á, skv. V. viðauka b (ML-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014.
 - Þegar fyrirtæki, sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi, semur við eitt eða fleiri fyrirtæki innan ramma eigin gæðakerfis, gildir þetta vottorð áfram, að því tilskildu að fyrirtækið eða fyrirtækin uppfylli gildandi samningsskyldur.
 - Svo fremi að skilyrði 1–4 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.
- Sé eyðublað þetta einnig notað fyrir flugrekendur, sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, skal númeri flugrekandaskirteinis bætt við tilvísunarnúmerið, til viðbótar við staðlaða númerið, og skulu eftirfarandi viðbótarskilyrði 6, 7 og 8, koma í staðinn fyrir skilyrði 5:
- Þetta vottorð er ekki heimild til að starfrækja þær tegundir loftfara sem um getur í skilyrði 1. Flugrekandaskirteinið veitir heimildina til að starfrækja loftfar.
 - Lok á gildistíma flugrekandaskirteinis, tímabundin ógilding eða afturköllun þess ógildir sjálfkrafa þetta vottorð í tengslum við skráningar þeirra loftfara sem tilgreindar eru í flugrekandaskirteininu nema annað sé tekið afdráttarlaust fram af hálfu lögbærra yfirvalda.
 - Svo fremi að skilyrði 1–4, 6 og 7 hér að framan séu uppfyllt heldur þetta vottorð gildi sínu til 24. mars 2022 nema það hafi þegar verið lagt inn, annað vottorð komið í þess stað, það ógilt tímabundið eða afturkallað.

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS (*)]

Bls. 1 af 2

FYRIRTÆKI SEM ANNAST STJÓRNUN Á ÁFRAMHALDANDI LOFTHÆFI			Bls. 2 af 2
SKILMÁLAR SAMÞYKKIS			
Tilvísun: [KÓÐI AÐILDARRÍKIS (*).MG.XXXX			
(tilvísunarnr. AOC XX.XXXX)			
Fyrirtæki: [HEITI FYRIRTÆKIS OG HEIMILISFANG]			
Tegund/röð/hópur loftfars	Staðfesting á lofthæfi heimiluð	Heimilt að veita flugleyfi	Fyrirtæki sem starfa samkvæmt gæðakerfi
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	
	[JÁ/NEI] (***)	[JÁ/NEI] (***)	

Þessir skilmálar samþykkis takmarkast við það sem tilgreint er í þættinum um verksvið í samþykktari starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi ...

Tilvísun í starfsemislýsingu fyrir stjórnun á áframhaldandi lofthæfi:

Upphaflegur útgáfudagur:

Undirskrift:

Dagsetning endurskoðunar: Númer endurskoðunar:

Fyrir hönd lögbærs yfirvalds: [LÖGBÆRT YFIRVALD AÐILDARRÍKISINS *]

EASA-eyðublað nr. 14-MG, 6. útgáfa.

(*) Eða EASA ef EASA er lögbæra yfirvaldið.

(**) Fellur brott fyrir ríki utan ESB eða EASA.

(***) Strika skal yfir það sem ekki á við, ef fyrirtæki er ekki samþykkt.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 145.A.42:
 - a) Í stað i. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:
 - „i. Íhlutir sem eru í viðunandi ástandi og hafa fengið viðhaldsvottorð á EASA-eyðublaði nr. 1, eða sambærilegu eyðublaði, og verið merktir í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, nema annað sé tekið fram í 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, í M.A.502 í I. viðauka (M-hluta), í ML.A.502 í III. viðauka (ML-hluta) eða í þessum viðauka (145. hluta).“
 - b) Í stað iv. liðar b-liðar kemur eftirfarandi:
 - „iv. Íhlutir sem um getur í 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012 skulu aðeins settir í ef eigandi loftfars telur þá hæfa til ísetningar í eigin loftför.“
- 2) Í stað b-liðar í 145.A.45 kemur eftirfarandi:
 - „b) Viðeigandi viðhaldsgögn eru þau gögn sem tilgreind eru í b-lið M.A.401 í I. viðauka (M-hluta) eða b-lið ML.A.401 í V. viðauka b (ML-hluta) eftir því sem við á.“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum V. viðauka b við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað b-liðar í ML.A.401 kemur eftirfarandi:
 - „b) Í þessum viðauka er merking hugtaksins „viðeigandi viðhaldsgögn“ eitthvert af eftirfarandi:
 1. viðeigandi kröfur, verklagsreglur, staðlar eða upplýsingar sem lögbæra yfirvaldið eða Flugöryggisstofnunin gefur út,
 2. viðeigandi lofthæfifyrirmæli,
 3. viðeigandi leiðbeiningar um áframhaldandi lofthæfi og aðrar viðhaldsleiðbeiningar, gefnar eru út af handhafa tegundarvottorðs, handhafa viðbótartegundarvottorðs og sérhverju öðru fyrirtæki sem birta gögn í samræmi við I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012,
 4. að því er varðar íhluti, sem handhafi hönnunarsamþykkis hefur samþykkt til ísetningar, viðeigandi viðhaldsleiðbeiningar sem framleiðendur íhluta gefa út og sem handhafi hönnunarsamþykkis samþykkir,
 5. viðeigandi gögn sem eru gefin út í samræmi við d-lið 145.A.45.“
- 2) Í stað a-liðar í ML.A.501 kemur eftirfarandi:
 - „a) Nema annað sé tekið fram í F-kafla I. viðauka (M-hluta), í II. viðauka (145. hluta), í V. viðauka d (CAO-hluta) við þessa reglugerð eða í lið 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, má aðeins setja íhlut í ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. hann er í viðunandi ástandi,
 - ii. gefið hefur verið út viðhaldsvottorð fyrir hann með EASA-eyðublaði nr. 1, eins og sett er fram í II. viðbæti I. viðauka (M-hluta), eða sambærilegu eyðublaði,
 - iii. hann hefur verið merktur í samræmi við Q-kafla I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012.“
- 3) Í stað a-liðar í ML.A.502 kemur eftirfarandi:
 - „a) Íhlutum, sem eigandi samþykkir í samræmi við 2. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012, skal viðhaldið af aðila eða fyrirtæki, með fyrirvara um endursamþykki eigandans samkvæmt skilyrðunum í 2. lið b-liðar 21.A.307 í þeim viðauka. Ekki er heimilt að gefa út EASA-eyðublað nr. 1 fyrir þetta viðhald, eins og sett er fram í II. viðbæti við I. viðauka (M-hluta), og skal það falla undir kröfur um viðhaldsvottorð loftfara.“
- 4) Eftirfarandi c-lið er bætt við ML.A.502:
 - „c) Aðilum eða fyrirtækjum er heimilt að framkvæma viðhald á íhlutum, sem um getur í 3. til 6. lið b-liðar 21.A.307 í I. viðauka (21. hluta) við reglugerð (ESB) nr. 748/2012. Í slíkum tilvikum skal viðhald á þessum íhlutum, þrátt fyrir ákvæði b-liðar, vottað með útgáfu „yfirlýsingar um framkvæmt viðhald“, sem gefið er út af þeim aðila eða því fyrirtæki sem framkvæmdi viðhaldið. „Yfirlýsing um framkvæmt viðhald“ skal a.m.k. innihalda grunnupplýsingar um það viðhald sem fór fram, hvenær viðhaldinu var lokið og auðkenningu á því fyrirtæki eða þeim aðila sem gefur hana út. Yfirlýsingin skal teljast viðhaldsskrá og jafngilda EASA-eyðublaði nr. 1 að því er varðar íhlutinn sem hlýtur viðhald.“
- 5) Í stað a-liðar í ML.A.802 kemur eftirfarandi:
 - „a) Að undanskildum tilvikum sem falla undir c-lið ML.A.502 skal viðhaldsvottorð fyrir íhluti gefið út eftir að nauðsynlegt viðhald hefur verið framkvæmt á lofffarsíhlut á tilhlýðilegan hátt í samræmi við ML.A.502.“

IV. VIÐAUKI

Ákvæði I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað 3. liðar h-liðar í M.A.201 kemur eftirfarandi:
 - „3) að CAMO-fyrirtækið eða CAO-fyrirtækið, sem um getur í 2. lið, hafi hlotið samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða sem CAO-fyrirtæki með viðhaldsréttindi, eða að viðkomandi CAMO- eða CAO-fyrirtæki hafi gert skriflegan samning við fyrirtæki sem hlotið hafa samþykki í samræmi við II. viðauka (145. hluta) eða í samræmi við F-kafla þessa viðauka (M-hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) með viðhaldsréttindi.“
- 2) Í stað d-liðar M.A.801 kemur eftirfarandi:
 - „d) Þegar viðhaldsvottorð er gefið út í samræmi við 1. lið b-liðar er viðhaldsvottum heimilt að njóta aðstoðar eins eða fleiri aðila, sem eru undir beinu og stöðugu eftirliti þeirra, við framkvæmd viðhaldsverkefnanna.“
- 3) Í stað inngangsorðanna í e-lið M.A.901 kemur eftirfarandi:
 - „e) „Að því er varðar loftför með hámarksflugtaksmassa 2730 kg eða þar undir, sem eru ekki notuð af flugrekendum sem hafa flugrekstrarleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1008/2008, getur sérhvertt CAMO-fyrirtæki eða CAO-fyrirtæki, sem eigandi eða flugrekandi velur í samræmi við e-lið CAMO.A.125 í V. viðauka c eða b-lið M.A.711 í þessum viðauka eða c-lið CAMO.A.095 í V. viðauka d, eftir því sem við á, svo framarlega sem kröfur j-liðar séu uppfylltar.“
- 4) Í stað orðalagsins varðandi vottun á EASA-eyðublaði nr. 15b í III. viðbæti kemur eftirfarandi:

„Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar eftirfarandi fyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki í samræmi við A-þátt V. viðauka c (CAMO-hluta) eða A-þátt G-kafla I. viðauka (M-hluta) eða A-þátt V. viðauka d (CAO-hluta) við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014,

[HEITI OG HEIMILISFANG SAMÞYKKTA FYRIRTÆKISINS]

[TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS]

hér með að það hafi annast staðfestingu á lofthæfi eftirfarandi loftfars samkvæmt M.A.901 í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014.“

V. VIÐAUKI

Ákvæði III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. liðar b-liðar 66.A.20 kemur eftirfarandi:
 - „1. að uppfylltum viðeigandi kröfum í I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta), V. viðauka b (ML-hluta) og V. viðauka d (CAO-hluta) og“.
- 2) Í stað fyrstu setningar a-liðar 66.A.25 kemur eftirfarandi:
 - „Að því er varðar skírteini önnur en skírteini í flokki L skal umsækjandi um skírteini flugvéltækis eða um viðbótarflokk eða -undirflokk í slíkt skírteini, sýna fram á með prófi kunnáttu í viðeigandi námsáföngum í samræmi við I. viðbæti við III. viðauka (66. hluta).“
- 3) Í stað 2. liðar b-liðar 66.B.120 kemur eftirfarandi:
 - „2. skal lögbæra yfirvaldið tilkynna handhafa skírteinisins um það, sem og sérhverju kunnna viðhaldsfyrirtæki, sem hlotið hefur samþykki samkvæmt F-kafla í I. viðauka (M-hluta), II. viðauka (145. hluta) eða V. viðauka d (CAO-hluta) og þetta kann að hafa bein áhrif á,“.
- 4) Í stað inngangsorðanna í E-kafla B-þáttar kemur eftirfarandi:
 - „Í þessum kafla er kveðið á um málsmeðferð við veitingu námsmats í samræmi við e-lið 66.A.25.“
- 5) Í stað 8. liðar 66.B.500 kemur eftirfarandi:
 - „8. gefið út viðhaldsvottorð án þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar.“
- 6) Í stað 2. liðar V. viðbætis kemur eftirfarandi:
 - „2. Lögbært yfirvald aðildarríkisins getur aðeins breytt EASA-eyðublaði nr. 19 til að bæta við nauðsynlegum upplýsingum í þeim tilvikum þar sem kröfur þess aðildarríkis leyfa eða krefjast þess að skírteini flugvéltækis, sem gefið er út í samræmi við III. viðauka (66. hluta), sé notað utan ramma þeirra krafna sem settar eru fram í þessari reglugerð.“

VI. VIÐAUKI

Ákvæði V. viðauka b við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorðanna í ML.A.901 kemur eftirfarandi:
 - „Til að tryggja að lofthæfivottorði sé í gildi skal reglulega láta staðfesta lofthæfi loftfara og endurskoða skrár þeirra yfir áframhaldandi lofthæfi.“

2) Í stað IV. viðbættis kemur eftirfarandi:

„Lofthæfistaðfestingarvottorð — EASA-eyðublað nr. 15c

ATHUGASEMD: aðilar og fyrirtæki, sem framkvæma staðfestingu á lofthæfi í tengslum við 100 klst./árlegu skoðunina, geta notað bakhlið þessa eyðublaðs til að gefa út viðhaldsvottorðið sem um getur í lið ML.A.801 og samsvarar 100 klst./árlegu skoðuninni.

LOFTHÆFISTADFESTINGARVOTTORÐ (ARC) (fyrir loftför sem samrýmast ákvæðum ML-hluta)	
Tilvísunarnúmer lofthæfistaðfestingarvottorðs: ...	
Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 vottar:	
[HEITI LÖGBÆRA YFIRVALDSINS] (**)	
hér með:	
<input type="checkbox"/>	...að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:
	[eða]
<input type="checkbox"/>	...eftirfarandi nýju loftfari:
Framleiðandi loftfars:	Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:
Einkennisstafir loftfars:	Raðnúmer loftfars:
(og) að þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar (ef við á):
[EÐA]	
[HEITI SAMÞYKKTS FYRIRTÆKIS, HEIMLISFANG og TILVÍSUNARNÚMER SAMÞYKKIS] (**)	
[eða]	
[FULLT HEITI VIÐHALDSVOTTA OG SKÍRTEINISNÚMER 66. HLUTA (EÐA LANDSBUNDIÐ JAFNGILDI ÞESS)] (**)	
hér með að staðfesting á lofthæfi hafi farið fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1321/2014 á eftirfarandi loftfari:	
Framleiðandi loftfars:	Tegundarnúmer framleiðanda fyrir loftfarið:
Einkennisstafir loftfars:	Raðnúmer loftfars:
(og) að þetta loftfar telst lofthæft við staðfestinguna.	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við dagsetningu staðfestingar (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar (ef við á):
=====	
Fyrsta framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:
=====	
Önnur framlenging: loftfarið uppfyllir skilyrðin í c-lið ML.A.901 í V. viðauka b (ML-hluta).	
Útgáfudagur:	Síðasti gildisdagur:
Flugtími flugskrokks (FH) við útgáfudag (*):	
Undirskrift:	Númer heimildar:
Heiti fyrirtækis:	Tilvísunarnúmer samþykkis:

(*) Að undanskildum loftbelgjum og loftskipum.

(**) Útgefandi eyðublaðsins getur sniðið það að sínum þörfum með því að eyða þeim heitum, vottunaryfirlýsingum, tilvisunum í viðkomandi loftfar og útgáfuupplýsingum sem skipta ekki máli í hans tilviki.

EASA-eyðublað nr. 15c, 4. útgáfa.“

VII. VIÐAUKI

Ákvæði V. viðauka d við reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 eru leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað 2. liðar a-liðar í CAO.A.045 kemur eftirfarandi:

„2) Það hafi viðeigandi skírteini, sem er gefið út í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar, eða prófgráðu á sviði flugs eða jafngildi hennar eða hafi öðlast reynslu af áframhaldandi lofthæfi til viðbótar við þá sem um getur í 1. lið sem nemur a.m.k. 2 árum að því er varðar svifflugur og loftbelgi og a.m.k. 4 árum að því er varðar öll önnur loftför.“

2) Í stað inngangsorðanna í a-lið CAO.A.105 kemur eftirfarandi:

„a) Til þess að lögbæra yfirvaldið geti ákvarðað hvort áfram sé farið að ákvæðum þessa viðauka skal CAO-fyrirtækið tilkynna því um allar tillögur að breytingum, er varða eftirfarandi atriði, áður en breytingarnar eru gerðar.“

B-deild – Útgáfudagur: 19. maí 2022